



**Aldrei fleiri nemendur
Finnur perlur og axarsköft
orðspor á örfáum sekúndum
Veit verkur í mjöðm á útsynning?
Tónlist örvar tengslamyndun
Hermann þóttist fá hjartastopp**

**Bensínbillinn
kvaddur**

Velkomin í

HÁSKÓLA ÍSLANDS



MBA nám HÍ

- > Mikil tenging við íslenskt atvinnulíf
- > Alþjóðlegt samstarf og erlendir fyrirlesarar
- > Greiður aðgangur að kennurum námsins
- > Framúrskarandi vinnuumhverfi



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Umsóknarfrestur fyrir MBA nám 2009-2011 er 5. maí nk.

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS KAPPKOSTAR AÐ STYÐJA VIÐ NEMENDUR SÍNA Í EINU OG ÖLLU

Það markar tímamót að skrá sig í háskóla. Háskólanám er ögrandi og kallar á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði einstaklingsins. Það er því mikilvægt við val á námi og í upphafi náms að vera óhrædd við að spyrja og leita ráða. Háskóli Íslands kappkostar að styðja við nemendur sína í einu og öllu.

Meginhlutverk háskóla er að skapa nýjan skilning stúdenta á margflóknum veruleika, þroska rökhugsun og auðga heimsmynd þeirra. Það hlutverk tekur Háskóli Íslands alvarlega og rækir af metnaði og alúð. Ungt fólk lítur nú á allan heiminn sem mennta- og atvinnuvettvang og sækir þangað sem best er að því búið. Þess vegna þarf Háskóli Íslands að vera alþjóðlegur háskóli og hann þarf að taka þátt í því að skapa ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Þekkingin á sér engin landamæri og íslenskir háskólar verða að vera hluti af alþjóðlegu menntakerfi. Þar er Háskóli Íslands í forystuhlutverki.

Hlutverk Háskóla Íslands er að veita nemendum framúrskarandi menntun, veita þeim prófgráður sem standast alþjóðlegan samanburð, veita þeim aðgang að og beina þeim að nýrri þekkingu og kveðja þá sjálförugga og vel búna til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu.

Við leggjum áherslu á að bæta nám og aðstöðu nemenda við Háskóla Íslands. Með opnun Háskólators er búið að skapa skólanum stórkostlega

umgjörð til að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Í Háskólatorsi eru glæsilegir fyrirlestrasalir, aðstaða til rannsókna, kennslustofur, tölvuver, lesrými, matsalur, þjónusta við stúdenta og starfsfólk. Jafnframt tengjast þessar byggingar öðrum byggingum og gerbreyta notkunarmöguleikum þeirra. Með tilkomu Háskólatorsins hefur Háskóli Íslands eignast sína miðju og hjarta og þangað eru allir velkomnir.

Markmið Háskóla Íslands er að vera í fremstu röð háskóla og að nota alþjóðlega viðurkennda mælikvarða við allt gæðamat á starfi skólans. Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. En við gerum líka miklar kröfur til nemenda okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Þetta markmið Háskólans verður styrkur þinn í framtíðinni.

Ég vona að þú finnr nám við hæfi í þeirri fjölbreyttu flóru námsleiða sem í boði er við Háskóla Íslands og að næsta haust hitti ég þig fyrir í hópi nýnema.

Vertu velkominn/n í Háskóla Íslands.

Kristín Ingólfssdóttir
rektor



„ÉG ÆTLA EKKI
AÐ LJÚGA NEITT,
PETTA ER MJÖG
ERFITT. HANN ER
SKAPSTYGGUR
OG MISLYNDUR!“

STORMASÖM SAMBÚÐ STÚDENTAFORINGJA

Ég held að í svona árferði sé aukin þörf fyrir sterka hagsmunabaráttu, sérstaklega nú þegar stór nýr hópur stúdenta er kominn í skólann. Í svona niðursveiflu þurfum við að standa vörð um það sem við höfum, sérstaklega þegar stjórnvöld leita leiða til að skera niður sem víðast,“ segir Björg Magnúsdóttir, fráfarandi formaður Stúdentaráðs. Björg sinnir hagsmunagæslu fyrir stúdenta á skrifstofu Stúdentaráðs á Háskólatorgi, ásamt Péttri Markan, knattspyrnukappa og framkvæmdastjóra Stúdentaráðs, og Bryndísi Björgvinsdóttur, ritstjóra Stúdentablaðsins. „Hlutverk mitt er að vera talsmaður stúdenta, dag og nótt,“ segir Björg. „Við reynum sífellt að vera á verði um allt það í þjóðfélaginu sem hægt er að snúa stúdentum til hagsbóta.“

Raunar eru Björg og Pétur meira en samstarfsmenn. Þau leigja saman íbúð í Vestur-bænum. „Ég ætla ekki að ljúga neitt, þetta er mjög erfitt. Hann er skapstygur og mislyndur,“ segir Björg um meðleigjanda sinn.

Pétur er hins vegar á öndverðum meiði. „Ég hef bara aldrei átt betri sambyling. Sjálfsgat mun þetta skeið teljast blómaskeið í lífi mínu. Helsti kostur hagsmunabaráttunnar þetta árið er líklega að hún ein-skorðast ekki við „nú til fimm vinnu“ heldur tökum við vinnuna heim með okkur.“

Bryndís býr hins vegar ekki með vinnufélögum sínum og fær því frið fyrir þeim þegar hún er ekki að undirbúa útgáfu nýs Stúdentablaðs. Blaðið kemur reglulega út yfir skólaárið og vinna stúdentar efni þess alfarið sjálfir. „Við viljum hafa blaðið gáfulegt og fyrst við erum hér í Háskóla Íslands eigum við að nýta okkur þá fræðimenn og þekkingu sem er hér innanhúss,“ segir Bryndís. „Sumir halda að hagsmunabarátta stúdentna eigi bara að fara fram innan veggja Háskólans, en það gleymist að við erum að afla okkur þekkingar í skólanum af því að við viljum fara út með hana og hafa eitthvað fram að færa. Ef við ætlum að loka okkur af látum við að því liggja að við höfum engu hlutverki að gegna í samfélaginu.“



Aldrei fleiri nemendur við Háskóla Íslands

Aldrei hafa fleiri nemendur verið við nám í Háskóla Íslands en nú. Um áramótin settust meira en 1.400 nýir nemendur á skólabeck í mismunandi deildum Háskólans, 650 nemendur hófu grunnnám og 760 framhaldsnám.

Heildarfjöldi umsókna um nám á vormisseri 2009 við Háskólann var röklegga 1.600. Endanlegur fjöldi nemenda sem hóf skólagöngu var mun meiri en ráð var fyrir gert og hlutfall milli umsókna og endanlegs nemendafjölda var hærra en það hefur áður verið.

Heildarfjöldi stúdenta í Háskóla Íslands er nú hartnær 14.000, sem er mesti fjöldi nemenda í sögu skólans. Háskólinn hefur stækkað um röklegga þriðjung á innan við einu ári. Fyrst kom til sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sumarið 2008 og um áramótin síðustu stækkaði Háskólinn um nálega 10 prósent á einum degi.



KYNNTU ÞÉR NÁMSLEIÐIRNAR Á NÝJU VEFSVÆÐI

Háskóli Íslands opnaði nýtt vefsvæði í sumar þegar hann sameinaðist Kennaraháskóla Íslands. Nýja vefsvæðið er eitt það stærsta á landinu og býður upp á gríðarlega möguleika. Vefsvæðið skiptist í raun í tvo hluta: innri vef, sem gengur undir nafninu Uglan, og ytri vef sem blasir við öllum.

Mikil áhersla er lögð á að notendur ytri vefsins eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar og er því vefurinn í stöðugri mótun. Vefurinn tekur mið af nýrri uppbyggingu Háskóla Íslands í fimm fræðisvið og 25 deildir

sem falla undir fræðisviðin nýju og eru litir ráðandi við að hjálpa notendum að finna sinn stað. Aðgengi er einfalt að öllum upplýsingum um á fjórða hundrað námsleiðir og er lýsing á hverju námskeiði með tengingu við kennsluskrá. Þá er hægt að sækja um skólavist á vefnum, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Í Uglunni geta nemendur nálgast ýmsar innri upplýsingar en í því sambandi má nefna glærur og efni sem tengist ákveðnum námskeiðum en þarna má líka sjá námsferlinn eins og hann leggur sig.



HÁMA Í SIG 26.000 LÍTRA AF SJÓÐHEITRI SÚPU

Háma er veitingastaður stúdenta og starfsmanna Háskóla Íslands á Háskólatorgi. Óhætt er að fullyrða að Háma sé einn fjölsóttasti veitingastaður landsins. En hversu margar samlokur skyldu nú vera smurðar á dag í Hámu? Hversu margir lítrar af súpu lagaðir á degi hverjum? Hver skyldi vera vinsælasti rétturinn?

Í Hámu seljast um 300-400 skammtar af heitum mat í hverju hádegi. Það er áberandi mest að gera á mánudögum og þriðjudögum. „Lasagna eða burrito eru langvinsælastu réttirnir og röðin er löng þegar þeir eru á boðstólum,“ segir Steinunn Björk Eggertsdóttir, veitingastjóri Hámu. Engu máli skiptir hversu mikið magn sé búið til, það klárast undantekningarlaust. Fiskur sækir í sig veðrið þegar líði á veturinn.

Á hverjum degi seljast um 50-100 lítrar af súpu. Klassískar súpur seljast best, þá helst aspas- og sveppasúpa. Leitast er við einu sinni í viku að bjóða upp á súpu sem búið er til frá grunni í eldhúsi Hámu, þá oftast sætkartöflusúpu eða baunasúpu.

Samlokur eru vinsælar meðal stúdenta og starfs-

fólks Háskólans. Á einni viku seljast um 2500 stykki og þar að auki um 1000 einingar af salati, skyr-drykkjum og núðlum. Vinsælustu samlokurnar eru túnfiskssamlokun og hummussamlokun sem á sér ekki keppinaut. Af köldu réttunum seljast núðlurnar best.

Vegna þess að verðlag fer stöðugt hækkandi hefur færst í aukana að maturinn sé búið til á staðnum. Efnahagsástandið hefur mikil áhrif á starfsemi Hámu. Til dæmis hefur grænmetisreikningurinn hækkað um 100% frá því í haust að sögn Steinunnar. Hún er þó ánægð með að meiri áhersla sé lögð á „heimalagaðan“ mat því þá viti hún nákvæmlega innihald þess sem boðið sé upp á.



Í HÓP 100 BESTU

Skóli með sögu og sál

Háskóli Íslands hefur verið hornsteinn þekkingaruppbyggingar á Íslandi í næstum 100 ár. Stöðug framþróun og sterk framtíðarsýn er og verður styrkur Háskóla Íslands til að ná markmiði sínu: Að komast í röð 100 bestu háskóla í heimi.

Skóli í stöðugri mótun

Háskóli Íslands er sífellt að stækka, nemendum fjölga og kennarar skólans afla sér stöðugt nýrrar þekkingar og reynslu sem kemur þeim til góða við kennslu og rannsóknir. Á hverjum degi vinna kennarar, nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands að því að gera skólann betri, samfélaginu öllu til góða.

Nýsköpun og rannsóknir

Kennarar Háskólans og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi stunda fjölbættar rannsóknir í nánum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það má með sanni segja að dag hvern fari fram öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands.

Alþjóðlegur háskóli

Alþjóðleg tengsl kennara Háskóla Íslands eru mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Þá á Háskóli Íslands í samstarfi við fjölmarga framúrskarandi erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti, rannsóknir og fleira. Allir nemendur Háskólans eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlendan háskóla og á hverju ári tekur Háskóli Íslands á móti hundruðum erlendra nemenda.





Eiríkur Valdimarsson, meistaranemi í þjóðfræði

VEIT VERKUR Í MJÖÐM Á ÚTSYNNING?

- spáð í spádóma um veðrið

Við vildum skoða hvernig fólk spáði fyrir um veður áður en Veðurstofa Íslands tók að sér það hlutverk,“ segir Eiríkur Valdimarsson, meistaranemi í þjóðfræði, en sú grein er kennd í Félags- og mannvísindadeild.

„Fólk þurfti einhvern veginn að spá fyrir um veðrið og það eru ekki nema nokkrir áratugir frá því að Veðurstofa Íslands var orðin það föst í sessi að menn hættu að mestu að gera eigin spár.“

Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði, er leiðbeinandi Eiríks í verkefninu. „Þetta hefur lítið verið rannsakað, en núna gefst mér færi á að ferðast um landið, hitta fólk og taka viðtöl um efnið,“ segir Eiríkur. „Ég þekki þetta frá því þegar ég var krakki. Ég er alinn upp á sveitabæ í Skagafirði og þar voru nokkrir sem kunnu að spá fyrir um veðrið.“

Í BA-verkefni sínu skoðaði Eiríkur tvö landsvæði, annars vegar Breiðafjörð, sem er sjávarútvegssvæði, og hins vegar Skagafjörð, sem er landbúnaðarhérað.

„Í mörgu af því efni sem ég náði að afla mér birtist menningarlegur bakgrunnur. Menn voru að lesa í skýin og kölluðu þau ýmsum nöfnum. Til dæmis er



ákveðin tegund skjámynsturs við Breiðafjörð kölluð netský, af því að þá er gott að fara að róa,“ segir Eiríkur.

„Svo er önnur saga hvort þessar spár reyndust réttar, en fólk virðist hafa haft eitthvað fyrir sér í þessu. Suma dreymdi fyrir um veður, en flestir nú til dags telja hæpið að byggja veðurspár á draumum,“ segir Eiríkur.

„Sumir gigtarsjúklingar þykja mjög veðurvissir. Ef þeir verða stírðir í mjöðminni þá er kannski lægð á leiðinni.“



Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði Afneita ekki tilvist álfa

„Ný könnun okkar á þjóðtrú Íslendinga hefur sýnt að hún er jafnstær og hún var fyrir þrjátíu árum. Íslendingar vilja enn ekki afneita tilvist álfa,“ segir Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði. „Trú á drauga, hugboð og drauma er samt ennþá sterkari.“

Terry er fæddur í Bretlandi og hóf að rannsaka íslenska þjóðsiði og þjóðtrú í sambandi við doktorsritgerð um flutning eddukvæða eftir að hann flutti til Íslands með konu sinni árið 1979. Árið 2007 gaf hann út 800 síðna bók um dulbúningasiði á Norðurlöndunum og stýrði einnig áður nefndri könnun á þjóðtrú og trúarviðhorfum Íslendinga.

Í fyrra kom út bókinn The Hidden People of Iceland sem Terry skrifaði ásamt teiknararum og samlanda sínum Brian Pilkington. Í bókinni, sem er ætluð fyrir erlenda ferðamenn, birtist málverk af Terry í klæðum íslensks víkings. „Vínur minn kvartaði hástöfum yfir því að Brian væri að falska sögu Íslands með því að gefa í skyn að ræfilslegir Bretar hefðu komið hingað meðal víkinga,“ segir Terry og hlær.

Terry hefur kennt námskeið um norræna trú, skandinavíska og keltneska þjóðfræði, íslenskar þjóðsögur, hátíðir og leiki, og leiklist. Í vetur kennir hann námskeið um íslenska þjóðfræði, menningu og sjálfsmynd sem er ætlað fyrir erlenda skiptinema. „Útlendingar hafa sérstakan áhuga á íslenskum forn- bókmenntum og þjóðfræði,“ segir Terry. „Fólk vill vita hvað það er sem gerir Íslendinga að Íslendingum.“

Terry segir að áhugi á þjóðfræði í Háskóla Íslands hafi farið sívaxandi á undanförunum árum. „Fjöldi nýnema hjá okkur hefur nærri fjórfaldast síðan 1998. Segja má að menn séu farnir að átta sig á að fagið fjallar ekki bara um gamla bændur að kveða rímur. Þjóðfræði lifir góðu lífi í dag í kvikmyndunum sem við horfum á, í veggjakrotinu í kringum okkur, í rokktónlistinni sem við hlustum á og í þeim sögum sem við segjum á krám,“ segir Terry.



„Uppáhaldshagfræðingurinn minn er Gylfi Zoëga“

Hagfræðingar HÍ í eldlínunni

Hagfræðingar Háskóla Íslands hafa verið í eldlínunni í fjölmiðlum hér á landi að undanfögnu. Þeir hafa fjallað um ástandið í efnahagsmálum, rakið aðdragandann og lagt mat á þær leiðir sem færar eru úr þeim mótbyr sem nú er glímt við. Sérfræðipækning Háskólans í efnahagsmálum hefur því nýst afar vel við að túlka stöðuna og koma upplýsingum og ólíkum fræðilegum aðferðum á framfæri við stjórnvöld og almenning á skýru og skiljanlegu máli. Að undanfögnu hefur sýnt sig hversu mikilvægt það er að eiga öfluga vísindamenn á þessu sviði.

Gylfi Magnússon hagfræðingur, sem nú hefur verið sóttur hingað í stól viðskiptaráðherra, hefur t.a.m. vakið mikla athygli fyrir rökfasta framsetningu á kenningum sínum. Gylfi er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að gjaldeyrismálum en hann er einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í sveiflukenndri gengissögu krónunnar og möguleikum íslensku þjóðarinnar í myntmálum. Það virðist vera sammerkt með hagfræðingum Háskólans að þeir tala umbúðalausa og kjarnyrta íslensku og margir þeirra eiga það til að skreyta málflutning sinn með fágætri kímni þótt fjallað sé um grafalvarleg mál. Miklu fleiri hagfræðingar Háskólans hafa verið í sviðsljósinu og á meðal þeirra eru Þorvaldur Gylfason, Daði Már Kristófersson og Þórólfur Matthíasson. Hagfræðingar Háskólans hafa jafnvel náð inn í hjarta sumra landsmanna en Kolbrún Bergþórsdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, á sinn uppáhaldshagfræðing:

„Uppáhaldshagfræðingurinn minn er Gylfi Zoëga,“ segir Kolbrún, en Gylfi er einmitt forseti Hagfræðideildar Háskóla Íslands. „Þegar hann mætir á skjáinn,“ heldur Kolbrún áfram, „finnst mér að þarna sé hagfræðingur sem láti ekkert haggja ró sinni. Það er alveg sama hversu dökku litum fréttamaðurinn málarástandið, alltaf horfir Gylfi Zoëga á hann með umburðarlyndissvip og segir að þetta sé nú ekki alveg svona slæmt. Þetta er hagfræðingurinn sem þjóðin þarf á að halda.“

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði

VÍMUEFNANEYSLA ALVARLEGASTA AFBROTID

„Ölvunarakstur veldur miklum samfélagslegum skaða. Við viljum vita hvað hægt er að gera til að draga úr áhættuþegðun af þessu tagi, sem veldur banaslysum, meiðslum, eignatjóni og fleiru,“ segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild. Helgi vinnur nú, ásamt Ágústi Mogensen doktorsnema, að rannsókn á viðhorfi Íslendinga til ölvunaraksturs. Í tengslum við rannsóknina hafa þeir meðal annars tekið viðtöl við ölvadaða öikumenn, strax eftir handtöku þeirra.

„Ég hef verið að skoða handtökur lögreglu vegna áfengisneyslu, tíðni ýmissa fíkniefnabrota, aðferðir lögreglu við að uppræta þau, forvarnarsarf og fleira,“ segir Helgi. „Ég hef fundið út að tíðni ölvunaraksturs á Íslandi er frekar há í alþjóðlegum samanburði. Öikumenn eru til dæmis oft handteknir hér en annars staðar á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. Málaflokkurinn er því greinilega ofarlega á forgangslista stjórnvalda.“

„Síðustu árin hef ég mælt viðhorf Íslendinga til afbrota og refsinga í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Ég hóf mælingarnar 1989



og hef haldið þeim áfram fram á þennan dag. Meðal annars hefur komið í ljós að meirihluti Íslendinga álitur vímuefnaneyslu alvarlegasta afbrotið í íslensku samfélagi,“ segir Helgi. „Flestir telja hana meira vandamál en auðgunarbrot, ofbeldi eða efnahagsbrot. Vímuefnaneysla virðist valda verulegum áhyggjum hjá Íslendingum. Í kjölfarið höfum við spurt: „Hverja telurðu mikilvægustu ástæðu þess að fólk leiðist út í afbrot á Íslandi?“ Og þá kemur sama afstaðan fram. Svarendur álíta að mikilvægasta ástæðan sé áfengis- og fíkniefnaneysla,“ segir Helgi.

Sýndarsjúklingurinn sem skiptir auðveldlega um kyn

HERMANN GERÐI SÉR UPP HJARTASTOPP

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hefur borist afar góður liðstyrkur en sýndarsjúklingur hefur verið lagður inn á deildina. Sýndarsjúklingurinn er afar flókið tæki, sem er eftirlíking af manni, karli og/eða konu, í fullri líkamsstærð. Sýndarsjúklingurinn hefur nefnilega þá náttúru að það er býsna auðvelt að skipta um kyn á honum. Sýndarsjúklingurinn verður rannsakaður fram og aftur næstu misserin og meðhöndlaður við óteljandi sjúkdómum sem hann gerir sér upp.

„Þetta er bylting í kennslu hjúkrunarfræðinema,“ sagði Þórana Elín Dietz við gesti sem voru samankomnir þegar sýndarsjúklingurinn fékk nafn.

„Fólk fær tækifæri til að æfa sig á sýndarsjúklingi og læra af mistökum sínum áður en það fer út á stofnanir,“ sagði Þórana Elín.

Það fór vel á því að sýndarsjúklingurinn fengi nafnið Hermann þar sem hann hermíró eftir einkennum raunverulegra sjúklinga. Þannig hjálpar hann hjúkrunarnemum að takast á við raunhæf verkefni.

Sýndarsjúklingurinn Hermann hefur meira að segja þá náttúru að bera sig aumlega, því þótt hann sé ekki beinlínis lífflegur þá er hann gæddur talgervli sem styður hann í að kveinka sér undan verkjum og hvers kyns áföllum sem hann þykist verða fyrir.

Við eldskírni gerði Hermann sér upp mjög alvarleg veikindi þegar hann þóttist fá hjartastopp og kvartaði sáran undan sýndarverkjum sínum.





Sesselja S. Ómarsdóttir, dósent í Lyfjafræðideild

LEYNAST NÝ KRABBAMEINSLYF Í ÍSLENSKUM SJÁVARLÍFVERUM?

Sjávarlífverur við Ísland hafa lítið verið rannsakaðar út frá lyfjafræðilegu sjónarhorni. Nú er hins vegar í fullum gangi rannsókn sem Sesselja S. Ómarsdóttir, dósent í lyfja- og efnafraeði náttúrufræða við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, stendur fyrir. Rannsóknin miðar að því að finna ný efni úr íslenskum sjávarlífverum og kanna áhrif þeirra á krabbameinsfrumur. „Það er mjög áhugavert ef tekst að finna ný og virk efni úr íslenskum sjávarlífverum sem hugsanlega gætu orðið lyfjasprotar gegn krabbameini,“ segir Sesselja. „Innan íslenskrar efnahagslögsögu lifa á bilinu 6-8 þúsund tegundir sjávardýra. Þar að auki er staðsetning Íslands í Norður-Atlantshafinu og umhverfið í kringum landið mjög sérstakt. Það vekur áhuga vísindamanna að rannsaka efnainnihald þeirra lífvera sem búa hér við þessi skilyrði.“ Þetta verkefni er hluti af stærra verkefni sem unnið er í samstarfi við Elínu Soffíu Ólafsdóttur prófessor og fleiri innlenda og erlendra samstarfsaðila.

Í dag eru tveir þriðju allra krabbameins- og sjúk-



ingalyfja náttúrufræfni sem eiga rætur sínar að rekja til plantna, sjávardýra og örvera. „Þetta kemur ekki á óvart sé haft í huga að lífverur, sérstaklega þær sem ekki geta flúið af hólmi, svo sem plöntur og ýmsar frumstæðar sjávarlífverur, hejya stöðugan efnahernað sín á milli. Stríðið um að lifa af með vörn og sókn hefur staðið í milljónir ára og myndað ótrúlega fjölbreyttan banka lífvirkra efnasambanda í náttúrunni,“ segir Sesselja. „Það er mikið að gerast í rannsóknum á efnasamböndum úr sjávardýrum og einnig í rannsóknum á örverum sem lifa á

sjávardýrunum því að þær framleiða efni sem er líka áhugavert að rannsaka.“

Við Lyfjafræðideild var gerð frumathugun sem gaf til kynna að í sjávarlífverum sem lifa á grunnsævi sé að finna mjög áhugaverð efni. Þá var 35 tegundum sjávardýra safnað í fjöru og á grunnsævi við strendur Íslands. Við þessar uppgötvanir kviknaði áhugi Sesselju sem hefur í framhaldinu áhuga á því að halda rannsókninni áfram og einnig að rannsaka annars konar lyfjavirkni efna úr íslenskum sjávarlífverum. „Hér á Íslandi gæti verið eitthvað sérstakt sem ekki finnst annars staðar þar sem líffskilyrðin hér eru svo einstök, svo sem staðsetningin, kaldur sjór og jarðhiti. Mest hefur verið rannsakað af sjávarlífverum í heitum höfum hingað til þannig að þetta er afar spennandi,“ segir Sesselja. Leitin að nýjum lyfjum í náttúrunni er einn af hornsteinum lyfjafræðinnar og forsenda fyrir framþróun og framleiðslu margra nýrra lyfja við erfiðum sjúkdómum.





Vala Garðarsdóttir, doktorsnemi í Sagnfræði- og heimspekideild

FINNUR PERLUR OG AXARSKÖFT

„Verkefnið mitt fjallar um heiðið samfélag og þá sérstaklega svokallaðar steinlagnir þar sem menn hafa hist til trúar- og menningarathafna. Ég hef verið að skoða þá staði sem mögulega flokkast sem slík mannvirki og vil meina að þarna hafi menn blótað og heygt sitt fólk,“ segir Vala Garðarsdóttir, sem vinnur að doktorsverkefni í fornleifafraeði við Háskóla Íslands.

Við þekkjum heiðna samfélagið úr Snorra-Eddu og öðrum fornum ritum. Við höfum lært þetta af skrifuðu máli, en fornleifarnar eru núna að koma sterkar inn til að hjálpa okkur að skilja fortíðina.“

Vala hefur líka verið upptekin við að stýra uppgreftri á Alþingisreitnum svokallaða í miðborg

Reykjavíkur: „Það er ótrúlega spennandi og gaman að taka þátt í svona viðamiklum uppgreftri,“ segir Vala en þarna er að finna margs konar menjar frá fyrstu landnámsmönnum.

„Við byrjuðum í júní síðastliðnum. Enginn vissi hvað væri í jörðinni en svo kom í ljós að hérna er margt merkilegt. Við fundum, að við teljum, iðn-

aðarsvæði frá 873 eða þar um bil, þannig að þetta er alveg frá upphafi byggðar,“ segir Vala. „Hér var kolaður víður í kolagröfum, menn unnu járn úr mýraruða í járnrensluofnum og varnarveggur skilur að vinnusvæðið og mýrina. Svo er þarna vel varðveittur viðarstígur og lítil eldstæði, þannig að þetta er mjög flott skipulag. Í framtíðinni munum við vonandi geta búið þetta til með þrívíddargrafík svo að hægt sé að sjá þetta ljósflandi fyrir sér.“

Fjöldi fornleifafraeðinga vinnur að uppgrefturinum, flestir með BA-gráðu eða meistaraþróf. „Það er nóg af spennandi verkefnum í fornleifafraeði en þau standa oftast yfir á sumrin. Þetta er í fyrsta skipti sem er grafið að vetri til í þessum mæli. Svæðið er um tvö þúsund fermetrar og ef við myndum bara grafa á sumrin tæki þetta fjögur ár, í stað átján mánaða,“ segir Vala. „Við vinnum inni í tjöldum í ágætishita og svo lýsa flóðljós upp svæðið. Þetta er allt mjög nútímalegt.“

Uppgröfturinn hefur þó ekki gengið snurðulaust fyrir sig. „Það er ýmislegt sem gerist hérna. Pípur hafa sprungið og vatn flætt yfir allt. Svo var stormur um daginn og tjaldið f auk næstum því í burt. Við þurftum að kalla björgunarsveitina út til að bjarga okkur,“ segir Vala.

Fjöldi muna hefur komið upp úr krafsinu og merkastur er líklega snældusnúður með rúnum frá 10. eða 11. öld. „Það er búið að rita á hann rúnaletur sem kallast knésól. Þetta er eitt elsta rúnaletur sem fundist hefur á Íslandi og þetta er þá líklegast elsti texti sem við höfum fundið á landinu,“ segir Vala.



Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs

MARGIR TREYSTA Á

FRAMTÍÐARMÖGULEIKA HÍ



Ástráður Eysteinnsson prófessor tók við starfi forseta Hugvísindasviðs haustið 2008. „Starfið er mjög spennandi en ég var bara nýtekinn við þegar efnahagshrunið skall yfir okkur og talsverð orka hefur farið í að bregðast við því. Við þurftum að endurskoða áætlanir bæði í skólanum almennt og líka innan sviðsins, þannig að sumu sem ég ætlaði að ráðast í þurfti að fresta. Við höfðum séð fram á talsvert blómlegri tíð fjárhagslega. En ég lít svo á að við munum sækja fram á við, nema það sé þeim mun stærra áfall sem bíði okkar. Ég held að margir íbúar þessa lands treysti á framtíðarmöguleika Háskóla Íslands.“

Ástráður hefur skýr markmið varðandi Hugvísindasviðið. „Ég vil efla meistara- og doktorsnám og jafnframt rannsóknir almennt. Einnig vil ég hefja frekari sókn bæði hérlendis og erlendis en við erum þegar með margt í gangi í alþjóðlegri samvinnu og birtum fræðiefni jafnt erlendis sem hér heima.“

„Eitt af því sem mér finnst hvað mest spennandi við Háskóla Íslands er að hann er svo opin út í þjóðlífið. Ég var um árabíl við nám og kennslu í Bandaríkjunum en þar er mjög lítil virk samræða milli háskólanna og þjóðlífsins. Þar eru skólarnir fremur eins og sér heimar en hér er flæðið meira út og inn. Hugvísindasviðið hefur margvísleg tengsl við menningarlífið og margir háskólamenn eru virkir í því að skrifa fyrir almenning og halda fyrirlestra,“ segir Ástráður.

Það er einnig mikil tenging við þjóðlífið í sjálfri kennslunni. „Við fáum til að mynda inn í Háskóla Íslands mörg hundruð stundakennara úr ýmsum geirum samfélagsins og þarna er komin bein tenging við atvinnulífið, sem er mjög verðmæt.“

Ástráður hefur mikinn áhuga á íslenskri tungu og finnst mikilvægt að tryggja að íslenska sé og verði áfram vísindamál. „Það að vísindi séu stunduð á íslenski tungu er mikilvægt og það er mikið áttaks-

verkefni því margir líta ósjálfrátt fyrst og fremst til enskunnar þegar kemur að fræðilegum skrifum og birtingum. En ef við vanrækjum að miðla fræðum og rannsóknum á íslensku, þá mun tungan verða mun fátækari en ella þegar til lengri tíma er lítið.“

Ástráður hreppir alþjóðleg verðlaun

Ástráður Eysteinnsson, prófessor í bókmenntafræði og forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, hlaut alþjóðleg bókaverðlaun Modernist Studies Association nú í haust.

Ástráður hlaut verðlaunin fyrir verkið *Modernism*, sem kom út árið 2007. Verðlaunin eru veitt árlega á þingi Modernist Studies Association (MSA), sem eru ein helstu samtök á sviði bókmenntafræði á Vesturlöndum.

Ástráður hlýtur verðlaunin ásamt meðritstjóra sínum, Vivian Liska, sem er prófessor í þýskum bókmenntum við Antwerpen-háskóla í Belgíu.

Verðlaunin eru mikill heiður fyrir Ástráð og Háskóla Íslands.

HVERNIG LÍKAR ÞÉR NÁMIÐ Í HÁSKÓLANUM?



Jan Philipp Balthasar Mueller, BS-nemi í eðlisfræði

Mjög vel. Gæðastaðallinn í eðlisfræði er hár og aðgengi nemenda að kennurum er miklu betra en ég hef áður kynnst. Innritunargjaldið í HÍ finnst mér sanngjarnt í samanburði við skólagjöld í háskólum í heimalandi mínu, Þýskalandi.



Chang Le, BA-nemi í íslensku fyrir útlendinga

Námið er mjög gott. Hins vegar vefst það oft fyrir Kínverjum að læra íslensku vegna þess hve ólík tungumálín eru. Sjálfur er ég frá Peking.



GARGANDI SNILLD!

„Doktorsrannsókn mín snýr að málnotkun í umfjöllun um íþróttir og markmið hennar er að draga saman upplýsingar um ástæður þess sérmáls sem þar tíðkast,“ segir Guðmundur Sæmundsson, aðjunkt í íslensku við Íþróttafraeðasetrið á Laugarvatni.

„Hin sérstaka orðræða sem einkennir íþróttirnar skapast sennilega af samspili umhverfis og eðlis íþróttanna en þar er mikill hraði, samkeppni og spennan. Allt þetta skapar sterkari stílbrögð en í öðru mál-fari. Í íþróttum er myndmál til dæmis notað meira en ella og þar er meira um ýkjur. Við þekkjum svipað sérmál meðal unglinga og sjómanna, sem einkennist af þessum sama krafti. Þó hefur íþróttamál-farið sín sérstöku einkenni sem aðgreina það frá öllu öðru,“ segir Guðmundur.

Rannsókn hans ber hið sérstaka og lýsandi heiti „Það er næsta víst“ en margir kannast við þann frasa úr barka Bjarna Felixsonar, íþróttafréttamanns hjá Ríkissjónvarpinu.

„Ég ætla að reyna að greina þessa sérstöðu

íþróttamál-farsins og á von á að komast að því að umhverfi og eðli íþróttanna hafi mestu áhrifin. Til að mynda er fólk í yngri aldurshópum stærstur hluti þeirra sem stunda íþróttir. Beinarn spennuþrungnar útsendingar frá íþróttaviðburðum eru hraðar og fullar af tilfinningum. Hvort tveggja á sinn þátt í að skapa sérstaka stemningu og mál-far, ásamt ýmsum öðrum þáttum,“ segir Guðmundur.

„Mál-farið tengist þeirri hetju-mynd sem íþróttir hafa yfir sér. Fornhetjurnar okkar voru dáðar á svipaðan hátt og íþróttamennirnir okkar nú á dögum og kölluðu því á sömu stílbrigði í máli. Við sjáum til að mynda ýkjurnar um Gunnar á Hlíðarenda sem sagður var stökkva hæð sína í loft upp bæði aftur á bak og áfram í fullum herklæðum! Í sumum sögum, t.d. Grettis sögu, eru ýktar lýsingar á ómannlegum aflraunum. Er þetta ekki eitthvað svipað og þegar fjölmiðlamenn lýsa Ólafi Stefánssyni eða Eiði Smára og kalla tilþrif þeirra „gargandi snilld“ eða eitthvað enn hástemmdara?“

HVERNIG LÍKAR ÞÉR SAMFÉLAGIÐ Á LAUGARVATNI?



Hjördís Ósk Óskarsdóttir,
nemi í íþrótt- og heilsufræði

Samfélagið á Laugarvatni er mjög gott, auðvelt er að nálgast alla þjónustu í sambandi við námið, aðgangur að íþróttahúsinu er frábær og umhverfið æðislegt. Áhugi minn er á íþróttum og ég ætla að starfa við áhugamál mitt í framtíðinni. Ég sá líka að námið myndi nýtast mér persónulega þar sem ég stunda íþróttir sjálf.



Emilía Jónsdóttir,
nemi í íþrótt- og heilsufræði

Það er frábært og yndislegt. Hér vil ég vera. Þetta er góður og öruggur staður fyrir fjölskyldufólk. Það er gaman að kynna nýju og frábæru fólk og námið er skemmtilegt og áhugavert. Ég hef verið virk í íþróttum frá því ég var barn og stefndi alltaf á nám í íþrótt- og heilsufræðum. Ég kaus því frekar að fara í sveitina en að vera í bænum.



Arna Sveinsdóttir, nemi við Menntavísindasvið

NÁMIÐ EFLIR SJÁLFSTRAUSTIÐ

Arna Sveinsdóttir er nemandi við Menntavísindasvið í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Um er að ræða tveggja ára nám sem sett var á laggirnar haustið 2007 en þá hófu 23 nemendur nám.

„Ég sá námið auglýst og sótti strax um því ég hafði verið að bíða eftir tækifæri til að fara í frekara nám,“ segir Arna.

Markmið námsins er að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa á vettvangi þroskaþjálfna og tómstunda- og félagsmálafræðinga. Störfin eru fjölbreytt og eru til dæmis í skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

„Námið hefur eflit sjálfstraust mitt. Þetta er góður skóli, kennararnir frábærir og nemendurnir hafa tekið okkur mjög vel,“ segir Arna. Hún bætir við að vantað hafi framhaldsnám á Íslandi fyrir fólk með sérþarfir og fötlun.

Arna lýkur diplómanáminu í vor en hún hefur áhuga á að starfa með börnum með sérþarfir innan skólanna sem aðstoðarmaður kennara. Hún telur reynslu sína af námsörðugleikum geta nýst vel í starfi þar sem hún geti sett sig í spor þeirra nemenda sem glíma við erfiðleika í námi.

Arna greindist með lesblindu sem barn en með réttum aðferðum lærði hún að lesa og skrifa í 6. bekk.

Í diplómanáminu lærir Arna m.a. fötlunarfræði, kennslufræði og íslensku. Hún hefur mikinn áhuga á afbrotufræði og dreymir um að starfa síðar meir við úrlausn sakamála.

Arna vinnur nú að lokaritgerð í diplómanáminu um réttindamál fatlaðra á Íslandi. Þar skoðar hún hver þróunin hefur verið í réttindamálum fatlaðra á 20. öld og það sem af er 21. öldinni. Hún fjallar um fordóma og fáfræði og veltir fyrir sér hverjar framtíðarhorfur í málefnum fatlaðra séu. Þá ber hún saman velferðarkerfið á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Arna telur að Íslendingar geti lært mikið af fræðum sínum annars staðar á Norðurlöndunum.



HVERS VEGNA VALDIR ÞÚ HÍ?



Jakob Leó Bjarnason,
nemi í íþrótt- og heilsufræði

Vegna þess að HÍ er rótgróinn skóli með mikinn gæðastimpil. Háskólinn er mjög mikilvægur fyrir íslenskt samfélag. Hann er hornsteinn menntunar á Íslandi.



Anna Gréta Ólafsdóttir,
nemi í íþrótt- og heilsufræði

Ég valdi HÍ vegna íþrótt- og heilsufræðinnar á Laugarvatni. Hafði heyrt góða hluti um námið í gegnum árin. Námið kemur til með að nýtast mér mjög vel, bæði hvað varðar atvinnu og mína eigin heilsu. Góður undirbúningur undir meistaranám.



Marianna Þórðardóttir,
nemi í íþrótt- og heilsufræði

Ég valdi HÍ og íþrótt- og heilsufræði vegna þess hversu fjölbreytt og skemmtilegt námið er. Svo finnst mér nauðsynlegt að kunna undirstöðuatriði í t.d. næringarfræði og heilsufræði. Svo er auðvitað mikilvægt að kunna að leika sér.

FRAMTÍÐ ÍSLANDS MÓTAST INNAN HÍ

- segir Fabio La Marca, nemandi í
íþrótt- og heilsufræði á Laugarvatni

Við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sl. sumar varð Laugarvatn eitt af menntasetrum HÍ. Laugarvatn er fagurt svæði með langa og merka sögu. Þar fer fram drjúgur hluti af námi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands. Þótt margur gæti ætlað að þarna séu einungis Íslendingar við nám er það öðru nær.

Fabio La Marca er frá Ítalíu en hann er einn erlendra nemanda við HÍ. Hann segist hafa mikinn áhuga á að kenna í framtíðinni, sérstaklega ungum börnum: „Svo hef ég auðvitað áhuga á íþróttum og hreyfingu,“ segir hann.

„Námið veitir mér færni í að verða góður kennari. Ég hef áhuga á að leggja mitt af mörkum í að ýta undir hreyfingu hjá yngri kynslóðinni

þar sem kyrrseta er alltaf að aukast í samfélaginu.“

Fabio segir að lágt skrásetningargjald við HÍ veiti öllum tækifæri til að mennta sig á Íslandi.

„Ég er mjög ánægður með að hafa valið íþrótt- og heilsufræði,“ segir hann, og bætir við brosandi: „Mér finnst hrífandi að auka þekkingu mína, bæði verklega og bóklega. Mér finnst samfélagið hérna á Laugarvatni ágætt, hér er gott fólk sem nýtur þess að vera saman og er tilbúið að aðstoða hvert annað ef með þarf. Þetta er því allt notalegt og vinalegt. Það er ekki til nein borgarspenna hérna. Það eina sem vantar er stór verslun í nágrenninu,“ segir Fabio og bætir við hlæjandi: „en það er kannski líka mjög gott að verslunina vanti því það er betra að njóta lífsins en að versla!“

Fabio segir að Háskóli Íslands sé afar stór hluti af íslensku samfélagi á þann hátt að framtíð Íslands mótist að verulegu leyti innan skólans. Hann hrósar innri vef Háskólans sem gengur undir nafninu Uglan. „Það er gott upplýsingaflæði hérna og tæknibúnaður er mjög góður. Ég held líka að gæði kennslunnar séu almennt mjög mikil, þá sérstaklega tæknilega. Háskóli Íslands er vel skipulagður og býður upp á mikla möguleika.“





Jarðvísindamennirnir Magnús Tumi Guðmundsson og Ármann Höskuldsson

NÍU HUNDRUÐ ELDFJALLAFRÆÐINGA

- orkumálin vaxandi vettvangur fyrir fólk með jarðvísindasvið

Ísland er að mörgu leyti gósenland fyrir eldfjallafræðinga. Hér eru fjölbreyttari eldfjöll en nokkurs staðar annars staðar og allir eldfjallafræðingar og jarðfræðingar þekkja Ísland og vilja koma hingað,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði. Alþjóðasamtök eldfjallafræðinga völdu Ísland undir heimsþing sitt sumarið 2008 og sóttu það um 900 manns, eldfjallafræðingar hvaðanæva úr heiminum.

Hér er mikið af eldfjöllum sem eru kennslubókardæmi fyrir fræðimenn,“ segir Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. „Við fórum með fólkið í skoðunarferðir um landið og sýndum þeim náttúruna. Ein ævintýrlegasta ferðin hlýtur að hafa verið þegar Magnús fór með hóp upp á jökul.“

„Já, við fórum með átján manna hóp yfir Vatna-

jökul yfir í Grímsvötn og þetta er í fyrsta sinn sem farin er svona hópferð sérfræðinga þangað,“ segir Magnús. „Þetta var ævintýri sem líkist því sem rússneskir olíufurstar skella sér í þegar þeir koma hingað. Fólk úti um allan heim hefur viljað koma hingað að skoða Heklu, Geysi eða Grímsvötn. Allir eldfjallafræðingar þekkja þessa staði og það er skrifað um þá víða um heim.“

Ármann segir mörg spennandi verkefni vera fram

undan í íslenskum jarðvísindum. „Menn eru búnir að leggja að því drög að töluvert geti verið að finna af olíu á Drekasvæðinu. Reynist það rétt og farið verði í vinnslu á henni þá hvílir það ekki síst á Jarðvísindadeildinni að þjálfa nemendur til að taka þátt í því verkefni. Gangi allt eftir gerir iðnaðarráðuneytið ráð fyrir að vinnsluborun geti hafist eftir fimm til tíu ár. Því má segja að framtíðarhorfur nemenda í jarðvísindum séu mjög bjartar og þörfin fyrir fólk með jarðvísindamenntun fari vaxandi í landinu,“ segir Ármann.

Magnús telur að Ísland hafi forskot í jarðvísindum vegna náttúru sinnar, sérstaklega þegar litið er til orkuvandans sem heimurinn stendur frammi fyrir. „Það er farið að saxast á olíuna og gasið og allar líkur eru á að verðið fari bara hækkandi á næstu árum. Rannsóknir á sviði jarðhita hafa aukist, því að við verðum að finna nýjar leiðir til orkuöflunar án



ÞAR Á HÁTINDI HEKLU

jarðvísindamenntun



Ármann Höskuldsson.

Þess að setja jörðina á hliðina. Þetta er eitt af þeim sviðum þar sem Íslendingar geta lagt mikið til. Með því að gera þetta vel er kominn hreinn orkugjafi sem er endurnýjanlegur og getur dugað í áratugi, ef ekki árhundrað," segir Magnús.

„Það er mjög mikilvægt að vandað sé til verka í

öllum svona verkefnum og að hafa þjálfað fólk,“ bætir Magnús við. „Ég á von á því að orkumálin verði vaxandi starfsvettvangur fyrir fólk með jarðvísindamenntun.“



Ivan Shelykh, eðlisfræðiprófessor

Lærði íslensku á þremur mánuðum

Rússneski eðlisfræðiprófessorinn Ivan Shelykh hóf kennslu við Háskóla Íslands haustið 2008. Á tæpum þremur mánuðum náði hann ótrúlega góðum tókum á íslensku, algerlega á eigin spýtur, en Shelykh hafði aldrei kynnst íslenskri tungu áður en hann kom til Íslands.

Ivan Shelykh lauk doktorsprófi frá Tækniháskólanum í St. Pétursborg árið 2001. Frá árinu 2002 hefur Ivan stundað rannsóknastörf við Blaise Pascal háskólann í Frakklandi, Southampton-háskólann í Bretlandi og alþjóðlega rannsóknastofnun í eðlisfræði í Brasilíu. Auk rússnesku talar Ivan því ensku, frönsku og portúgölsku og nú íslensku.

„Af öllum þeim tungumálum sem ég hef lært er íslenskan langsamlega erfiðust, það var mjög erfiðt að ná tókum á henni,“ segir Ivan og bætir við: „Íslenska er mjög ólík móðurmáli mínu, rússnesku. Hún líkist meira ensku.“

Þótt það hafi reynt Ivan erfiðt að læra íslensku finnst honum tungumálið mjög fallegt og hann hefur mikinn áhuga að ná enn betri tókum á því. Hann les mikið íslenskar bókmenntir og finnst það skemmtilegra heldur en að lesa dagblöðin hér á landi.

„Nú er ég að lesa Snorra-Eddu sem ég hef mikið gaman af. Það er ótrúlegt hvað tungumálið hefur lítið breyst í þúsund ár,“ segir Ivan glaður í bragði. Ivan stundar nú kennslu í skammtafræði við námsbraut í eðlisfræði og þar fer kennslan fram á ensku. „Ég á auðveldara með að lesa íslensku en tala hana og kenni því á ensku en ég reyni að tala íslensku alltaf utan kennslustofunnar.“



Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, ræðir málin við frændur vora Norðmenn.

AÐ LEGGJA HEIMINN AÐ FÓTUM SÉR ALÞJÓÐADAGUR HÍ

Háskóli Íslands býður nemendum sínum upp á skiptinám og veitir Alþjóðaskrifstofa allar upplýsingar um möguleikana á að flétta saman námi hér heima og erlendis. Á Alþjóðadegi HÍ kraumaði mismunandi menning á Háskólatorgi.



Frakkar leggja mikla rækt við skiptinám. Það gerir HÍ líka. Franska sendiráðið studdi dyggilega við Alþjóðadaginn að þessu sinni.



Danir sækja í vaxandi mæli hingað en 68 danskir stúdentar eru nú á skólabekk í HÍ.



Svíarnir létu sig ekki vanta. Í HÍ eru 45 nemendur frá Svíþjóð.



Fjölpjóðasamfélag.



Allt í hnút? Skiptinámið leysir hnútinn. Þjóðverjar eru flestir erlendra nema við HÍ, eða 119 talsins.



SKELLTU ÞÉR Í SKIPTINÁM

„Um 200 nemendur frá Háskóla Íslands eru í skiptinámi við erlenda háskóla í 19 löndum, en við erum með samstarfssamninga við háskóla víða í heiminum,“ segir Áslaug Jónsdóttir hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Skiptinám getur verið mjög hagkvæmt því skólagjöld við gestaskólann eru felld niður og gestaskóli aðstoðar yfirleitt við húsnæðisleit. Að auki er hægt er að sækja um dvalar- og ferðastyrki fyrir ákveðin lönd. Þannig styrkir Nordplus nema sem fara í skóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum og Erasmus styrkir nema sem fara til Evrópusambandsríkja.“

„Flestir sem sækja um skiptinám við erlenda háskóla komast að og undanfarin ár hefðu fleiri komist að en sóttu um, þar sem enn var til fé í sjóðum. Vinsælasta landið hefur verið Danmörk,“ segir Áslaug.

HVERNIG LÍKAR ÞÉR NÁMIÐ Í HÁSKÓLA ÍSLANDS?



Guðný Hjaltadóttir,
BA-nemi í lögfræði

Ég er mjög ánægð með námið í HÍ vegna þess að hér er mikið lagt upp úr góðri kennslu og prófessorarnir hér er duglegir við að gefa út bækur. Mikil samheldni er meðal nemenda sem styðja við bakið hver á öðrum í náminu.



Stefán Helgi Valsson,
MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu

Kennararnir eru framúrskarandi hver á sínu fræðisviði og taka mikið tillit til sérþarfa fullorðinna námsmanna sem margir eru í hlutanámi meðfram vinnu.



Kennararnir studdu mig

**- Ólafur Ísberg
Hannesson var hvattur til
framhaldsnáms í Flórens**

„Eftir að hafa nýlokið meistararitgerð minni við Háskóla Íslands fékk ég tækifæri til þess að hefja framhaldsnám við Evrópuháskólann í Flórens,“ segir Ólafur Ísberg Hannesson, sem lauk meistaránámi í lögfræði vorið 2008.


„Skólinn, sem stofnaður var af Evrópusambandinu árið 1972, býður upp á LLM- og doktorsnám með rannsóknnum og kennslu í lögfræði, hagfræði, stjórnmálafræði, félagsvísindum og hugvísindum með tililiti til evrópska samfélagsins,“ heldur Ólafur Ísberg áfram.

„Skólinn býður upp á frábært umhverfi fyrir rannsóknir og er ég svo heppinn að fá að vinna í gefandi andrúmslofti þar sem nemendur styðja við bakið hver á öðrum í viðleitni sinni til að ná góðum árangri. Ekki má svo gleyma glæsilegri staðsetningu skólans en auðvelt er að verða snortinn af menningu og listum í Flórens.“

Ólafur Ísberg segir að þetta einstaka tækifæri hefði aldrei boðist án þess stuðnings og liðsstyrks sem Háskóli Íslands bauð. „Kennarar Lagadeildarinnar studdu mig af heilum hug til að auka menntun mína og lögðu mér lið í þeirri miklu vinnu sem umsóknarferli til framhaldsnáms er. En það er þó ekki síst það nám sem Lagadeild Háskóla Íslands býður upp á sem gert hefur draum þennan að veruleika,“ segir Ólafur Ísberg.

Hann segir að í meistaránámi Lagadeildarinnar hafi honum gefist kostur á að velja um áherslusvið sem vöktu áhuga hans til sérhæfingar innan lögfræðinnar. Hann valdi svið Evrópuréttar og segir að lögfræðinám Háskóla Íslands hafi búið hann vel undir að geta stundað rannsóknir á þessu sviði.

„Sé stefnt að krefjandi rannsóknum í framhaldi af námi mæli ég sterktlega með Lagadeild Háskóla Íslands,“ segir Ólafur.





Jóhann Pétur Malmquist, prófessor í tölvunarfræði

SPROTAFYRIRTÆKI SPROTTIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Jóhann Pétur Malmquist, prófessor í tölvunarfræði við Háskóla Íslands, hefur staðið fyrir og komið ellefu sprotafyrirtækjum á koppinn ásamt nemendum sínum. Sem dæmi um sprotafyrirtæki sem Jóhann hefur staðið að má nefna Tumi og táknin, sem er kennsluforrit til að bæta málþroska barna, Open hand, sem býður upp á gagnaveitu fyrir farsíma og nýjasta sprotafyrirtækið, Gítarstilli, sem gerir gítarleikurum kleift að stilla gítarinn gegnum farsíma.

Mörgum fyrirtækjum hefur gengið vel og eitt þeirra, GoPro, fékk útlutningsverðlaun forseta Íslands árið 2001 og varð í 16. sæti sem framsæknasta frumkvöðlafyrirtæki Evrópu sama ár. Einn nemandi Jóhanns kom með hugmyndina að GoPro sem er skjalakerfis-hugbúnaður og um 400 fyrirtæki víða um heim nota í dag.

„Ég tek þátt í því að búa til eitthvað nýtt, það eru mínar rannsóknir. Þetta er svona rannsóknastarf í formi afurða í stað pappírs. Sumt tekst en annað ekki og það sem ekki tekst er líka mikilvæg-

ur partur af reynslunni. Það er samt mun flóknara ferli að fá eitthvað til að virka,“ segir Jóhann.

„Við vissum til dæmis ekki hvort þetta væri hægt með Gítarstillinn og það kom ekki í ljós fyrr en við útfærsluna. Maður veit ekki hvort eitthvað virkar fyrr en maður leggst niður og útfærir það. Hinn venjulegi háskólamaður lætur sér yfirleitt nægja að skrifa grein þar sem hann útlistar hvernig hann heldur að þetta komi til með að líta út og svo er hans grein metin af öðrum, en við útfærum alla leið,“ segir hann.

Margar hugmyndir hafa sprottið fram hjá Jóhanni og nemendum hans í Tæknigarði.

„Fólk er alltaf að fá hugmyndir og það er ekkert mál að fá hugmynd, það er auðveldi parturinn. Það er erfiðara að útfæra hugmyndina. Og þótt maður geti útfært hugmyndina þá er spurning hvort maður geti selt hana; er maður með afurð sem markaðurinn vill? Svo er ekki víst að það dugi til að sprotafyrirtækið nái að ganga, þannig að þetta er mikið og erfitt ferli,“ segir hann.

Jóhann segir að Tækniþróunarsjóður Rannís sé farinn að horfa til hluta sem skipta máli við að byggja upp nýjar atvinnugreinar á Íslandi því það verði að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslífið. „Það þýðir ekkert að fá bara delli fyrir einhverju einu eins og bankastarfsemi eða loðdýrarækt og að allir séu að vinna í því sama. Styrkir sem nemendur mínir og ég höfum fengið úr Tækniþróunarsjóði hafa skipt gríðarlega miklu máli. Nýjasta verkefnið sem Jóhann er að glíma við heitir „Globe Tracker“ og er það unnið með bandarískum samstarfsaðilum og kínverskum stjórnvöldum.



Styrkir samstarf Japans og HÍ

Toshizo Watanabe og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu á haustdögum stofnskrá nýs styrktarsjóðs við Háskólann. Watanabe-sjóðurinn veitir styrki til skiptináms í Japan og á Íslandi, auk þess að stuðla að skiptum á vísindamönnum. Stofnframlag Watanabes til sjóðsins nemur þremur milljónum Bandaríkjadala.

Toshizo Watanabe er stofnandi Nikken-fyrirtækisins, sem hefur höfuðstöðvar í Bandaríkjunum. Á yngri árum nam hann við Brandeis-háskólann í Waltham í Massachusetts í Bandaríkjunum sem skiptinemi og kynntist þar Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Hann fékk styrk til námsferðarinnar og var ævinlega þakklátur þeim sem studdu hann til náms. Við undirritun stofnskrár sjóðsins sagðist hann hafa viljað gjalda fyrir aðstoðina með því að setja sjálfur á fót sjóð til að styrkja ungt fólk til náms erlendis. Hann hafi því haft samband við Geir, gamla skólabróður sinn, og lýst yfir áhuga á að stofna sjóð við íslenskan háskóla.

Við undirritun stofnskrárinnar varð Toshizo Watanabe og Geir Haarde tíðrætt um vináttuna og gildi hennar. Þeir slógu á létta strengi þegar þeir rifjuðu upp námsárin en þeir deildu meðal annars herbergi í einn vetur. Watanabe hafði á orði að Geir hefði aðeins bætt á sig pundum en Geir sagði glaðhlakalega á móti að kollhárunum á Watanabe hefði eitthvað fækkað frá því á námsárunum.

Kristín Ingólfssdóttir rektor þakkaði Watanabe fyrir framlagið við undirritunina og sagði að sjóðurinn myndi veita fjölda nemenda og fræðimanna einstakt tækifæri til samstarfs við Japan.

62 ÁR SKILJA AÐ ELSTA OG YNGSTA

Í Háskóla Íslands er að finna fólk á öllum aldri. Elsti nemandi skólans er Sveinn Guðmundsson, 79 ára rússneskunemi, og sá yngsti er Elín Sigurðardóttir, 17 ára verkfræðinemi.

Við fyrstu sýn mætti halda að þau eigi ekki mikil sameiginlegt en annað kemur á daginn. Hann er rafmagnsverkfræðingur að mennt og hún er á fyrsta ári í því námi. Og þau eru bæði haldin brennandi námsáhuga.

„Maður er alltaf að læra, það er bara eðli mannsins, ég hætti ekki meðan hausinn er í lagi,“ segir Sveinn sem ákvað að skella sér aftur í skóla eftir að hann sá viðtal við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra þar sem hún bauð eldra fólk velkomið í Háskólann. „Ég ákvað að taka hana bara á orðinu,“ segir Sveinn og hlær.

Sveinn er með stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík og ein bekkjarsystir hans frá þeim tíma

er móðir Háskólarektors. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, var einnig í sama bekk. Sveinn stundaði fyrst nám í Háskóla Íslands árið 1949, þar sem hann lagði stund á rafmagnsverkfræði. Sveinn segir að geysilega mikill munur sé á Háskóla Íslands í dag og þegar hann byrjaði þar fyrst. „Það er ekki hægt að bera það saman.“

Elín segir það ekki hafa verið mikil viðbrigði fyrir sig að byrja í háskóla en hún stundaði nám í Menntaskólanum Hraðbraut í fyrra. „Nei, námið er miklu skemmtilegra í Háskólanum, mun meira krefjandi,“ segir Elín. „Krakkarnir hér taka mér mjög vel. Ég held að aldur skipti litlu máli í háskólanámi. Fólk er mest hissa á því að ég sé að flýta mér svona en ég er að þessu af því þetta er skemmtilegt.“

Sveinn segist ekki geta gefið Elínu neitt betra ráð en að halda sig vel að náminu. „Það er vinna, alveg frá upphafi til enda.“



Halldór S. Guðmundsson, lektor í Félagsráðgjafardeild Lausnarvinna í lífskreppum

„Það skiptir miklu að félagsráðgjafar og annað starfsfólk velferðarþjónustunnar vinni skipulega og markvisst, vinnubrögðin séu lausnarmiðuð og geri ráð fyrir sjónarmiðum notandans,“ segir Halldór Sigurður Guðmundsson, lektor í félagsráðgjöf. „Þar á ég við,“ bætir hann við, „að markvisst sé leit að eftir mati einstaklinganna sjálfra og þeirra sem best þekja til hverju sinni. Slíkt bætir þjónustuna, gerir hana markvissari og tryggir að mismunandi sjónarmið koma fram, sem nauðsynlegt er til að fá heildarsýn á hvert mál. Þetta eru m.a. ástæður þess að ég legg áherslu á rannsóknir, þróun matstækja og

vinnuaðferða sem gera ráð fyrir virkri þátttöku notandans,“ segir Halldór, sem hefur m.a. sérhæft sig í rannsóknum á barnavernd, atvinnuleysi og starfsendurhæfingu.

„Megináhersla er lögð á þátttöku notandans,“ segir Halldór, „fjölfaglega vinnu, aukið samstarf og matsaðferðir sem skapa grunn til aukinna samskipta, skilnings og framlags þeirra sem að málum koma. Samfélagslegar aðstæður og lífskreppur gera vaxandi kröfur um markvissa og lausnarmiðaða félagsráðgjöf.“



Áslaug Geirsdóttir, prófessor í Jarðvísindadeild

SKÝRINGA LEITAÐ

Á HLÝNUN JARÐAR

„Við erum að upplifa óvenjulega hlýnun í heiminum í dag, sem vekur upp ýmsar spurningar varðandi orsök og afleiðingar,“ segir Áslaug Geirsdóttir, prófessor í jarðfræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Áslaug vinnur nú að rannsókn á umhverfisbreytingum á Suðurlandi síðustu 3000 ár ásamt Yarrow Axford, nýdoktor við HÍ, og Gifford H. Miller, prófessor við Háskólann í Colorado.

Við viljum rannsaka hver þáttur mannsins er í hlýnuninni og hvort við getum dregið einhverjar ályktanir af sögu loftslagsbreytinga varðandi orsök og afleiðingar þeirrar hlýnunar sem á sér stað í dag. Jarðlög, jarðvegur og allt lífríki er mjög næmt fyrir minnstu breytingum á loftslagi. Þessar breytingar varðveitast sérstaklega vel á stöðum þar sem setmyndun er hröð og samfelld eins og í stöðuvötnum og í hafinu,“ segir Áslaug.

Áhugi hennar á málefnum kviknaði þegar hún stundaði grunnnám í jarðfræði við Háskóla Íslands

og áhuginn skerptist í framhaldsnámi hennar við University of Colorado.

„Áhuginn efldist enn frekar þegar ég sá samhengið á milli þeirra umhverfisbreytinga sem mælast í stöðuvatnasetinu, byggt til dæmis á magni kolefnis, kísils og tegundum rykmýslirfa í setinu, og veðurfarsþátta. Ef okkur tekst að rekja þessar breytingar aftur í tímann, og skilja ástæður þeirra, verður það mikilvægt gagnainlegg í umræðuna um loftslagsbreytingar og áhrif gróðurhúsalofttegunda á loftslag í dag og til framtíðar.“



Eitt meginmarkmið rannsóknanna er að tímasetja nákvæmlega snöggar breytingar á þróun loftslags hér við Norður-Atlantshafið á síðustu árbúsundum með aðstoð gjóskulaga. „Ef okkur tekst að tengja slíkar breytingar til dæmis stórum eldgosum, sólarvirkni, breytingum í hafstraumum eða öðrum áhrifaþáttum, eykur það skilning okkar á þeim loftslagsbreytingum sem við erum nú að upplifa og gæti hugsanlega sett betri skorður á framtíðarspár um gróðurhúsaloftslag,“ segir Áslaug.

Rannsóknin á Suðurlandi er angi af stærra rannsóknaverkefni um samspil eldvirkni og loftslagsbreytinga á síðustu 10-12 þúsund árum. „Það sem gerir þessar rannsóknir svo áhugaverðar er samvinna þriggja ólíkra hópa vísindamanna sem nálgast viðfangsefnið hver frá sínu sérsviði, í eldfjallafræði, fornloftslagsfræði og líkanreikningum, þar sem reynt er að herma eftir loftslagi fyrri tíma meðal annars með gögnum okkar úr stöðuvatnaseti. Niðurstöðurnar eru síðan notaðar til að spá fyrir um loftslagsbreytingar í framtíðinni,“ segir Áslaug. „Hér er um mjög öflugan alþjóðlegan hóp að ræða, frá Kanada, Bandaríkjunum, Norðurlöndunum, Bretlandi og Íslandi, sem hefur í brennidepli eldgos á Íslandi og loftslagsbreytingar við Norður-Atlantshafið síðustu 12 þúsund árin.“



MARKMIÐ RANNSÓKNARINNAR ER AÐ BENDA HEILBRIGÐIS-YFIRVÖLDUM Á ÆSKILEGA KOSTI TIL AÐ EFLA MARKVISST LÝÐHEILSU ELÐRI ALDURSHÓPA HÉR Á LANDI.



Janus Guðlaugsson, aðjunkt og doktorsnemi í Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

AÐ LIFA LÍFINU LIFANDI LENGUR

Markmiðið með rannsókninni er að freista þess að bæta lífsgæði fólks og að sýna fram á að einstaklingar geti haldið góðri heilsu á efri árum og jafnvel bætt hana,“ segir Janus Guðlaugsson M.Ed., íþróttáfræðingur og doktorsnemi við Íþróttáfræðasetrið á Laugarvatni. Janus var áður atvinnumaður í knattspyrnu og spilaði m.a. með liði SC Fortuna í Köln í Þýskalandi á níunda áratugnum.

Núna vinnur hann að viðamikilli rannsókn ásamt fimm meistaranemum innan Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Rannsóknin snýr að eldri aldurshópum og er meðalaldur fólksins í rannsókninni 78 ár. Hún byggist á sex mánaða íhlutunarrannsókn sem samanstendur af þol- og styrktarþjálfun og fræðslu um mataræði með hliðsjón af markmiðum Lýðheilsustöðvar. Fólkið er mælt fyrir og eftir breyttan lífsstíl, sem og ári eftir að rannsókn lýkur. Það sem meðal annars er rannsakað er hvort þátttakendur bæti þol sitt í formi gönguvegaleNDAR á ákveðnum tíma, auki vöðvastyrk og bæti við vöðvamassa.

„Eldri borgarar verða sífellt fjölmennari hópur í vestrænum samfélögum. Þetta gæti leitt til vandamála og fjárhagserfiðleika fyrir heilbrigðiskerfi vestrænna þjóða, verði ekki fundnar nýjar leiðir til að bæta lýðheilsuna. Þetta hafa sérfræðingar á Norðurlöndum, í Evrópu og Bandaríkjunum bent á,“ segir Janus.

Markmið rannsóknarinnar er að benda heilbrigðisyfirvöldum á æskilega kosti til að efla markvisst lýðheilsu eldri aldurshópa hér á landi. „Ef ekki er gripið inn í á annan hátt en gert hefur verið, og þannig stuðlað að betri heilsu þessa stækkandi hóps, gæti orðið hættu á gjaldþroti í heilbrigðiskerfinu að mati sérfræðinga. Því er mikilvægt að stuðla að bættri heilsu þessara aldurshópa með

markvissum aðgerðum sem tengjast alhliða þjálfun og breyttu mataræði. Bætt heilsa leiðir einnig til þess að fólk í eldri aldurshópum hefur aukna möguleika á því að sjá sem lengst um sig sjálft og búa í heimahúsum samhliða því að kostnaður heilbrigðiskerfisins minnkar.“

HVERS VEGNA VALDIR ÞÚ HÍ?



Ragheiður Theodórsdóttir, BA-nemi í spænsku

Spænskunámið í HÍ er rökrétt framhald á spænskunámi mínu í framhaldsskóla og málaskóla í Barcelona.



Andrea Porkelsdóttir, BS-nemi í líffræði

Ég valdi HÍ vegna þess að þar er meira námsframboð á mínu áhugasviði en í öðrum háskólum á Íslandi. Eftir útskrift stefni ég á framhaldsnám í líffræði.



Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði Smáríki þurfa efnahagslegt skjól

„Smáríki, eins og Ísland, þarf á öflugum efnahagslegu skjóli að halda hjá völdugum nágrönnum eða fjölþjóðastofnunum til að standa af sér alþjóðlegar hagsveiflur og tryggja hagsmunum sína í alþjóðasamfélaginu,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði og formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands. Baldur hefur verið mikið í fjölmiðlum að undanförunu og metið pólitískt ástand á Íslandi.

Baldur segir að smáríki hafi í vaxandi mæli kosið samvinnu við ríki innan fjölþjóðastofnana frekar en tvíhliða samskipti við völduga nágranna eins og tíðkaðist öldum saman. Aðild að fjölþjóðastofnunum geti enda dregið úr ytri efnahagsáföllum sem smáríki verða reglulega fyrir vegna alþjóðlegra efnahagsveifla.

„Smáríki hafa sterkari samningsstöðu innan fjölþjóðastofnana, þar sem leikreglur eru skýrar og ríki eru oft jafn rétt há, en í tvíhliða viðræðum við ríki. Innan fjölþjóðastofnana eiga smáríki auk þess möguleika á að hafa áhrif á alþjóðlegar reglur eins og um utanríkis- og fjármálaviðskipti,“ segir Baldur.

„Ráðamenn í öllum smáríkjum Evrópu hafa kosið að leita í efnahagslegt skjól ESB en örríkin Liechtenstein, Andorra, San Marínó og Mónakó hafa öll umfangsmikla samninga við nágrannaríki sín sem tryggja þeim efnahagslegan stöðugleika og varnir. Ísland stendur eitt án skjóls,“ fullyrðir Baldur.

Hann segir að Íslenskum ráðamönnum hafi mistekist að tryggja landinu efnahagslegt skjól hjá Bandaríkjunum og ESB.

„Íslensk stjórnvöld komu landinu inn í EES og í það frelsi sem aðildinni fylgdi en brugðust þegar kom að því að tryggja hið efnahagslega skjól sem smáríki þarf nauðsynlega á að halda í alþjóðasamfélaginu,“ segir Baldur.



„EFNAHAGSLEG VELMEGUN

SPIILLIR EKKI FÓLKI,

HELDUR GRÆÐGI OG VALDAFÍKN“

Páll Skúlason prófessor í heimspeki og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands er einn þekktasti hugsuður þjóðarinnar. Páll er þekktur fyrir þælingar sínar um siðferði, en það orð hefur verið tamt á tungu Íslendinga síðasta kastið vegna efnahagshrunsins.

Páll hefur sagt að það reyni á siðferði í öllum samskiptum: „Engin samskipti ganga vel fyrir sig nema tekið sé vitandi vits eða óafvitandi mið af siðferðisgildum á borð við virðingu, sanngirni, réttlæti, vinsemd og umhyggju,“ segir Páll.

Sumir fullyrða að siðferðisvitund fólks hraki samfara því að velmegun eykst og að áherslur flytjist þá frá mannlegum gildum yfir á efnisleg gildi. „Efnahagsleg velmegun spillir ekki fólki,“ segir Páll, „heldur græðgi og valdafíkn sem leiða aldrei til almennrar velmegunar. Hér á Íslandi hefur raunveruleg velmegun ekki verið til staðar upp á síðkastið, heldur botnlaus skuldsetning sem við áttum ekki fyrir. Svo má tala um andlega og menningarlega velmegun sem spillist líka af græðgi og valdafíkn,“ segir Páll.

Í ljósi þessa getum við spurt okkur hvernig við Íslendingar getum sem þjóð stuðlað að bættu siðferði í íslensku samfélagi.

„Ósiðir og lestir okkar Íslendinga,“ segir Páll, „hafa að undanförunu verið mest áberandi í fjármálum og stjórnmálum. Hér höfum við brotið margar óskráðar siðareglur. Við þurfum að gera þrennt að mínum dómi: (1) Rannsaka vandlega það sem misfarist hefur í siðferðilegum eignum á Íslandi, einkum tengsl stjórnslu og viðskipta í aðdraganda bankahrunsins; (2) taka skilmerkilega saman helstu siðareglur viðskipta og stjórnmála og kynna þær rækilega; (3) vinna þarf markvisst að róttækri hugarfarsbreytingu og endurskoðun þess gildismats sem ríkt hefur í samfélaginu, m.a. með því að temja fólki virðingu fyrir andlegum og siðferðilegum gildum, ekki síst í tengslum við fræðigreinar svo sem viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði og verkfræði,“ segir Páll Skúlason heimspekingur.



ALLT TIL ALLS

Háskóli Íslands er lífandi samfélag sem teygir anga sína um allt land og út fyrir landsteinana þótt hjarta hans slái í Reykjavík. Innan þessa samfélags starfa þúsundir kennara, starfsmanna og nemenda sem vinna að því að efla vísindi og fræði. Fjölbætta þjónusta er að finna innan Háskólasamfélagsins, svo sem húsnæðisþjónusta fyrir stúdenta, leikskólapláss, atvinnuþjónusta, námsráðgjöf, leikhús og annað sem þegar þess þarf. Háskóli Íslands kappkostar að veita nemendum sínum fyrirmyndaraðstöðu og -þjónustu.

Stærsta bókasafn landsins

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkomnasta bókasafni landsins í Þjóðarþóklöðu og fá þeir bókasafnskort sér að kostnaðarlausu meðan á námi stendur. Á bókasafninu hafa nemendur meðal annars aðgang að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins og öllum lokaritgerðum nemenda við Háskólann. Í Þjóðarþóklöðu eru mörg hundruð sæti til lesaðstöðu, tölvuver, hópinnuherbergi og litlar skrifstofur sem hægt er að taka á leigu gegn vægu gjaldi.

Allt til námsins – allan sólarhringinn

Markvisst er unnið að því að bæta námsaðstöðu nemenda og þjónustu þeim til handa. Innra vefkerfi skólans er í stöðugri þróun og nýttist það nemendum bæði við námið sjálft og skipulag þess. Lesaðstöðu, bókasöfn og tölvuver er að finna í nær öllum byggingum Háskólans. Nemendur hafa aðgang að byggingum deilda sinna allan sólarhringinn. Sótt er um Stúdenta-kort á hi.is sem veitir nemendum sólarhringsaðgang, auk þess að vera afsláttar- og auðkenniskort.

Getum við aðstoðað?

Á Þjónustuborðinu á Háskólatorgi er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru á torginu. Þar eru afgreidd ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og þar má fá upplýsingar um nám, námsval, stúdentskipti, húsnæði, réttindamál og margt fleira. Reiknistofnun Háskólans er einnig með útibú á Þjónustuborðinu og þar geta nemendur t.d. fengið aðstoð við að tengjast Netinu og að prenta út gögn.

Námsráðgjöfin stendur með þér

Námsráðgjafar Háskólans eru brautryðjendur í starfi sínu og þeir sinna nemendum af mikilli alúð. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, úrræði og ráðgjöf vegna fötlunar, ráðgjöf í námsvali og upplýs-

ingamiðlun, auk þess sem námsráðgjafar sinna persónulegri og sálfræðilegri ráðgjöf. Starfsfólk Námsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur um námstækni, prófundirbúning, markmiðasetningu, tímastjórnun o.fl.

Þú skiptir máli!

Nemendur skipta höfuðmáli við Háskóla Íslands og þeir hafa alltaf átt sterk fótök í starfsemi skólans. Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum ráðum og nefndum innan Háskólans. Stúdentar geta því tekið ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans. Auk Stúdentaráðs starfa fjölmörg hagsmunafélög og nemendafélög innan Háskóla Íslands.

Út í heim

Samstarf Háskóla Íslands við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir o.fl. er viðamikil og þar gegnir Alþjóðaskrifstofan víðtæku hlutverki. Starfsfólk Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins aðstoðar þá stúdenta sem ætla utan til náms og þá erlendu stúdenta sem hingað koma.

HAFÐU SAMBAND

Skrifstofa FS, Félagsstofnunar stúdenta

Háskólatorgi
Sími: 5700 700
fs@fs.is
www.fs.is

Bóksala stúdenta

Háskólatorgi
Sími: 5700 777
boksala@boksala.is
www.boksala.is

Nemendaskrá

Háskólatorgi
Sími: 525 4309
nemskra@hi.is
www.hi.is

Stúdentaráð HÍ

Stúdentahéimilínu við Hringbraut
Sími: 5700 850
shi@hi.is
www.student.is

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Arngrímögötu 3
Sími: 525 5600
lbs@bok.hi.is
www.landsbokasafn.is

Námsráðgjöf

Háskólatorgi
Sími: 525 4315
radgjof@hi.is
www.hi.is

Alþjóðaskrifstofan

Háskólatorgi
Sími: 525 4311
ask@hi.is
www.ask.hi.is



NÁMSEININGAR OG NÁMSÁRIÐ

Nám við Háskólann er metið í einingum (e). Hvert námsár skiptist í tvö misseri, haustmisseri og vor-misseri. Hefðbundið ársnám er talið 60 einingar og almennt er miðað við að hver eining svari til 25-30 vinnustunda í námi. Nemendum er þó leyfilegt að taka allt að 40 einingar á misseri en sérstakt leyfi þarf til að taka fleiri. Nemendum er frjálst að taka færri en 30 einingar á misseri, kjósi þeir það.

Prófgráður við Háskóla Íslands

Við Háskólann eru þrjár háskólagráður. Fyrsta háskólagráða kallast grunnnám, þ.e. BA, BS eða B.Ed. Að baki þeirri gráðu er minnst þriggja ára nám en nokkrar leiðir eru lengri og geta tekið 4-6 ár. Önnur háskólagráða er svokallað meistaraþróf, t.d. MA, MS eða M.Ed., en að baki henni er yfirleitt tveggja ára nám. Þriðja háskólagráðan er síðan doktorsþróf.

Meistaránám og doktorsnám kallast einu nafni framhaldsnám. Því til viðbótar býður Háskóli Íslands ýmsar styttri námsleiðir, diplómanám eða hagnýtt nám, starfsmiðað nám eftir fyrstu háskólagráðu og sjálfstætt grunnnám.

Allar nánari upplýsingar um námið, fyrirkomulag kennslu, próf og mikilvægar dagsetningar fyrir nemendur er að finna á hi.is.

VERTU MEÐ

VILTU SYNGJA?

Öflugt kórastarf

Við Háskóla Íslands eru tveir glæsilegir kórar, Háskólakórinn og Kvennakór Háskólans. Háskólakórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Kórinn hefur borið hróður Háskólans víða um heim. Kvennakór Háskólans hóf nýlega störf og hefur frá upphafi vakið verðskuldaða athygli fyrir fagrar raddir og fágaðan flutning.

VILTU LEIKA EÐA DANSA?

Stúdentaléikhús og Háskóladans

Stúdentaléikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina. Háskóladansinn nefnist nýtt dansfélag fyrir háskólanema, fótfrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi.

VILTU SKEMMTA ÞÉR?

Nemendafélög

Fjöldmörg nemendafélög eru starfandi innan skólans. Nemendur standa fyrir árs hátíðum, vísindaferðum, kvikmyndakvöldum, fyrirlesturum, upplestrarkvöldum og ljóðakvöldum svo að fátt eitt sé nefnt. Nemendafélögin taka sérstaklega vel á móti nýnemum og halda mörg hver sérstök nýnemakvöld þar sem nýtt fólk er boðið velkomið í hópinn.

VILTU HREYFA ÞIG?

Íþróttahúsið

Íþróttahús Háskóla Íslands er opið öllum nemendum skólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi – svo sem þolfimi, jóga og herþjálfun og margt fleira – og síðan er hægt að slappa af í gufu eftir öll átökin. Að auki geta nemendur pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Þennan kost nýta sér margir til að spila fótþolta, blak, badminton eða annað.

VILTU LESA OG SKRIFA?

Stúdentablaðið

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann. Stúdentablaðið er opinn miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru allir hvattir til að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum.

VILTU KOMA?

Opinn Háskóli

Allt árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og viðburðir af margvíslegum toga við Háskóla Íslands opnir almenningi. Tugir þúsunda gesta sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur sérstaklega velkomnir. Allir viðburðir eru auglýstir á forsíðu vefseturs Háskólans og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem er í boði hverju sinni.

Líttu á student.is og fáðu allar nánari upplýsingar.



Erla Björk Jónsdóttir guðfræðinemi og Þormóður Geirsson lyfjafræðingur

ÞETTA ER FRÁBÆRT SAMFÉLAG

Á Háskólasvæðinu, á kampus sem rammast inn milli Hofsvalla-götu, Hringbrautar og Vatnsmýrar, er heilt samfélag. Þar eru til að mynda stúdentagarðar, nokkur veitingahús, mörg kaffihús, bóksala, leikskólar, verslanir, sparkvelli, útivistarsvæði, leikvelli, bókasöfn og íþróttahús, auk Háskólabygginganna.

Erla Björk Jónsdóttir guðfræðinemi og Þormóður Geirsson, nýútskrifaður lyfjafræðingur, búa ásamt dætrum sínum á stúdentagörðunum við Eggertsgötu. Dæturnar Auður Rós, 5 ára, og Freydís Lilja, 2 ára, eru á leikskólanum Mánagarði sem er líka við Eggertsgötu.

„Að búa hérna hefur skipt rosalega miklu máli því það er bæði stutt í leikskólann og Háskólann. Það er ekkert vesen, hér er allt í göngufæri sem auðveldar okkur margt og dagurinn smellur vel saman hérna,“ segir Erla Björk.

Erla Björk og Þormóður segja Háskólasamfélagið vera gott net sem haldi vel utan um fjölskyldur á

námstímanum. „Hér eru allir að gera það sama og það er svo góður stuðningur fólgin í því til að halda áfram og klára sitt nám. Hér hefur allt gengið upp og við útskrifumst bæði á tiltölulega réttum tíma. Við þurftum lítið að seinka náminu þrátt fyrir barn-eignir,“ segja þau. „Leigan er hagstæð og við höfum fengið húsaleigubætur líka þannig að fjárhagslega hefur þetta gengið vel. Hér í húsinu er sér salur til að halda afmæli, lesstofa, stórt þvottahús og svo leikvöllur fyrir utan. Þetta er frábært samfélag og hér höfum við eignast góða vini til frambúðar.“

Félagsstofnun stúdenta rekur þrjá leikskóla, Sólgarð, Mánagarð og Leikgarð. Sólgarður og Leikgarður bjóða upp á pláss fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára og eru einu leikskólarnir sem

bjóða upp á pláss fyrir þetta ung börn. Mánagarður er fyrir börn á aldrinum eins til sex ára.

„Dætur okkar byrjuðu 8 mánaða á Sólgarði og við höfum góða reynslu af því að setja þær svona ungar á leikskóla. Það er líka gott að hafa þennan stöðugleika því það er sami kjarninn hér á milli leikskólanna og samræmd leikskólastefna og það finnst okkur mjög gott,“ segir Erla Björk.

„Í prófum er hægt að bæta klukkutíma við vistun og þá er líka boðið upp á vistun á laugardögum. Þetta er sniðið að háskólaþólki. Leikskólinn er líka vel mannaður og við höfum aldrei lent í því að þurfa að sækja stelpurnar af því að það vanti starfsfólk. Stór hluti barnanna sem eru á leikskólanum býr á gördunum, þannig að fjörið heldur einnig áfram eftir leikskóla sem er skemmtilegt og skapar sterk vinabönd milli barnanna.“



Ari Ólafsson, dósent í Raunvísindadeild

VILL GEFA BETRI MYND AF RAUNVÍSINDUNUM

„Við leitum svara við því hvernig náttúran bregst við áreiti sem við beitum hana,“ segir Ari Ólafsson, dósent í tilraunaeðlisfræði. „Þetta er orðin aldagömul grein. Það sem ég fæst við núna er kannski fyrst og fremst að sýna almenningi feegurðina sem liggur í þessum fyrirbærum. Feegurðin liggur fyrst og fremst í því sem er einfalt, að mínu mati. Til að fá ánægju út úr vísindunum þurfum við að hafa einhverja gleði.“

Ari hefur á undanförmum árum einbeitt sér að því að kynna raunvísindin fyrir ungu fólki og notar til þess ýmis skemmtileg tæki og tól. „Ég vil gefa betri mynd af raunvísindunum. Þau hafa ekki góðan þokka í dag, þeim er kennt um ýmsa óárán sem við höfum lent í. Ég vil breyta þessari ímynd. Þarna er heilmikla fegurð að fá og margt gott. Að

VÍSINDAMAÐURINN ER EKKI Í HVÍTUM SLOPPI, MEÐ HÁRIÐ ÚT Í LOFTIÐ OG HÁLFRUGLAÐUR!

mörgu leyti er þetta ímyndarvandamál. Það er rötgróin hjá okkur mynd af vísindamanninum. Hann er í hvítum sloppi, með hárið út í loftið og er hálf- ruglaður! Við erum alin upp við þessa staðalímynd og hún situr mjög djúpt í okkur,“ segir Ari.

Ari segir að vísindageirinn skorti hæft starfsfólk fyrir framtíðina. „Börnin eru yfirleitt opin fyrir þessu en oft breytist verðmætamatíð á unglingsárunum.

Það hefur gengið illa að halda áhuganum við á þeim árum. Ég lít svo á að nú þurfi að gera eitthvað í þessu, því menn hafa áhyggjur af því að erfitt verði að manna lykilstöður í tæknigeiranum í framtíðinni, það fái ekki hæfur mannskapur í það,“ segir Ari.

Sumum börnum tekst þó að halda áhuganum við. „Fyrir nokkuð löngu var ég með námskeið fyrir bráðger börn, þar sem við vorum að slökkva eld með þurrís. Ég man eftir að ég fékk teikningu frá einu barninu af maskínu sem átti að dæla þurrísum á eldinn. Þessi drengur er nú orðinn nemandi hjá mér á fyrsta ári, þannig að áhuginn hefur haldist.“

Ari kennir eðlisfræði, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. „Á minni könnu er helst verkleg kennsla og flest allt sem lýtur að ljósfræði,“ segir Ari. „Ljósfræði fjallar um eiginleika ljóssins og hvaða leiðir við höfum til að framleiða leysigeisla.“ Annað sem Ari hefur í fórum sínum er tónprípa sem virðist búa til hljóð úr engu. „Tónprípan einföld. Hægt er að nota hitamismun til að búa til hljóð, eða snúa ferlinu við



og nota hljóð til að búa til hitamismun. Hljóðið úr pípunni er nóg til að fylla stóra sali, ég hef sýnt þetta í Háskólabíói,“ segir Ari. „Svo má nota þetta í hljóðknúinn ísskáp! Kælivél, þar sem ekkert er hreyfanlegt nema gasið, svo að hún slitnar lítið.“



Jón Karl Helgason, lektor við Íslensku- og menningardeild, skrifar um Ragnar í Smára

ÁTTI SMJÖRLÍKISGERÐ OG BRENNISTEINSVERKSMIÐJU OG GAF ÚT HALLDÓR LAXNESS

Ragnar er litríkur karakter og það eru forréttindi að fá að umgangast hann, þótt ekki sé nema í gegnum heimildir," segir Jón Karl Helgason, lektor í íslensku fyrir erlenda stúdenta, en hann vinnur nú að bók um útgefandann og athafnamanninn Ragnar Jónsson í Smára.

„Eitt af því sem gerir Ragnar í Smára að skemmtilegu umfjöllunarefni er að í sögu hans tvinnast saman svo margar hliðar samfélagsins og menningarsögunnar. Hann hafði líka afdráttarlausar skoðanir á öllum hlutum og lét sjaldnast trufla sig þótt ein skoðun rækist á við aðrar.“

„Ragnar var útgefandi Halldórs Laxness og er líklega þekktastur fyrir það,“ segir Jón Karl. „Hann gaf þó út marga aðra höfunda, þar á meðal nokkur þekktustu skálda okkar á síðustu öld, til dæmis Tómas Guðmundsson, Davíð Stefánsson, Ragnheiði

Jónsdóttur, Elías Mar og Stein Steinarr, svo að fá ein nöfn séu nefnd. Afskipti hans af listalífnum voru þó bara hluti af því sem hann fékkst við um ævina. Hann hóf feril sinn sem smjörlíkisframléiðandi en um áratuga skeið átti hann með öðrum manni smjörlíkisgerð sem var oftast kennd við Smára-smjörlíkið. Þeir félagar áttu líka á tímabili sápuverksmiðjuna Mána og fengust við ýmislegt fleira, svo sem uppbyggingu brennisteinsverksmiðju í Mývatnssveit.“

Jón Karl segist stundum fá á tilfinninguna að Ragnar hafi verið skuggaráðherra menntamála í landinu um áratuga skeið, í raun hafi verið starfandi tveir menntamálaráðherrar á hverjum tíma, sá sem sat í ráðuneytinu og svo Ragnar.

„Mér sýnist að hann hafi verið ákaflega óeigin-gjarn maður. Hann studdi ekki listir og listamenn til að slá sjálfan sig til riddara, heldur vegna þess að



hann trúði því að listirnar göfuguðu manninn,“ segir Jón Karl. „Hann var mjög innblásinn af því sem hann glímdi við hverju sinni og hreif fólk gjarnan með sér.“



Ármann Jakobsson, dósent í íslensku SMÍÐAÐI FORNÍSLENSKT

„Ég veit ekki af hverju þeir vildu að geimveran talaði íslensku,“ segir Ármann Jakobsson, dósent í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Eitt af því sem hann hefur tekið að sér seinustu árin er að smíða tungumál fyrir geimveru í ævintýramyndinni Outlander. „Þeir vildu fá víkingamál eins og talað var árið 800. Ég sagði þeim að það væri ekki á mínu sviði, en ég gæti endurgert það sem talað var á 12. öld. Þeir sögðu að það væri ekkert síðra.“

Í kvikmyndinni brotlendir geimfar í norskum firði á tímum víkinganna. Út úr geimfarinu stígur ógurlegt geimskrímsli, sem kallast Moorwen,

sem Kainan, bardagamaður úr öðrum heimi, verður að kljást við með aðstoð víkinganna í Noregi. Leikarinn James Caviezel, sem er frægastur fyrir að hafa leikið Jesúm Krist í mynd Mels Gibsons, The Passion of the Christ, bregður sér í hlutverk bardagamansins. Í myndinni koma fram fleiri nafntogaðir leikarar, meðal annars Ron Perlman og John Hurt.

„Með því að skoða handrit má sjá vísbendingar um hvernig íslenskan var fyrir 900 árum,“ segir Ármann. „En síðan fékk í hendurnar ég texta sem passaði ekki vel við fornt íslenskt mál. Þetta var



Pétur Pétursson, prófessor í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

ANDLEGT INTERNET

„Markmiðið með þessum nýja upplýsingavef er að stuðla að aukinni þekkingu í trúarbragðafræðum á Íslandi,“ segir Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði og deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands en hann vinnur nú ásamt fleirum að því að koma á fót fyrrnefndum upplýsingavef.

Mikill fjölbreytileiki er í trúmálum á Íslandi og aukinn áhugi á andlegum málefnum. Nýir siðir koma með innflytjendum og Íslendingar ferðast meira en áður,“ segir Pétur. „Skólar hafa hvorki krafta né þekkingu til að uppfræða nemendur um mismunandi trúarbrögð. Almennungur og blaðamenn sækjast eftir upplýsingum sem hafa til þessa ekki legið á lausu. Nemar við HÍ leita eftir efni í ritgerðir. Vefurinn á að þjóna þessu öllu.“

Pétur segir að til þessa hafi aðeins brot af trúarhreyfingum verið skráðar hjá dómsmálaráðuneytinu. Á nýja vefnum verður að finna 200 til 300 hópa, stóra og smáa. Sumir hóparnir hafa horfið á sama tíma og aðrir hafa komið til sögunnar.

Vefurinn verður í fimm hlutum: Í fyrsta lagi verða allar trúarhreyfingarnar skráðar og þar verður gerð

grein fyrir uppruna þeirra og sögu, helstu kenningum, siðfræði, starfsháttum og ítarefni. Í öðru lagi verður gerð grein fyrir heimstrúarbrögðunum og tengslum þeirra við Ísland. Í þriðja lagi verður þarna orðalisti þar sem trúarhugtök og fræðihugtök í trúarbragðafræðum verða þýdd á íslensku og þau skilgreind. Í fjórða lagi er að finna greinasafn með gömlum og nýjum fræðigreinum í trúarbragðafræðum. Í fimmta lagi verður þarna stytt ensk útgáfa vefsins fyrir fræðimenn á alþjóðlegum vettvangi.

Á grunni vefsins, og í tengslum við rannsóknir sem honum tengjast, er svo fyrirhugað að skrifaðar verði kennslubækur fyrir grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla um trúarhreyfingar á Íslandi og greinar fyrir blöð og fagttímarit. Jafnframt er ætlunin að þróuð verði námskeið fyrir Guðfræði- og trúarbragða-

fræðideild HÍ í tengslum við vefinn. Nemendur í meistaranámi og doktorsnámi á helstu sviðum trúarbragðafræðanna koma að uppsetningu upplýsingavefsins og að því efni sem þar verður birt. Efnið mun byggjast á rannsóknarnámi nemendanna. Upplýsingavefnum er ætlað að gagnast nemendum og kennurum á öllum stigum menntakerfisins, fræðimönnum við rannsóknarvinnu í trúarbragðafræðum, almenningi, fjölmiðlum, stofnunum og ríkisvaldinu.

Verkefni tengt upplýsingavefnum er á vegum Trúarbragðafræðistofu Guðfræðistofnunar HÍ. Margir aðilar munu koma að verkinu en á meðal þeirra eru fræðimenn og einstaklingar frá Menntavísindasviði HÍ, samráðsvettvangi trúfélaga á Íslandi (sem starfræktur er í samvinnu við Alþjóðahús), háskólasamfélaginu Keili á Keflavíkurlflugvelli, frá Félags- og mannvísindadeild HÍ, Heimspeki- og sagnfræðideild HÍ og Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, ásamt einstaklingum frá nokkrum erlendum háskólum.

TUNGUMÁL FYRIR GEIMVERU

svona dæmigerður hasarmyndatexti. Í honum voru orð eins og „flugskýli“ sem var auðvitað ekki að finna í íslensku máli fyrir 900 árum.“

Í haust hlaut Ármann hin virtu Dag Strömbäck verðlaun frá Gústafs Adólfs akademíunni í Uppsölum fyrir mikilvægar rannsóknir á norrænum miðaldasögum. „Ég fór þangað út með eina handfangurstösku, sem í var nánast ekkert nema einn grímubúningur, það er að segja kjólföt. Þeirra er jafnan krafist við hátíðleg tækifæri í Uppsölum,“ segir Ármann. „Síðan fór ég í Uppsalahöllina og tók við verðlaununum. Í kjölfarið fylgdi hátíð-

arkvöldverður í höllinni með skálaræðum, allt afar geðþekkt, eins og sænskra er von og vísa.“

Ármann segir íslenskukunnáttu sína hafa komið að gagni í mörgu sem hann hefur tekið sér fyrir hendur. „Ég er í nefnd sem semur ný götunöfn í Reykjavík, til dæmis í mörgum af nýju hverfunum. Þau sem hafa gengið best að mínu mati eru þau nöfn sem sótt voru í Eddukvæðin,“ segir Ármann. „Svo notaði ég það sem ég hef lært þegar ég tók þátt í að búa til borðspilið Fimbulkamb. Tungumálið kemur alls staðar við sögu.“ Ármann hefur einnig getið sér gott orð sem bloggari. Í fyrra gaf hann

út bókina Fréttir frá mínu landi en efni hennar er sótt í vinsælt blogg hans. Fyrir jólin kom út fyrsta skáldsagan hans sem ber heitið Vonarstræti.

Ármann lauk doktorsprófi í íslensku við Háskóla Íslands árið 2003 og er nú lektor við íslenskudeild. „Ég held að íslenskan sé skemmtilegri en fólk á von á,“ segir Ármann. „Fólk sem tekur íslensku í framhaldsskólum hefur ekki kynnst henni til hlítar. Hún gefur fólk mörög tækifæri í háskólanámi og að því loknu. Þetta er traust nám sem stenst tímans tönn.“



Valgerður Anna Jóhannsdóttir, aðjunkt í blaða- og fréttamennsku

FRÉTTAMAÐUR ÞARF AÐ VERA FORVITINN

„Nemendur í blaða- og fréttamennsku læra mikið á því að gera hlutina sjálfir, þeir þurfa að afla fréttu, koma með hugmyndir og skrifa mikið. Þeir kynnst vinnubrögðum á mismunandi miðlum og læra að skrifa fyrir bæði prentmiðla og ljósvakamiðla en það er munur þar á. Einnig læra nemendur að vinna með þau tæki sem notuð eru á þessum miðlum og hafa aðgang að góðum tæknibúnaði í náminu.“

Þetta segir Valgerður Anna Jóhannsdóttir, aðjunkt í blaða- og fréttamennsku. „Nemendur læra líka fræðilega um fjölmiðla, ábyrgð þeirra og skyldur. Þeir þurfa að velta fyrir sér fréttamati og hvað ræður því að eitthvað í umhverfi okkar verður frétt og hvað nær því ekki. Við kennum einnig viðtekin vinnubrögð og fræðum nemendur um íslenskt samfélag og stjórnskipun.“


Innt eftir því hvort allir séu með fréttanef segir Valgerður að svo sé ekki en það sé jafnvel hægt að þjálfu það með sér. „Menn eru vissulega misjafnlega naskir á fréttir en þetta er samt eitthvað sem getur komið með reynslu og lærdómi. Góður fréttamaður þarf að vera forvitinn og áhugasamur um fólk og málefni og verður að hafa áhuga á fréttum og þjóðmálum. Fréttamenn vinna yfirleitt undir tímapressu og því þarf fréttamaður að vera snögg-

ur að greina kjarnann frá hisminu og geta sett málið þannig fram að allir skilji.“

Valgerður hefur sjálf um 20 ára starfsreynslu í fréttamennsku. Hún hefur starfað sem fréttamaður á fréttastofu Útvarpsins, var fréttastjóri á Degi-Tímanum og hefur starfað sem bæði fréttamaður og varafréttastjóri á fréttastofu Sjónvarpsins. Í mars 2008 söðlaði hún um og tók við stjórn MA-náms í blaða- og fréttamennsku hjá Háskóla Íslands. „Að sumu leyti er þetta líkt því sem ég hef áður gert, en að sumu leyti ekki,“ segir Valgerður. „Hér gerast hlutirnir ekki eins hratt og í fréttamenskunni en ég kann því mjög vel að sjá að hér er fólk að ræða það sem máli skiptir og andinn er mjög góður. Kennsla á margt sameiginlegt með fréttamenskunni því þetta snýst um að finna aðalatriðin og vekja áhuga nemenda. Námsefnið þarf að setja þannig fram að það sé skýrt og greinargott.“

Aðspurð um hvað sé frétt næmt segir Valgerður að ákveðin viðmið séu notuð. „Í fyrsta lagi eru fréttir eitthvað sem er nýtt því fréttir eru tengdar tíma. Þó getur eitthvað sem gerðist fyrir löngu orðið frétt næmt sé það nýlega uppgötvað. Það skiptir líka máli hversu mikilvægur viðkomandi atburður er og hvort hann snertir marga. Og síðan hefur það sem er óvenjulegt eða óalgengt löngum þótt frétt næmt. Fólk sem hefur áhrif í þjóðfélaginu er frétt næmara en það sem Jón og Gunna eru að fást við því það getur haft áhrif á líf okkar hinna.“

Í dag eru aðstæður erfiðar á fjölmiðlamarkaði, mikill niðurskurður, uppsagnir og dæmi eru um að fjölmiðlar hafi verið lagðir niður. Spurð út í áhrif þessa á námið segir Valgerður að áhuginn hafi alls ekki minnkað heldur þvert á móti aukist. „Skýringin getur verið sú að fólk áttar sig á því núna hvað það skiptir miklu máli að hér séu öflugir fjölmiðlar og sjálfstæðir fréttamenn. Og þótt ástandið sé erfitt á fjölmiðlunum núna er samt alltaf þörf á fjölmiðlum.“ Valgerður segist engar áhyggjur hafa af því að fréttamiðlar leggist af því án þeirra getum við ekki verið. Hún merkir að nú sé meiri áhugi á fjölmiðlum en oft áður og gríðarleg eftirspurn eftir vandaðri umfjöllun og fréttaskýringum.



Einar Stefánsson, prófessor í Læknadeild

KEMUR BÓKVITINU Í ASKANA

„Við viljum að nemendur bæði stundi hefðbundna akademíska þekkingaröflun og komi líka bókvitinu í askana,“ segir Einar Stefánsson, prófessor í læknisfræði við Háskóla Íslands. Einar fékk svokölluð Jules Gonin verðlaun fyrir framlag sitt til augnlækninga í fyrra og þá sérstaklega fyrir vísindaafrek á sviði rannsókna á sjónhinnusjúkdómum.

Íslenskar augnrannsóknir standa framarlega og eru áberandi í alþjóðavísindasamfélaginu,“ segir Einar. „Íslendingar eru einnig meðal þeirra fremstu þegar kemur að birtum vísindagreinum í fræðiritum um læknisfræði, bæði hvað varðar fjölda greina og hversu mikið er vitnað í þær af öðrum fræðimönnum.“

Einar er aðalritstjóri eins virtasta alþjóðlega fag-tímarits augnlækna, Acta Ophthalmologica. „Það er lýsandi fyrir stöðu augnlækninga á Íslandi að skrifstofur tímaritsins eru í Reykjavík,“ segir Einar.


Einar hefur lagt stund á margs konar rannsóknir á sviði augnlækninga. „Í öllum verkefnum hafa doktorsnemar tekið þátt í rannsóknunum. Eitt af meginhlutverkum háskóla er að efla vísindi sem leiða ekki einungis af sér aukna þekkingu, heldur einnig nýsköpun í atvinnulífi. Framhaldsnemarnir hafa tekið mjög virkan þátt í þessu og hafa komið að því að stofna sprotafyrirtæki um rannsóknirnar,“ segir Einar.

Eitt þessara sprotafyrirtækja, Oxymap, framleiðir tæki til að mæla súrefnisbúskap augans. „Við höfum selt nokkur eintök til útlanda og vonandi

mun þetta leiða til framfara í greiningu og meðferð augnsjúkdóma,“ segir Einar. Annað verkefni hans, sprotafyrirtækið Oculis, snýr að þróun augnlyfja. „Við höfum unnið með nanóagnir í augndropum sem auka frásög lyfja inn í augað. Þannig má bæta lyfja-meðferð við ýmsum algengum augnsjúkdómum.“

Þá hefur Einar rannsakað tengsl sykursýki og blindu. „Sykursýki er ein algengasta orsök blindu og vaxandi heilbrigðisvandamál,“ segir Einar. „Það hefur náðst gríðarlegur árangur á Íslandi í að minnka hættuna á blindu hjá sykursjúkum. Nú erum við að nota upplýsingatækni til að fullkomna kerfið okkar og koma því á framfæri á alþjóðavettvangi.“

Einar lærði læknisfræði við Háskóla Íslands, en hélt svo til Bandaríkjanna þar sem hann nam lífeðlisfræði við Duke-háskólann. Hann lauk doktorsprófi og sérnámi í augnlækningum, en hefur kennt við Háskóla Íslands frá 1988. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir störf sín, meðal annars Pöhl-verðlaunin í Þýskalandi og verðlaun Synoptik Fonden í Danmörku.



Páll Eiríkur Kristinsson

Ótrúleg lífsreynsla

„Ég ákvað að fara bara eins langt í burtu og ég komst til að prófa eitthvað alveg nýtt og kynnast öðruvísi menningu. Ég bjóst við að kultúrsjokkið yrði enn meira en í raun fannst mér bara stórkostlegt að vera þarna. Seúl er ljúf borg og það er mikið að gerast þarna. Létt er yfir öllum og andrúmsloftið þægilegt,“ segir Páll Eiríkur Kristinsson sem stundaði nám við Sungkyunkwan University á haustönn 2008.

„Við vorum tveir saman í herbergi á heimavist í sex hæða stúdentablokk sem skólinn útvegaði. Þetta var fínt herbergi með sérbaðherbergi og öll aðstaða var alveg til fyrirmyndar.“

Páll segir að námið í Seúl hafi verið öðruvísi uppbyggt en hér heima. „Það er mætingarskylda þarna og mikið af verkefnum í hverjum kúrs en álagið er jafnara yfir önnina. Prófin hér heima eru erfiðari en mikil verkefnavinna í Seúl vóg upp á móti því.“

Páll segist hikaust mæla með skiptinámi. „Þetta var í raun ótrúleg lífsreynsla og gott að komast í nýtt umhverfi. Ég var búinn að vera í fjögur ár í námi við Háskóla Íslands og fannst gott að stíga út úr þessu hér heima og prófa eitthvað annað. Svo er ákveðin lífreynsla fólgin í því að vera fjarrí sínu fólki og öllu hér heima.“

Kennt var á ensku og Páli gafst ekki mikill tími til að læra tungumál innfæddra. „Ég var með meira en nóg á minni könnu varðandi námið en lærði þó að redda mér aðeins á kóresku. Ég eignaðist fína vini þarna, bæði kóreska og einnig aðra skiptinema, til dæmis austurríska, bandaríska og sænska. Allir skiptinemar sem fara þangað fá góðan stuðning því þeim er útvegaður kóreskur nemandi til stuðnings sem alltaf má hringja í.“





Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs

MIKIL ÞÖRF Á FÉLAGSVÍSINDAFÓLKI Í KREPPUM

Félagsvísindasvið er stærsta sviðið í Háskóla Íslands með um 5000 nemendum, sem er vel yfir þriðjungur nemenda. Á sviðinu starfa Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild. Ólafur Þ. Harðarson er forseti Félagsvísindasviðs og hann segir mikinn tíma hafa farið í það undanfarið að skipuleggja og móta þetta nýja svið. „Markmiðið með breytingunum var að efla bæði kennslu og rannsóknir og þjónustu við kennara og nemendur. Að þessu erum við að vinna af fullum krafti, þó að óneitanlega setji efnahagshrunið strik í reikninginn.“

„Það er mjög erfið að halda sjó, og ég tala nú ekki um að efla starfsemina, við þessar kringumstæður. Við tókum samt inn á sjötta hundrað nemenda um áramótin,“ segir Ólafur. „Framlag ríkisins á hvern nemanda í félagsvísindum er mjög lágt sem gerir okkur erfið fyrir. En það var okkar mat að skólanum bæri skylda til þess á þessum erfiðu tímum að koma til móts við fólk sem ella sæti atvinnulaust úti í þjóðfélaginu.“

Ólafur segir að auknum nemendafjölda hafi verið mætt með stórauðum álagi á kennara og skrifstofufólk. „Þessi gífurlega aðsókn á Félagsvísindasviði sýnir að áhuginn á félagsvísindum hefur síður en svo minnkað við þessi efnahagsáföll. Það er í raun mjög eðlilegt því að þó að það gefi efnahagslega á bátinn verður Ísland auðvitað áfram

fyrst og fremst þjónustu- og þekkingarhagkerfi og störf á þessum sviðum eru langstærsti hluti vinnuafslins,“ segir hann.

Það er mjög mikilvægt að mati Ólafs að við fyrrihugaðan niðurskurð á útgjöldum verði menntakerfinu hlíft eins og hægt er. „Framtíðartekjur og endurreisn þjóðfélagsins byggist á menntuðum mannafla. Við getum sagt að það sé aldrei jafn

mikil þörf á fólk með menntun á sviði félagsvísinda og þegar kreppir að,“ segir hann. „Þessir tímar kalla á rannsóknir hvort heldur er á sviði löggjafar, stjórn mála, hagfræði, viðskiptahátta, félagsgerðar eða félagslegrar þjónustu. Það hefur aldrei verið meiri þörf á rannsóknum á þessum sviðum og verkefnum eru ærin.“

HVERS VEGNA VALDIR ÞÚ ÞÍNA NÁMSLEIÐ?



Hera Jóhannesdóttir,
BS-nemi í læknisfræði

Mér fannst læknisfræðin áhugaverð og spennandi þótt námið sjálft sé bæði langt og krefjandi. Það er heillandi að læra um líkamann og hvernig læknisvísindin geta hjálpað fólk.



Inga Rut Ingadóttir,
B.Ed-nemi í leikskólakennarafræði

Ég hef haft mikinn áhuga á öllu sem snýr að yngstu börnunum, t.d. þroskafræði og barnabókmenntum, og tel að námið komi til með að nýtast mér mjög vel í starfi.

Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði

ÞRÓAÐI HRUKKUBANA ÚR ÞORSKSLÓGI



Þegar menn ganga fram á þorsklóg á bryggjusporði, og kannski leyfa sér að nasa örlítið út í loftið, er fráleitt að fegurð og æskublómi komi fyrst upp í hugann. Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði við Háskóla Íslands, lét ekki útlitið og lyktina aftra sér því hann var á eftir innihaldinu. Jón Bragi hefur þróað ensím sem eru einmitt unnin úr þessu vanmetna hráefni.

Um er að ræða svokallað pensím sem er margnota afurð, allt frá því að vera snyrtivara og hrukkubani yfir í að lína þrautir íþróttamanna og gigtarsjúklinga.

Jón Bragi hefur stundað rannsóknir á ensímum í yfir 30 ár en fyrir áratug hóf hann að gera tilraunir með notkun ensíma úr þorsklógi og komst að eigin sögn að því að virka efnið, trypsín (pensím), hafði læknanandi áhrif á ýmsa gigtar- og húðsjúkdóma.

Trypsínið kallar Jón Bragi pensím, sem er afbrigði af ensku samsetningunni „penetrating enzyme.“ Í fyrstu var vörumerkið PENZIM markaðsett sem náttúruvara í læknisfræðilegum tilgangi til að meðhöndla ýmis einkenni gigtar- og húðsjúkdóma. Síðan uppgötvuðust fyrir tilviljun yngingaráhrif efnisins á húð og var þá farið að nota það í snyrtivörur. Upp úr því varð snyrtivörulínan Dr. Bragi til. Í apríl 2008 vann sú lína til verðlauna sem besta nýja vörumerkið á CEW-verðlaunahátíðinni í London en sú samkoma er gjarnan nefnd „óskarsverðlaunahátíð fegurðarbransans“.

Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Einfaldar diffurjöfnur leysa flókin vandamál



Anna Soffía Hauksdóttir kennir námskeið á sviði sjálfvirkar stýritækni, þar sem hún hjálpar nemendum við útfærslur á stýringum, með einfaldri framsetningu lausna á venjulegum diffurjöfnum.

Í raun má segja að diffurjöfnur gangi út á að lýsa sveiflum í tilteknu kerfi en stýringar eru hannaðar til að hemja sveiflur á einhvern hátt. Þessu má líkja við það þegar barn lærir að ganga. Þá er heili þess í raun að finna út hvernig best er að ná jafnvægi með því að halda hryggsúlunni stöðugri. Þessu má líkja við að halda kerfinu í jafnvægi með því að fækka sveiflum og draga úr áhrifum þeirra. Það sama á við þegar við hjólum á reiðhjóli.

„Við erum alltaf að finna ný viðfangsefni þar sem einfaldar lausnir diffurjafna eiga við,“ segir Anna Soffía. Hún hefur ásamt samstarfsmönnum sínum unnið að því að setja fram hagnýtar og einfaldar lausnir á diffurjöfnum allt frá árinu 1991. Rannsóknir teymisins hafa vakið athygli og hefur hópurinn birt niðurstöður rannsókna á alþjóðlegum ráðstefnum og í virtum vísindaritum um árabil. Stýringarnar hafa meðal annars gagnast doktorsnemum við að besta stýringu á hitablásara (hemja hitasveiflur) og skapa jafnvægi á öfugum pendúl.



Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í Lyfjafræðideild

ÍSLENSK NÁTTÚRA ER DÝRMÆT AUÐLIND

„Mér þykir áhugaverðast að skoða efni sem finnast í náttúrunni og rannsaka lífvirkni þeirra,“ segir Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í lyfjafræði og deildarforseti Lyfjafræðideildar Háskóla Íslands. Elín hlaut nýverið styrk frá RANNÍS, ásamt Sesselju Ómarsdóttur dósent, til að rannsaka efni í plöntum og öðrum lífverum í íslenskri náttúru.

Mest spennandi er að finna virk efni sem gætu nýst í baráttunni gegn sjúkdómum,“ segir Elín. „Um helmingur virkra efna í lyfjum koma úr náttúrunni. Þessi efni má finna í ýmsum lífverum og eru notuð meðal annars í krabbameinslyf, sýklalyf og lyf handa þeim sem þjást af Alzheimersjúkdómi.“

Elín telur mikilvægt að Íslendingar nýti sérstöðu sína í þágu vísindanna og þjóðarhags. „Lífrikið í sjónum í kringum Ísland er fjársjóður sem á mikið til eftir að skoða. Það er dýrmætt fyrir Íslendinga að eiga fjölbreytt lífríki sem hefur lítið verið rannsakað í þágu lyfjafræðinnar eða til annarrar nýtingar. Við þurfum að gera okkur grein fyrir mikilvægi þessarar auðlindar, nýta hana rétt og varðveita.“

„Í HUGUM MARGRA FARA ALLIR LYFJAFRÆÐINGAR AÐ VINNA Í APÓTEKUM.“

Meistara- og doktorsnemar í lyfjafræði taka mikinn þátt í rannsóknum Elínar og samstarfsmanna. „Mér finnst mjög skemmtilegt að halda sambandinu við nemendur. Ég ætlaði mér aldrei að verða kennari, en núna finnst mér mjög gefandi að fá að miðla þekkingu og vinna með ungu fólki,“ segir Elín. „Nemendur vinna mjög sjálfstætt og það er mikið af verklegum tímum. Lyfjafræðin er krefjandi nám, en mjög fjölbreytt. Það er mjög margt að gerast í lyfjafræðinni og gríðarlegir fjármunir fara í að finna ný lyf og nýjar leiðir til lækninga.“

Elín segir nám í lyfjafræði bjóða upp á margvíslega möguleika. „Í hugum margra fara allir lyfjafræðingar að vinna í apótekum. En nú er löngu búið að taka framleiðsluna úr apótekunum og setja hana í framleiðslufyrirtækin svo að nú vinna lyfjafræðingar í apótekum, lyfjafyrirtækjum, við rannsóknir, á sjúkrahúsum, við skráningu lyfja og eftirlit svo að eitthvað sé nefnt,“ segir Elín. „Lyfjafræðingar skoða einnig lyfjahagfræðileg og lyfjafaraldsfræðileg vandamál. Undir það flokkast verkefni Rannsóknastofnunar um lyfjamál sem lúta að því að skoða hvernig megi sporna við sóun og rangri notkun á lyfjum og nýta betur þá peninga sem fara í heilbrigðiskerfið.“

Elín útskrifaðist árið 1980 frá Háskóla Íslands með fyrri hluta próf í lyfjafræði en fór svo til Danmerkur til að ljúka prófi sem lyfjafræðingur og tók auk þess doktorspróf. „Mér finnst forréttindi að mega ákveða hvað ég vil rannsaka og hverju ég vil einbeita mér að. Núna erum við til dæmis í samstarfi við aðila, bæði innanlands og utan, háskólafólk og fyrirtæki, sem hafa áhuga á að nýta rannsóknir okkar sem víðast, allt frá matvælum að snyrtivörum eða lyfjum,“ segir Elín.

Viðskipta- og hagfræðinám 70 ára

HÖFUM SKYLDUR

GAGNVART ÞJÓÐFÉLAGINU

segir Ingjaldur Hannibalsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar

Nemendur í viðskiptafræði og hagfræði í Háskóla Íslands hafa aldrei verið fleiri en núna," segir Ingjaldur Hannibalsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar. Í haust voru 70 ár liðin frá því að kennsla hófst í viðskiptafræði og hagfræði á Íslandi. „Fyrst var kennt í Viðskiptaháskóla Íslands, sem starfaði skólaárið 1938 til 1939 í byggingum Menntaskólans í Reykjavík. Árið eftir starfaði skólinn í atvinnudeildahúsi Háskóla Íslands og 1941 var hann sameinaður Háskóla Íslands. Þetta var upphaf kennslu í þessum fræðum á Íslandi.“

Haldið var upp á tímamótin í nóvember síðastliðnum með samkomu í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

„Þá voru þrír einstaklingar sæmdir heiðursdoktorsnafnbót. Við buðum öllum þeim sem hafa útskrifast í viðskiptafræði og hagfræði að koma, en þeir komu sem betur fer ekki allir, þar sem þetta eru mörg þúsund manns,“ segir Ingjaldur.

Í Háskólanum eru nú rúmlega 1.400 nemendur í viðskiptafræði. „Það sem skilur okkur frá öðrum skólum á Íslandi er að nær helmingur nemenda er í meistaranámi. Fyrir 10 árum voru næstum allir okkar nemendur í grunnnámi. Ef við berum okkur saman við skóla erlendis erum við ekki komin með sama hlutfall doktorsnema og það er næsta skrefið að fjölga þeim,“ segir Ingjaldur. „Við erum komin með mjög góða aðstöðu. Hér er góð vinnuaðstaða

fyrir nemendur og mestur hluti kennslu okkar fer fram í samtengdum húsum: Háskólatorgi, Odda og Lögbergi.“

Viðskiptafræðingar og hagfræðingar hafa verið áberandi í fjölmiðlum síðustu misseri. „Við gegnum mikilvægu hlutverki gagnvart samfélaginu,“ segir Ingjaldur. „Margir kennara deildarinnar hafa veitt samfélaginu margvíslega þjónustu í tengslum við efnahagslega erfiðleika þjóðarinnar. Fyrir þá sem hafa verið mest í eldlínunni hefur það tekið mikið af þeirra tíma að upplýsa þjóðina um stöðu mála. Við höfum verulegar skyldur gagnvart íslensku þjóðfélagi.“

Þórhallur Guðlaugsson, dósent í Viðskiptafræðideild ÍMYND EÐA ÍMYNDUN

Mikið hefur verið rætt um ímynd Íslands í fjölmiðlum við upphaf þeirrar efnahagslegu kreppu sem Íslendingar glíma nú við. Ímynd skiptir verulegu máli fyrir þjóðir á sama hátt og hún ræður miklu um afdrif fyrirtækja. Ímynd skiptir einnig miklu máli fyrir staði og fólk. Mjög skiptar skoðanir eru um gildi ímynda og stundum er hugtakinu ruglað saman við ímyndun og því álitnið að ímynd sé eitthvað sem ekki er raunverulegt, sé óekta og hafi lítið raunverulegt gildi.

„Þetta er alvarlegur misskilningur,“ segir Þórhallur Guðlaugsson, dósent í markaðsfræðum við Viðskiptafræðideild HÍ. „Misskilningurinn er af margvíslegum toga, sumir hafa beina andúð á hugtakinu og aðrir telja að hægt sé að byggja upp ímynd hratt og með auglýsingum einum saman. Vera kann að ímynd sé ekki gott orð í þessu sambandi. Hugsanlega væri betra að tala um orðspor, þ.e. að starfsemi, þjóðir og einstaklingar byggji upp orðspor. Annar misskilningur er sú ranghugmynd að auglýsingar byggji upp ímynd eða orðspor. Auglýsingar hafa fyrst og fremst

þau áhrif að byggja upp vitund og koma skilaboðum á framfæri. Reynslan hefur mun dýpri áhrif á ímyndina. Ef fyrirtæki auglýsir hágaðþjónustu en reynsla fólks af þjónustunni er hins vegar allt önnur, hefur hún mun meiri áhrif á ímyndina en auglýsingarnar. Þær ýta jafnvel undir neikvæða ímynd,“ segir Þórhallur.

Þórhallur hefur lagt stund á rannsóknir á ímynd fyrirtækja í nokkur ár. Vaxandi umræða hefur verið síðastliðin ár um ímynd þjóða og skiptar skoðanir eru um hvort horfa megi á þjóðríki sem auðkenni (brand). Öllum má vera ljóst að þjóðríki hafa mismunandi orðspor eða ímynd og er þetta ekki síst áberandi þessa dagana. Í huga okkar tengjast sumar þjóðir jákvæðum gildum, aðrar neikvæðum gildum og um enn aðrar vitum við lítið.

Nokkur umræða hefur verið um hvort hrun íslenska fjármálamarkaðarins hafi áhrif á ímynd Íslands. Hér segir Þórhallur að mikilvægt sé að hafa í huga að það sem kemur fyrir þjóðir (t.d. hrun fjármálamarkaðar) hefur ekki áhrif á ímynd þeirra heldur það hvernig



þær bregðast við og hvað þær gera öðrum þjóðum. Viðbrögð stjórnvalda hafa þannig mun meiri áhrif á ímynd þjóðarinnar en hrúnið sjálft.



Björg Thorarensen, forseti Lagadeildar

METAÐSÓKN Í LAGAEILD Á ALDARAFMÆLINU

Síðastliðið haust hófu um 300 nýir stúdentar nám við Lagadeildina, sem er aðsóknarmet, en nú stunda alls um 750 stúdentar nám hér," segir Björg Thorarensen, forseti Lagadeildar Háskóla Íslands.

„Á afmælisárinu er mér því efst í huga að hlúa að því að námið haldi gæðum sínum og verði áfram metnaðarfullt lagánám, bæði í grunnnámi og á meistarastigi. Til að bregðast við fjölgun nemenda, sem heldur vafalaust áfram, þarf skipulagið að vera í stöðugri endurskoðun.“

Um þessar mundir fagnar Lagadeildin því að 100 ár eru frá því lagakennsla hófst á Íslandi. Skólaárið allt er tileinkað afmælinu með margvíslegum viðburðum svo sem ráðstefnum og málstofum, en einnig sérstökum hátíðarútgáfum.

Við Lagadeildina er verið að huga að auknu framboði og sérhæfingu á ákveðnum sviðum.

„Í samvinnu við Viðskiptafræðideild ætlum við til dæmis að bjóða upp á sérstakt meistaranám í skattarétti og reikningskilum sem hefst næsta haust. Þannig erum við að svara þörf atvinnulífs fyrir sérþekkingu á þessu sviði og stuðla jafnframt að þverfaglegu samstarfi," segir Björg.

Á síðustu árum hefur deildin fengið nýja og öfluga kennara til starfa og sérfræðinga sem vinna í rannsóknarverkefnum hjá Lagastofnun.

„Nú stefnum við að því að geta ráðið til Lagastofnunar sérfræðing í fjármálarétti sem sérhæfir sig í rannsóknum á fjármálum og bankamálum. Fjöldmörgum lagalegum álitafnum í tengslum við bankahrunið er ósvarað. Það þarf að skoða hvernig kerfið brást, rannsaka það lagalega umhverfi sem fjármálastofnanir starfa í og hverju þarf að breyta," segir Björg.

Björg bendir á að laganámið nýttist ekki bara í lögfræðistörf. „Laganámið er sterkur bakgrunnur og nýttist í mörg störf til dæmis þau sem lúta að stjórnun og rekstri fyrirtækja. Fjöldamargir stjórnálmenn eru lögfræðingar og er þetta augljóslega góður grunnur fyrir þá sem fara í stjórnámál og vinna við lagasetningu eða í málefnum sveitarfélaga. Kynjahlutfallið hefur verið nokkuð jafnt síðastliðinn áratug. Hér áður fyrr var þetta dæmigert karlafag, svo er alls ekki í dag," segir Björg.



Jónína Einarsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild

MÓTSAGNAKENND STAÐA ÍSLANDS Í KREPPUNNI

„Það er lærdómsríkt að skoða aðdraganda kreppunnar og leita framtíðarlausna í rannsóknum þróunarfræðanna á t.d. góðum stjórnarháttum, spillingu, mikilvægi trausts og gegnsæis, lýðræðisþróun, þátttöku almennings, nýtingu auðlinda og skuldabyrði," segir Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, en hún er jafnframt ábyrg fyrir framhaldsnámi í þróunarfræðum.

Þróunarfræðin eru þverfagleg fræði sem ein-kennast af fjölbreytilegum kenningalegum og aðferðafræðilegum áherslum. „Rannsóknir í þróunarfræðum eiga það sameiginlegt að viðfangsefnið tengist á einn eða annan hátt félags- og efnahagslegum breytingum í lágtekjuríkjum heimsins," segir Jónína og bendir á að þróunarfræðin geti varpað

ljósi á mótsagnakennda stöðu Íslands núna: „Landið er á barmi gjaldþrots og hefur glatað ærunni á alþjóðavettvangi en er engu að síður í efsta sæti á lífsgæðalista Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2007 og 2008. Slíki stöðu fylgir krafa um aukin framlög til þróunarsamvinnu, m.a. til að ná þúsaldarmarkmiðunum, en á sama tíma berst þjóðin við skuldaklafa. Það er einnig áhugavert að skoða þúsaldarmarkmiðin í ljósi kreppunnar hér á landi en þau stefna að því að minnka fátækt og styðja við heilbrigðisþjónustu, menntun, jafnrétti kynjanna, sjálfbæra þróun og hnattræna samvinnu. Auk þess er lögð áhersla á að byggja upp gegnsætt og sanngjarnt viðskipta- og fjármálakerfi með skýrum reglum.“

Háskólatorg hefur
gjörbreytt öllu. Vetur,
sumar, vor og haust.

ÍÐANDI MANNLÍF Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



Háskóli Íslands stækkaði um fjórðung 1. júlí 2008 þegar saman runnu Háskólinn og Kennaraháskóli Íslands. Gríðarlegur fjöldi fagnaði þessum tímamótum á Háskólatorgi.



Mikil áskorun.



Gluggað í gamlan
texta, handritin
eru heima hjá sér.





Merkum áfanga náð.



Óxar við ána... í Aðalbyggingu.



Stöndum þétt saman.



Parf fleiri orð?



Slegið í gegn á Laugarvatni.



Fjársjóður framtíðar. Stúdentar leggja blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar 1. desember.



Er ekki tími til kominn að tengja?



Bóksala stúdenta selur á annað hundrað þúsund bækur á hverju ári. Gott að hafa allar bækur á heimavelli.



Pælingar.



Þorsteinn Helgason, dósent í Kennaradeild

KENNSLUBÆKUR ERU EKKI HLUTLAUST ÍLÁT

Markmiðið með rannsókninni er að gera fólk meðvitað um að það er alltaf einhver boðskapur í kennslubókum," segir Þorsteinn Helgason, dósent í sagnfræði og sögukennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. „Kennslubækur eru ekki hlutlausar því þær miðla einhverjum skoðunum, viðhorfum, áherslum og sjónarmiðum. Það er gott ef kennarar, og helst nemendur líka, eru læsir á þetta og kunna að greina. Rannsóknin snýr að kennslubókum og öðrum námsgögnum sem eru notuð í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlöndunum. Verkefnið dregur saman ólíka fræðimenn og örvar rannsóknarsamstarf á milli þeirra," segir Þorsteinn.

Þátttakendurnir í rannsókninni eru allir sérhæfðir á þessu sviði og hafa rannsakað, kennt og ritað um námsefni í sögu um lengri eða skemmri tíma. Verkefnið hefur staðið í hartnær þrjú ár og þátttakendurnir koma úr nokkrum fræðigreinum, svo sem sagnfræði, mannfræði, textavísindum, lestrarfræði og kennslufræði.

„Það er ljóst að kennslubækurnar eru einhvers konar þungamiðja í sögukennslu og líklega meira en í öðrum námsgreinum því að sögu fyrri tíma er ekki auðvelt að nálgast á annan hátt en í gegnum kennslubækur," segir Þorsteinn. „Við vorum einnig með netkönnun og þá kom í ljós að kennarar

eru mjög virkir og hafa ákveðnar skoðanir á hlutunum. Spurt var til dæmis um það hvert hlutverk kennslubókanna ætti að vera, hvort þær ættu að gefa yfirsýn, efla gagnrýna hugsun, miðla gildum og svo framvegis. Í ljós kom að kennurum finnst sem kennslubækur séu oft uppfullar af þjóðernisvitund en þeir myndu sjálfir vilja sjá meira um-

burðarlyndi. Kennarar hafa þannig skoðun á því hvernig túlka eigi og útskýra.“


Verkefnið er nú í lokavinnslu og útgáfuferli en jafnframt verður hluti þess þróaður áfram á alþjóðlegum vettvangi.

HVERNIG KEMUR NÁMIÐ TIL MEÐ AÐ NÝTAST ÞÉR?



Helga Björk Jósefsdóttir,
MA-nemi í þýðingafraeði

Samnýting BA-prófs í spænsku og meistaranáms í þýðingafraeði gerir mér kleift að starfa við áhugaverð verkefni á mínu sérsviði með aðstoð upplýsingatækninnar hvar sem ég er stódd í heiminum.



Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir,
BS-nemi í ferðamálafræði

Það er aldrei að vita nema maður stofni eigið fyrirtæki og þá kæmi námið að góðum notum. Mér finnst gaman að kynna landið okkar fyrir erlendum gestum, vinna að þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu.

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild

REYNSLA GRUNNSKÓLABARNA

ÚR LEIKSKÓLANUM

„Börn eru mikilvægir hagsmunaaðilar skólstarfs og af þeim sökum er eðlilegt að leita til þeirra við mat og rannsóknir á skólstarfi. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er það einnig réttur barna að hlustað sé á þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra varðandi eigin málefni.“

Þetta segir Jóhanna Einarsdóttir, prófessor í menntunarfræði ungra barna og í eigindlegri aðferðafræði, um rannsókn sem hún stendur fyrir á reynslu grunnskólabarna af námi í leikskóla. Rannsóknin er unnin með börnum í fyrsta bekk grunnskóla og er ætlunin að varpa ljósi á hvernig grunnskólabörn minnst leikskóladvalarinnar. Hugmyndin er að fá gögn um það sem þau telja sig hafa lært í leikskólanum, hvað þeim fannst skemmtilegt, hvað leiðinlegt, hvenær þeim leið vel, hvað þeim finnst ólíft með grunnskóla og leikskóla og hvað þeim finnst koma að gagni í grunnskólanum.

Aðferðirnar sem notaðar eru við rannsóknina eru áhugaverðar og miða við þarfir og áhuga ungra barna. Þannig eru ekki einungis tekin viðtöl við börnin heldur teikna þau líka meðan viðtölin fara fram. Talað er við börnin í litlum hópum þannig að þau hafi stuðning hvert af öðru. Rannsóknin byggist á þeirri sannfæringu að ung börn séu fær um að vera virkir þátttakendur. Þau hafi eigin rödd, skoðanir og áhuga.

Jóhanna segir þetta vera rannsókn sem tengist rétti barna og mikilvægi þess að hlustað sé á þau eins og annað fólk. „Það eru mannréttindi að börn geti haft áhrif á líf sitt og grundvallarþáttur lýðræðislegs samfélags. Það er því mikilvægt að börn fái tækifæri til að tjá skoðanir sínar með aðferðum sem henta þeim.“

Aukinn skilningur og þekking á sjónarmiðum barna eru mikilvægur grunnur stefnumörkunar í menntamálaum. Þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir geta þær nýst stjórnendum og starfsfólki leikskóla við stefnumótun og þróun starfshátta. Rannsóknir hafa ekki verið gerðar hér á landi áður þar sem börn eru beðin að líta um öxl og meta áhrif leikskóladvalarinnar á líf sitt og nám. Rannsóknin mun því skapa nýja þekkingu á upplifun og reynslu barna af leikskólagöngunni.



HUGSANDI HÁSKÓLAFÓLK

Það er mjög dýrmæt reynsla fyrir stúdenta að búa til birtingarhæft efni t.d. með því að taka ritgerð og breyta henni í áhugaverða og aðgengilega grein," segir Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur, sem situr í ritstjórn vefritsins hugsandi.is. Hugsandi er vefrit um fræði og menningu í víðum skilningi og er framtak ungs fólks sem á margvíslegan hátt tengist fræða-, lista- eða menningarstarfi. Gríðarlegur fjöldi stúdenta við Háskóla Íslands hefur fundið þarna farveg til að birta rannsóknir sínar og ritgerðir.

„Greinar frá okkur hafa verið notaðar í kennslu, bæði við Háskóla Íslands, á Hólum og á Akureyri,“ segir Unnur og bætir því við að miðillinn vekir því

greinilega athygli. „Svo hefur fjölmiðlafólk á ljós- vakamiðlum og blöðum beðið um að fá samband við greinarhöfunda,“ segir Unnur og tekur fram að vefsíðan fái um 300-400 heimsóknir á dag.

„Allar greinar sem kenndar eru í Háskólanum eiga erindi til okkar, en þó ákvað ritstjórnin strax í upphafi að vefþímaritið birti ekki pólitískar greinar,“ segir Unnur en bendir á að greinar um samfélagsmál séu vissulega birtar. „Við viljum vera laus við pólitískt þref,“ segir hún.

Ritstjórnin fær efni héðan og þaðan en aðallega hafa stúdentar sjálfir samband við okkur.

Knattspyrnufólk ársins skorar í HÍ

Guðmundur Steinarsson, framherji Keflavíkur, og Dóra María Lárusdóttir, landsliðskona úr Val, voru valin knattspyrnufólk ársins 2008 í lokahöfu Knattspyrnusambands Íslands. Þau stallsystkinin eiga það sameiginlegt að stunda nám við Háskóla Íslands.

Dóra María er úr Íslandsmeistaraliði Vals og fastamaður í landsliðinu sem vann sér rétt til að spila í lokakeppni Evrópumóts kvenna í Finnlandi. Þrátt fyrir þessar annir leggur hún stund á meistaranám í fjármálahagfræði við Háskóla Íslands. Erfitt hefur þó reynst fyrir hana að flétta saman æfingar í fótboltanum og kennslustundirnar í Háskólanum. Því hefur hún neyðst til að minnka við sig í náminu. „Ég gat ekki sinnt náminu sem skyldi, en var ekki tilbúin að fórna boltanum alveg strax,“ segir Dóra María. BS-gráðu sína hlaut hún frá University of Rhode Island í Bandaríkjunum, þar sem hún hlaut námsstyrk.

Guðmundur var markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar sumarið 2008, skoraði 16 mörk í 21 leik og átti frábært tímabil með Keflavík. Hann stundar nám á Menntavísindasviði og hyggst verða grunnskólakennari þegar fram líða stundir. „Ég hef verið í kringum kennarastarfið allt mitt líf, en bæði pabbi minn og bróðir eru kennarar. Auk þess hentar vinnutíminn vel með íþróttum,“ segir Guðmundur.

Hann býst við að setja fótboltann í forgang á næstunni og veit hvar hann vill vinna í framtíðinni.

„Það er núverandi vinnustaðurinn og fjölskyldu- fyrirtækið, Myllubakkaskóli í Keflavík!“

Fjölbreytni í Endurmenntun HÍ

Kína: Menning, land og saga, Seigla er kjarni sigurvilljans, Konurnar í Biblíunni, Leiðarvísir að Sturlungu, Leiðtogahæfni í lífi og starfi, Hjarta- og æðasjúkdómur og Tímastjórnun. Þessi misleita upptalning er bara brot af því sem fólki gefst kostur á að læra við Endurmenntun Háskóla Íslands. Námskeiðum sem eru í boði með fjarfundabúnaði fer einnig stöðugt fjöl- gandi.

„Sá hluti starfsemi Endurmenntunar sem hefur vaxið einna mest að undanförunu sprettur upp úr náinni samvinnu við deildir Háskóla Íslands, bæði varðandi þróun námskeiða og aðgang að framúrskarandi kennurum og fræðimönnum innan Háskólasamfélagsins,“

segir Kristín Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri hjá Háskóla Íslands.

Árangur þeirrar samvinnu má sjá í stórauðnu framboði stakra námskeiða sem veita einingar. Þónokkur þessara námskeiða eru á grunnstigi háskólanáms en allflest eru á meistarastigi.

Endurmenntun Háskóla Íslands fagnaði 25 ára afmæli í fyrra en Kristín hefur verið endurmenntunarstjóri í heilan áratug. Hún segir að á þeim tíma hafi orðið töluverðar breytingar á starfsemi. Framboðið sé fjölbreyttara og aukin áhersla hafi verið lögð á samstarf við deildir Háskóla Íslands. „Samvinna við deildir Háskóla Íslands er ótvíræður styrkur og í dag er lítið svo á að Endurmenntun HÍ sé farvegur þekkingar Háskóla Íslands út í samfélagið.“





MAREL FÆDDIST Í HÍ

Háskóli Íslands hefur lagt áherslu á nýsköpunarverkefni á öllum sviðum vísinda og fræða. Háskólinn vill sem aldrei fyrr unga út hugmyndum og verkefnum sem efla atvinnulífið og auka lífsgæði. Kristín Ingólfssdóttir rektor hefur sagt að Háskólinn vilji þannig styrkja umgjörð nýsköpunarverkefna til að hraða þróun þeirra og auka líkur á að þau verði að fullburða fyrirtækjum.

Stórfyrirtækið Marel varð til sem afsprengi rannsóknarverkefnis innan Háskóla Íslands undir stjórn Rögvaldar Ólafssonar eðlisfræðings,“ sagði Kristín í brautskráningarræðu í haust. „Hann leiddi saman fólk sem þekkti til í fiskvinnslu og nemendur og kennara sem þekktu til eðlisfræði og tölvutækni. Samræða þessa fólks gat af sér hugmynd, sem á endanum varð að stóru alþjóðlegu fyrirtæki.“

Sprotafyrirtækjum, sem hafa verið stofnuð innan Háskóla Íslands, hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum.

Fyrirtækið Líf-Hlaup myndaðist t.d. um þróun lyfja gegn veirusýkingum, sveppasýkingum og bakteríusýkingum í munn og húð. Líf-Hlaup hefur verið í samstarfi við erlend lyfjafyrirtæki.

Lipids-pharmaceuticals hefur í samstarfi við Lýsi hf. þróað lyf til meðferðar við meltingarsjúkdómum en það hefur þegar farið í gegnum fyrsta fasa klínískra rannsókna.

Icelandic Online býður upp á íslenskukennslu á netinu. Lífeind, sem er rannsókn- og þróunarfyrirtæki í líf- og erfðatækni, kom með nýjar aðferðir í genarannsókn. Markmiðið er að þróa og mark-

aðssetja nýjar aðferðir til að eingra DNA-sameindir sem innihalda erfðabreytileika, stökkbreytingar og skemmdir.

Fyrirtækið Oxymap var stofnað af vísindamönnum í læknisfræði og verkfræði við Háskólann til að þróa tækjabúnað sem getur metið blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum með stafrænni myndvinnslu. Tæknin nýtist við meðhöndlun á sykursýki, bláæðastíflum í sjónhimnu og gláku og metur einnig áhrif lyfja- og leysimeðferðar.

Fyrirtækið Heils-Hugar snýst um forvarnir og þróun meðferðar gegn þunglyndi unglunga og enn eitt sprotafyrirtækið, Akthelia Pharmaceuticals, var stofnað af vísindamönnum HÍ í sameindalíffræði. Akthelia Pharmaceuticals þróa lyf sem drepa bakteríur með því að örva framleiðslu bakteríudrepandi peptíða í líkamanum. Kristín segir það vera hlutverk Háskóla Íslands að finna og örva rannsóknarverkefni sem geta orðið vísir að sprotafyrirtækjum eins og þessum.

Helgi Þór Ingason, dósent við Verkfræði- og náttúruvísindasvið

BENSÍNÞÍLLINN KVADDUR?



Helgi Þór Ingason hefur ýtt úr vör verkefninu „Að breyta bensínþíll í rafmagnsbíll“. Markmiðið er að fá reynslu af því að smíða og reka rafmagnsbíll á Íslandi og gera allar upplýsingar aðgengilegar fyrir almenning á vefslóðinni rafbill.hi.is. Þar verður að finna dagbók um framvindu verkefnisins, helstu upplýsingar um muninn á rafbílum og bensínbílum ásamt upplýsingum um prófanir og annað sem tengist verkefninu.

„Við miðum við þá tækni sem er til staðar nú þegar og notum til dæmis blýrafgeyma til að byrja með. Meðal fjölmargra atriða sem þarf að hafa í huga við breytingarnar er að koma rafgeymunum fyrir í bílunum, útfærsla varðandi vökvastýri og vökvabremsur

og hvernig á að halda hita í bílunum,“ segir Helgi Þór.

Helgi Þór segir þá reynslu sem er til staðar hér á landi við breytingar á jeppum nýfast vel við að breyta bensínþíll í rafmagnsbíll: „Þegar jeppi er hækkaður þarf að leysa mál varðandi stýrisbúnað, fjöðrun og hemlabúnað; þetta er þekking sem við getum yfirfært yfir í rafbíll.“

Helgi Þór segir að þetta sé samfélagsverkefni sem geti haft í för með sér töluvert fjárhagslegt hagræði og örvað nýsköpun. „Við vinnum verkefnið fyrir opnum tjöldum og sjáum til þess að upplýsingarnar verði aðgengilegar og vonandi tekst okkur að vekja áhuga almennings á þessum kosti sem virðist vera bæði raunhæfur og hagkvæmur,“ segir Helgi Þór.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor í Hjúkrunarfræðideild

HVERNIG LÍÐUR FORELDNUM EFTIR AÐ BARNIÐ KEMUR Í HEIMINN?



Með rannsókninni leitumst við eftir að lýsa og skýra hvernig feður og mæður takast á við að verða foreldrar. Við gerum samanburð á foreldrum heilbrigðra nýbura og foreldrum barna af vökueld til að sjá hvort þar sé munur á. „Þetta segir Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor í barnahjúkrun. „Aðlögun að foreldrahlutverkinu felst meðal annars í því hvernig fólk aflar sér upplýsinga, hvernig það nær að hugga barnið, hvernig þörfum barnsins fyrir næringu er mætt og hvort barninu og foreldrunum líði vel. Faðirinn þarf að fá viðurkenningu frá móðurinni og öfugt og stuðningur frá fjölskyldunni er líka mikilvægur. Góð aðlögun felst í því að ná að standa undir þessu öllu,“ segir Guðrún. „Foreldrar sem hafa átt veikt barn á vökueld hafa aðgang að stuðningi eftir fæðingu barnsins, jafnvel meiri aðgang en þeir foreldrar sem eignast heilbriggt barn. Þannig er til að mynda ekki hægt að alhæfa að foreldrar sem eiga veikt barn aðlagist því síður en væri það heilbriggt. Fókusinn hefur verið svo mikið á heilsu barnsins; ef hún er góð, hljóti allt að vera í himnalagi.“

Um langtímarannsókn er að ræða og líðan foreldra er könnuð í þremur þrepum. Fyrst er það gert fyrir útskrift af spítalanum, aftur 6 vikum seinna og svo þegar barnið er orðið 3 til 4 ára. „Það er gagnlegt að fá upplýsingar um andlega og líkamlega líðan foreldra eftir heimkomu. Það hefur verið einblínt svo mikið á spítalanum og fæðinguna, en ekki á almennt heilsufar foreldra þegar heim er komið og það hversdagslega tekur við,“ segir Guðrún. „Líðan foreldra fyrir útskrift skýrir líðanina eftir 6 vikur og hún svo aftur eftir 4 ár, og því skiptir miklu máli að greina hana strax.“

„Það er áhugavert að skoða hvaða þættir hafa áhrif á aðlögun að foreldrahlutverkinu og þátttöku í umönnun nýfædds barns. Sem dæmi má nefna að feður á vökueld aðlagast barninu nokkuð betur



en feður af Hreiðrinu því að þeir koma meira að umönnun þess. Foreldrarir skipta meira með sér verkum á vökueldinni. Ef móðirin er veik koma feður meira að umönnuninni en ef hún er heilbrigð. Ef hún er heilbrigð verður smávegis gjá á milli foreldranna. Því skiptir máli að hjúkrunarfólk leiðbeini móðurinni um að leyfa föðurnum að koma að, til dæmis með því að baða barnið og slíkt,“ segir Guðrún.

Menntun foreldra hefur ekkert að segja með líðan þeirra við útskrift en 6 vikum eftir fæðingu er

líðan foreldra með minni menntun marktækt verri en þeirra sem meiri menntun hafa. „Ýmislegt fleira hefur áhrif, svo sem aldur foreldris og kyn, en eins og gefur að skilja er líðan mæðra fljótlega eftir fæðingu verri en föðurins, en eftir sex vikur er líðan foreldranna orðin jöfn og sambærileg við líðan almennings,“ segir Guðrún, sem þegar hefur séð dæmi um úrbætur. „Útskriftarviðtöl hafa verið tekin upp á vökueld og mikið hefur breyst á almennri deild líka, meðal annars fyrir áhrif rannsóknarinnar – sem er ánægjulegt.“

Árni Kristjánsson, varaforseti Sálfræðideildar, rannsakar gaumstol

Menn sem raka aðeins hægri hluta andlitsins

Árni Kristjánsson, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands, er heillaður af því hvernig við sjáum og túlkum sjónupplýsingar. „Við sjáum ekki bara með augunum, heldur má rekja skynjun okkar til túlkunar sjónkerfa heilans á þeim upplýsingum sem berast gegnum augun. Heilann mætti kalla innra augað,“ segir Árni.

Árni hefur rannsakað sjónskynjun við gaumstol en vinna hans og samstarfsmanna hefur gagnast við greiningu og meðferð á gaumstoli. Gaumstol kemur fram vegna skemmda á heila og einkennist af því að sjúklingurinn á í erfiðleikum með að veita hlutum úr fleiri sjónsviðum en einu athygli.

„Sjúklingur með gaumstol vinstra megin veitir atriðum vinstra megin við miðlínu litla athygli og eru til dæmi um menn sem aðeins raka hægri hluta andlitsins og fólk sem borðar bara hægra megin af

diskinum. Við höfum, sem dæmi, gert tilraunir með strendingsgleraugu, sem beina sjón sjúklinganna í ákveðna átt og hjálpa til við að vinna gegn gaumstolinu,“ segir Árni.

Rannsóknir sem þessar gagnast einnig við þróun sjónar fyrir vélar að sögn Árna. „Að fá vélar til að sjá er miklu flóknara en að stinga myndbandstökuvél í samband við vélmenni,“ segir Árni. Hann segir að nemendur og kennarar við Sálfræðideildina vinni saman að því að rannsaka hegðun, tilfinningar og skynjun mannsins í sem víðustum skilningi, sem og frávik frá því sem kallast má eðlilegt, t.d. hvað varðar hegðun og tilfinningar.

Árni segir að mikil áhersla sé lögð á rannsóknir í sálfræði þar sem nemendur vinna náið með kennurum sínum við það að finna svör við áleitnum spurningum um öll viðfangsefni sálfræðinnar.





Herdís Sigurjónsdóttir, nemi í umhverfis- og auðlindafræði

ENDURBÆTUR Á

LAGAUMHVERFI ALMANNAVARNA

Herdís Sigurjónsdóttir var að ljúka meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði, þar sem áhersla var lögð á að flétta saman stjórnsýslu og umhverfismál í víðu samhengi, með sérstöku tilliti til afleiðinga náttúruhamfara og áhrifa þeirra á þolendur.

Níðurstöður rannsóknar hennar benda til að lög og reglugerðir um almannavarnir geri ráð fyrir leit og björgun en taki síður mið af hlutverki sveitarstjórna við endurreisn samfélagsins eftir hamfarir.

Herdís hefur yfir tíu ára reynslu í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og hafði því ágætan bakgrunn þegar hún hóf námið og áttaði sig fljótt á hvernig námið gæti nýst henni. Meðan á náminu stóð fór hún m.a. á ráðstefnu um uppbyggingu eftir náttúruhamfarir sem urðu í fellibylnum Katarínu í New Orleans 2005.

Þegar náttúruhamfarir riðu yfir Hveragerði í Suðurlandsskjálftanum 2008 komu raunveruleg

verkefni sveitarstjórna og ábyrgð þeirra á nærbjónustu við íbúa berlega í ljós, eins og Herdís bendir m.a. á í niðurstöðum sínum. Sveitarstjórnir eru ábyrgar fyrir uppbyggingar- og hjálparstarfi, svo sem húsnæðisaðstoð, félagsaðstoð og öðru, en þó er ekki gert ráð fyrir raunverulegum verkefnum á því sviði í starfsemi þeirra í skipulagi almannavarna.

Námið hefur gefið Herdís sem sveitarstjórnarmanni fræðilegan grundvöll til að stuðla að breytingum á sviði sem hún hefur rekið sig á að þurfi breytinga við. Hún hefur m.a. unnið náið með dómsmálaráðuneytinu að endurbótum á lagaumhverfi almannavarna.



Svakalega hress íslenskunemi sem á hund

Hann þróaði nýverið forrit sem kallast „Samhengisháð ritvilluleit“ og annað sem kallast „Lemmald – lemmunarforrit fyrir íslensku“. Hann er, að sögn kennara, afburðagóður nemandi. Hefur verið í rannsóknarverkefnum með kennurum. Aðalhöfundur erindis á alþjóðlegri ráðstefnu í Gautaborg í haust. Er trúlofaður og á hund, er Reykvíkingur og á þrjú hálf systkini.

Hann byrjaði í rafmagns- og tölvuverkfræði en á endanum hafði íslenskan vinninginn. Bláðamanni var sagt að hann væri ótrúlega hugmyndaþrákur, svakalega klár og hress og „vonarstjarna“ í íslensku.

Maðurinn sem um ræðir er Anton Karl Ingason.

Hann klárar BA-próf í íslensku og almennum málvísindum í vor. Hann lauk stúdentsprófi af stærðfræðibraut Verzlunarskóla Íslands árið 2000. Hann hefur meðal annars fengið við rannsóknir í málfræði og tungutækni í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar, þróað gagnvirkan réttitunarvef og kennt forritun.

„Lemmari, eins og forritið er gjarnan nefnt, leit ar að orðabókarmyndum orða í texta, svokölluðum lemmum,“ segir Anton. „Í samhengisháðri ritvilluleit væri hægt að nota orðið matur sem merkingarlega vísbendingu um að skrifa eigi lyst en ekki list. Forritið á að læra slíkar reglur með því að skoða mikið magn texta. Óvíst er að textarnir innihaldi

setningar með öllum fallmyndum orðsins matur í bland við lyst. Hefur þú lyst á matnum? Hver hefur lyst á öllum þessum mat? Við misstum alla lyst vegna matarins í flugvélinni. Maturinn var borðaður með bestu lyst.

Gott væri að geta fellt þessi dæmi saman þegar leiðréttingarforritið lærir hvenær á að skrifa list og hvenær lyst. Lemmarinn leysir þetta með því að breyta matnum, mat, matarins o.s.frv. í orðabókarmyndina matur.“

Liggur ekki beinast við að fara að vinna hjá Microsoft við hugbúnaðarþróun? „Ég stefni fyrst á meistaranám en það er þó aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér,“ sagði Anton.



Þorsteinn og Margrét hjá Vísindavefnum

ALLT FRÁ HEILÖGUM ANDA TIL FÆREYSKRA KINDA

Við höfum verið meðal tuttugu vinsælustu vefja Íslands frá upphafi og aðsóknin hefur margfaldast," segir Þorsteinn Vilhjálmsson, ritstjóri Vísindavefsins. Vefurinn er nú ári gamall í ár og Þorstein óraði ekki fyrir hversu vel ætti eftir að ganga. „Þetta var í raun eins og ævintýri frá upphafi, miklu meiri aðsókn en nokkur bjóst við. Það kemur í ljós að fólk í landinu er mikið að pæla," segir Þorsteinn.

Á Vísindavefnum gefst almenningi kostur á að senda inn spurningar um hvaða efni sem er, sem tengist vísindum og fræðum. Sérfræðingar á snærum vefsins svara svo spurningunum og birta þær á vefnum. „Margir sjá fyrir sér fólk inni á kontór með allar bækur í heiminum í kringum sig," segir Margrét Björk Sigurðardóttir, verkefnastjóri hjá Vísindavefnum. „En þeir sem svara fyrir okkur eru ýmsir sérfræðingar, aðallega frá Háskóla Íslands. Við höfum líka oft verið með nemendur við HÍ að skrifa fyrir okkur og höfum fengið mikið og gott efni frá þeim."

Fólk á öllum aldri skoðar Vísindavefinn, en spurningarnar eru oft frá yngri kynslóðunum. „En öðru hverju sendir eldra fólk inn spurningar," segir Þorsteinn. „Elsti spyrjandinn sem við vitum um var kominn hátt í nírfætt og hann spurði „Hvernig lítur heilagur andi út?" Við svöruðum því á guðfræðilegum nótum en gamli maðurinn vildi búa sig undir að hitta þennan aðila. Við höfum aldrei lent í því að geta ekki svarað spurningu sem við fáum og það

er fátt sem maður finnur ekki eitthvað um á Vísindavefnum."

Vísindavefurinn hefur staðið að verkefninu „Bekkirinn spyrja" í samstarfi við Reykjavíkurborg. „Þá fara heilir bekkir inn í tölvuver í skólunum og dæla á okkur spurningum," segir Margrét. „Á meðan erum við í viðbragðsstöðu og reynum að svara eins fljótt og við getum, en í styttra máli en venjulega. Krakkarnir fá þá svarið samdægurs. Svo höfum við haldið námskeið sem heita „Undir vísindanna" í samstarfi við Endurmenntun og Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta eru námskeið fyrir fjölskyldur um vísindi og fræði. Við höfum fjallað um alls konar viðfangsefni, til dæmis risaeðlur, erfðafræði, eðlisfræði íþróttanna, efnafræði, tölvuleiki og stjörnufræði."

Á Vísindavefnum eru sérstök „föstudagssvör" við óvenjulegum og skondnum spurningum á borð við „Af hverju er allt svona mikið vesen?" og „Hvað þýðir Bimbi rimbi rimm bamm?" Þorsteinn segir nokkuð berast af slíkum spurningum. „Þetta byrjaði með spurningunni „Af hverju gengur fólk í nærbuxum?" sem við svöruðum í gamansömum tón. Svo spurði einhver hvort það sé rétt að kindurnar í Færeyjum séu með lengri lappir öðrum megin til að geta staðið í brekkunni. Svo fór fólk að gera út á þetta og koma vísitandi með gamansamar spurningar sem myndu enda í föstudagssvörum. Við birtum þau í hófi og áréttum að þetta sé í gamni gert," segir Þorsteinn.



Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, verkfræðinemi

Orðspor á örfáum sekúndum

Veftækniyrirtækið CLARA hefur hlotið mikla athygli frá því það var stofnað í upphafi síðasta árs. Hugmynd fyrirtækisins hreppti 2. sætið í frumkvöðlakeppni Innovits í fyrra og frá því hafa hjólin snúist hratt. Nú síðast fékk verkefnið styrk til þriggja ára frá Tækniþróunarsjóði. Stúdentar úr ýmsum fræðigreinum Háskóla Íslands, allt frá tölvunarfræði og verkfræði að sálfræði og hagfræði, koma að CLARA og er Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson verkfræðinemi einn þeirra.

„CLARA er markaðsrannsóknartól sem fer yfir Internetið í leit að texta sem skrifaður er um viss vörumerki," segir Gunnar Hólmsteinn. „CLARA greinir svo þau viðhorf sem tengd eru þessu vörumerki, til dæmis hvort almenningsálitni sé jákvætt eða neikvætt, hvort fólk sé spennit fyrir vörumerkinu eða því sé illa við það. Við köllum þetta orðsporsgreiningu."

Mikið hefur verið fjallað um verkefnið vegna frumleika þess og nýsköpunargildis. Það hefur t.d. fengið norræn nýsköpunarverðlaun.

„Notendur CLARA geta fengið niðurstöður mun hraðar en frá öðrum sem stunda sambærilegar rannsóknir, sérstaklega miðað við hefðbundnar skoðanakannanir. Viðskiptavinir okkar geta fengið niðurstöður á innan við mínútu frá því að þeim dettur í hug að kalla eftir þeim," segir Gunnar Hólmsteinn. „Umræða á Netinu, til dæmis í bloggi, á opnum spjallvefjum og fréttasíðum, getur verið mjög lýsandi fyrir viðhorf fólks. Þetta eru upplýsingarnar sem notendur gefa að eigin frumkvæði en eru ekki dregnar upp úr þeim. Við fáum þarna upplýsingar um hvað brennur á fólk og vinnum úr þeim á örskotsstund."





Guðrún Nordal, prófessor við Íslensku-
og menningardeild

DRÓTTKVÆÐIN

EINSTAKAR HEIMILDIR

„Dróttkvæðin eru einstakar heimildir um samtíma sinn en þau hafa ekki verið aðgengileg í greinargóðri og handhægri nútímaútgáfu,“ segir Guðrún Nordal, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Hún vinnur nú að heildarútgáfu á dróttkvæðum allt frá 9. öld til um 1400 ásamt alþjóðlegum hópi fræðimanna sem hafa, eins og hún, sérþekkingu á íslenskum fornþekkingum.

„Bókmenntalegt gildi dróttkvæðanna er auðvitað óumdeilt,“ segir Guðrún, „en kvæðin eru einnig mikilvægar heimildir um trúarviðhorf, hugmyndaheim, táknmál og skáldskaparhefð á fyrri tímum og nýtast því ýmsum ólíkum fræðasviðum.“

Dróttkvæði tilheyra annarri helstu skáldskapargrein norræna manna en eddukvæðin eru af hinni greininni. Tengsl greinanna voru þó svo náin á miðöldum að jafnvel er villandi að greina þær að.

Guðrún segir að ný útgáfa dróttkvæða sé byggð á traustum vísindalegum aðferðum og hafi í för með sér endurskoðun á varðveislu vísanna og skáldskaparmáli og því nýjan skilning á stíl dróttkvæðanna: „Að baki útgáfunni liggur vönduð textafræði-

leg rannsókn, til að tryggja að texti kveðskaparins verði traustur. Með hverri vísu fylgir fjölbreytt skýringarefni, sem byggt verður á nýjustu rannsóknum. M.a. verður gerð grein fyrir varðveislu hvernar vísu, lesbrigðum og samhengi vísunnar, auk þess sem hver vísa verður þýdd á ensku og skýrð rækilega,“ segir Guðrún. „Einnig verður gerð rafræn útgáfa sem á eftir að nýtast mörgum.“

Vinna að útgáfunni hófst fyrir um 10 árum þegar fimm fræðimenn komu saman til að hefja flókna skipulagningu verksins en að útgáfunni sjálfri munu koma um fjörutíu fræðimenn alls staðar að úr heiminum.

Samfélagslegur darwinismi birtist kortéri fyrir kreppu

„Markaðshyggjan hefur margs konar ásýnd,“ segir Njörður P. Njarðvík, sem er prófessor emeritus við Háskóla Íslands. „Og sumar sjást ekki, því að hún á til að bregða fyrir sig ýmsum grímum til að dylja eðli sitt,“ segir Njörður í grein sem hann ritaði snemma á þessu ári.

Guðni Elísson, dósent í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, hefur líka fjallað um markaðshyggjuna en fullyrðir að hún hafi verið hætt að dulbúast á endasprettinum, skömmu fyrir fallið í september. Guðni hefur, á líkan hátt og Njörður, beitt stílvopninu af mikilli festu og verið afar gagnrýninn á samtíma sinn. Guðni á það reyndar til að fara ekki alfaraleið í gagnrýni sinni. Það á sannarlega við þegar hann tók upp á því að safna bílaauglýsingum skömmu fyrir fall bankanna en auglýsingarnar tók hann til frumlegrar analýsu.

Guðni segir að í einni auglýsingunni, sem hann hélt til haga, hafi mátt sjá silfurgráan Range Rover jeppa, einföldustu táknmynd auðs og metorða í íslenskum samtíma.

„„Hinir útvöldu aka um á Range Rover“ fullyrðir auglýsandinn kinnroðalaust,“ segir Guðni og brýnir enn frekar stílvopnið. „Range Rover auglýsingarnar í ágúst 2008 sýndu á umbúðalausan hátt þá afstöðu til auðs og valda sem litað hafði alla umræðu í íslensku þjóðfélagi um árabíl. En nú þurfti ekkert lengur að fela og ekkert var gefið í skyn,“ segir Guðni og bætir við: „Óþarfi var að dylja lengur sannindin sem lágu undir gljáfægðu yfirborðinu. Í ágúst 2008 var Range Rover „stóri bíllinn“, hann var „lávarður götunnar“. Í ágúst 2008 þótti sjálfsgaet að bregða sér í líki rándýrs til þess að falbjóða vöru. Menn gátu séð sig sem úlf í jarmandi hjörð eða sem fálka á sveimi yfir andapollu. Range Rover: „Efstur í fæðukeðjunni“ eins og segir í auglýsingunni. Í ágúst 2008 var talað til íslenskrar auðstéttar vafningalaust og loksins birtist í sinni tærustu mynd sá samfélagslegi darwinismi sem nært hafði íslenskt hagkerfi í nær áratug. Í ágúst 2008 varð rándýrið hið viðurkennda og ásættanlega viðmið. Íslenskur kapitalismi hafði loksins gengist við sjálfum sér,“ segir Guðni.





„ÞAÐ SEM HEILLAR MIG VIÐ ÞETTA VERKEFNI ER HVERNIG VIÐ NOTUM HÁTÆKNI TIL AÐ ÞRÓA BÚNAÐ SEM NÝTIST BEINT TIL AÐ AUKA LÍFSGÆÐI FÓLKS.“

Fjóla Jónsdóttir, dósent í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarverkfræðideild

ÞRÓA HNJÁLID MEÐ GERVIGREIND

- vilja auka lífsgæði fatlaðra

Við Verkfræði- og náttúruvísindasvið stendur nú yfir rannsókn sem miðar að því að þróa gervihnjáliði fyrir fólk sem hefur misst fótlegg. „Fyrirtækið Össur hf., sem við erum í samstarfi við, hefur sett á markað örtölvustýrðan gervihnjálið og miðar rannsóknin að því að þróa þennan búnað enn frekar,“ segir Fjóla Jónsdóttir, dósent í véla- og iðnaðarverkfræði.

Gervihnjáliðurinn inniheldur meðal annars þróaða skynjara og bremsu sem nýtir breytilega seigju í rafsegulvökva. Seigjunni er stýrt með því að auka eða minnka segulsvið sem verkar á vökvann og þannig næst fram breytileg stífni í gervihnjáliðnum. Stífninni er stýrt með örtölvu þar sem gervigreind ályktar um göngulag notandans með hjálp skynjara.

Hefðbundinn rafsegulvökvi er olía sem í er blandað járnögnum í míkronstærð. Þegar segulsvið verkar á vökvann, mynda agnirnar keðjur og þar með breytist seigja hans. Rafsegulvökvar eru t.d. notaðir í dempara og bremsur, þar sem þessi eiginleiki, að geta stýrt seigju vökvans í rauntíma, nýtist.

Markmið rannsóknarinnar er að auka styrk hnésins, þannig að það geti þolað meira álag í göngu,

ásamt því að minnka stífni þess þegar það er ekki undir álagi. „Þessum markmiðum má meðal annars ná fram með því að bæta rafsegulvökva hnésins og með því að bæta segulrás þess. Við höfum notað reiknifræðilegar aðferðir til að besta segulrásina og nú erum við að þróa nýja gerð vökva sem inniheldur nanóagnir, en eiginleikar hins nýja vökva verða sniðnir að notkunarskilyrðum í gervihnjáliðum,“ segir Fjóla.

„Rafsegulvökvi með þessa eiginleika mun bæta gervihné og gera notkun þess mögulega fyrir breiðari hóp notenda. Þetta er gríðarlega spennandi verkefni sem við erum að fást við og getur haft mikið að segja fyrir fatlaða sem þurfa á þessum búnaði að halda. Það hefur bein áhrif á lífsgæði að hnéð verði í senn sterkara og þjálla.“



„Það sem heillar mig við þetta verkefni er hvernig við notum hátækni til að þróa búnað sem nýtist beint til að auka lífsgæði fólks. Það er mjög gefandi að hafa tækifæri til að vinna í verkefnum af þessu tagi,“ segir Fjóla.



Anni Guðný Haugen, lektor í Félagsráðgjafardeild

SAMVINNA

er lykilhugtak í barnaverndarstarfi

„Þetta er rannsókn sem snýst um að fá mynd af því hvernig samstarf barnaverndarnefnda er við börn og foreldra sem barnaverndaryfirvöld hafa afskipti af,“ segir Anni Guðný Haugen, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Til að öðlast meiri þekkingu á þessari samvinnu stendur Anni Guðný nú fyrir rannsókn þar sem áætlanir um meðferð barnaverndarmála verða skoðaðar.

Samstarfið getur verið afar viðkvæmt en markmiðið er að sjá hvernig þessi samvinna er í raun út frá sjónarhorni þeirra sem að henni koma.“

„Áhugaverðast í þessari rannsókn er að heyrna hvort foreldrar og börn telji sig geta haft áhrif á það sem er að gerast. Samvinna er lykilhugtak í öllu barnaverndarstarfi, fyrst og fremst vegna þess að án hennar er erfitt að ná fram þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að bæta aðstæður barnsins,“ segir Anni Guðný.

Hún bendir á að íslenskar rannsóknir um þetta málefni séu mjög takmarkaðar. „Það er æskilegt að barnaverndarstarfsmenn geti nýtt sér niðurstöður þessarar rannsóknar í starfi sínu. Þær barnaverndarnefndir sem ég hef rætt við eru mjög jákvæðar gagnvart rannsókninni og vilja heyrna þessar niðurstöður til að nýta í starfi sínu.“

Áhugi Annar á þessu málefni er ekki nýr af nálinni enda hefur hún sjálf unnið í barnaverndarnefnd í tæplega 30 ár. „Eitt af því sem mér hefur fundist vanta er að vita hvernig fjölskyldur upplifa þetta



ferli. Á hverju ári berast um 6000 tilkynningar til barnaverndarnefnda og höfð eru afskipti af rúmlega 2000 börnum á ári. Þess vegna er mikilvægt að rannsaka marga þætti barnaverndarstarfsins til að tryggja að sá stuðningur sem áformað er að veita nýttist sem best.“



Student.is er fyrstur með fréttirnar

Nýr frétt- og samfélagsvefur stúdenta við Háskóla Íslands, www.student.is, leit dagsins ljós í haust og Valgerður Anna Jóhannsdóttir, aðjunkt í blaða- og fréttamennsku, hefur umsjón með fréttaskrifum á vefinn.

„Nemendur í blaða- og fréttamennsku sjá alfar-ið um að skrifa á vefinn og fá þarna tækifæri til að vinna eins og á hefðbundinni ritstjórn,“ segir Valgerður. „Þau mæta á ritstjórnarfundi á morgnana og velta fyrir sér hvað sé að gerast, hvað sé að fréttu úr Háskólanum og koma með hugmyndir að því sem þau vilja skrifa. Þau hafa þurft að afla sér tengiliða innan Háskólans, komast að því hvað nemendafélög-in og vísindamennirnir eru að gera og fjalla í raun um allt sem tengist háskólanum,“ segir Valgerður. „Háskólasamfélagið er orðið svo stórt, það er nánast jafn fjölmennt og Akureyri þannig að það er góður grundvöllur fyrir að reka fjölmiðil innan Háskólans.“

Díana Dögg Víglundsdóttir, meistaranemi í blaða- og fréttamennsku, átti hugmyndina að student.is og kom hún að máli við Jón Örn Guðbjartsson, markaðs- og samskiptastjóra Háskólans, sem ákvað að styðja verkefnið og hrinda því í framkvæmd en vefurinn er líka þjónustuvefur fyrir stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta. Hann er þannig hugsaður sem samfélagsgátt nemenda ásamt því að vera fréttamiðill. Díana Dögg er vefstjóri student.is ásamt því að sitja í ritstjórn.

„Núna eru nemendafélögin að koma meira inn í þetta. Sjálfboðaliðar hafa boðið sig fram til að þýða síðuna yfir á ensku. Bókmenntafræðinemar munu einnig birta bókmenntaráni á síðunni. Á vefnum er líka orðabókasafn fyrir öll tungumál sem eru kennd við HÍ og svo er hægt að lesa Stúdentablaðið á síðunni. Það eiga allir innan Háskólans að geta nýtt sér vefinn,“ segir Díana Dögg.

Student.is er enn býsna ungur vefur en hefur vaxið og dafnað hratt eins og annað í hinu stóra Háskólasamfélagi.





Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs

STYRKUR

Í SAMEININGUNNI

Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinuðust 1. júlí 2008. Háskóli Íslands er þar með orðinn miðstöð kennaramenntunar í landinu og vettvangur rannsókna á sviði uppeldis- og menntunarfræði.

Jón Torfi Jónasson er forseti nýs Menntavísindasviðs. „Ég kem hér inn í kröftugt og öflugt samfélag og Kennaraháskólinn fer að sama skapi inn í kvikt umhverfi HÍ við sameininguna. Báðir aðilar geta haft af þessu ávinning. Reynslan sýnir að samvinna í háskóla kemur ekki af sjálfu sér en sameining kallar á samstarf, hún opnar leiðir sem við þurfum að notfæra okkur,“ segir Jón Torfi.

„Mér er mikið í mun að halda áfram þeirri vinnu sem hér hefur verið unnin til að efla kennaramenntun í landinu og leggja mitt af mörkum til að starfið hér búi við bestu aðstæður. Það er mikilvægt að kennsla sé til fyrirmyndar og það er skýr ásetningur allra hér að styrkja sem við framast getum tengsl við skólastarf í landinu. Einnig er góð samstaða hér um að renna enn sterkari stoðum undir rannsóknir á sviðinu.“

Jón Torfi hefur lengi haft áhuga á menntamálum; það hefur verið helsta viðfangsefni hans í kennslu og fjölbreyttum skrifum um þau mál; þetta kemur vel fram á heimasíðu hans (www3.hi.is/~jtj/). Síðastliðið ár ritaði hann sex kafla um seinni hluta 20. aldar í skólasögu undir ritstjórn Lofts Guttormssonar og hann skrifaði einnig bókina *Inventing Tomorrow's University* í boði alþjóðlegra samtaka um

háskóla. „Ég er sífellt að velta fyrir mér stofnuninni háskóli og hvernig hún gegnir margþættu samfélagslegu hlutverki og leggur rækt við alla þætti þess. Það er brýnt og áhugavert að velta því fyrir sér hvernig best sé að gera þetta. Menntavísindasvið hefur t.d. ekki aðeins það hlutverk að grunnmennta kennara og láta þar við sitja, hlutverkið er miklu víðtækara. Það er lykilmatriði í starfi háskóla að allt starfsfólk hans sé sífellt vakandi fyrir þessu margbrotna verkefni.“

„Mér er það kappsmál að tengja saman rannsóknir og skóla þannig að báðir aðilar, og ekki síður vettvangurinn, hafi ávinning af rannsóknarstarfinu. M.a. þarf að rannsaka það sem er að gerast á vettvangi þannig að þetta fléttist saman, en einnig að nýta rannsóknir til að ryðja nýjar brautir í starfinu; en það gerist ekki nema tengslin séu nán. Það er spennandi viðfangsefni að vefa saman menningarheima sem eru í senn svo skyldir og um sumt svo ólíkir,“ segir Jón Torfi. „Þróttmikið rannsóknarstarf og nám samofið vettvangi og rannsóknum er lykill að forystu og þróunarhlutverki Háskólans, því þetta er forsenda skilnings og grósku.“

HVERNIG FINNST ÞÉR FÉLAGSLÍFIÐ Í HÍ?



Egill Jóhannsson, BA-nemi í Íþróttá-, tómstunda- og þroskajálfadeild

Félagslífið er mjög gott og alltaf eitthvað að gerast. Karla- og konukvöld koma upp í hugann sem og fjöldi viðburða á Háskólatorgi.



Katla Ísaksdóttir, MA-nemi í mannfræði

Það skiptir miklu máli að hitta samnemendur utan skólátíma því þar skapast tækifæri fyrir gagnrýnar og gagnlegar umræður. Ég hef verið í skemmtinefndum á árshátíðum og er formaður Samfélagsins, félags framhaldsnema í Félags- og mannvísindadeild.



Linda Hrönn Ingadóttir, BA-nemi í sálfræði

Frábært! Ég hef tekið þátt í skemmtilegum skíðaferðum og vönduðum vísindaferðum.



Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

GETUM ÁKVEÐIÐ NÚNA

HVORT VIÐ ÆTLUM AÐ LIFA AF

„Það sem ég álít vera langmikilvægasta þáttinn í menntun í dag er að nemendur læri hvað hugtakið sjálfbærni felur í sér og hvernig við getum lært að lifa sjálfbæru lífi.“ Þetta segir Kristín Vala Ragnarsdóttir um aðaláherslur sínar í starfi sem forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.

Kerfið sem við búum við í dag gengur út á að við þurfum alltaf meira af öllu en það eru ekki til endalausar birgðir af efnunum. Við erum komin að takmörkunum og það þarf að gera miklar breytingar á framleiðslu- og lífnáðarháttum. Líklega verðum við neydd út í þessar breytingar á endanum en því betur sem við erum undirbúin því betra er það fyrir okkur,“ segir Kristín Vala. „Það þarf að finna meiriháttar lausnir því annars hækkar hitastig jarðar um 3-6 gráður á þessari öld, sem hefur margþættar afleiðingar. Ef hitastigið hækkar svona mikið verður til að mynda ekki hægt að búa í stórum hluta heimsins, þar sem eyðimerkur eru nú og eru að stækka, til dæmis í Afríku og Ástralíu.“

Kristín Vala bendir á að ef koltvísýringur í andrúmsloftinu fer yfir ákveðin mörk (450 ppmv) geti kalksvífþörungur í sjónum ekki myndað skel, sem verður til þess að vistkerfi sjávar fellur saman. „Hvað gerum við ef það er enginn fiskur í sjónum? Við erum að nota efni og borða mat alls staðar að í heiminum en sjáum ekki eyðilegginguna sem af því skapast. Við gerum okkur ekki heldur grein fyrir því að við erum að ganga á vatnsbirgðir í öðrum löndum við framleiðslu á hlutum sem við getum framleitt sjálf hér heima. Við getum ákveðið núna hvort við ætlum að lifa af þessa öld eða ekki,“ segir hún. „Ég vil því að nemendur okkar læri rökhugsun og að verða leiðtogar svo að þeir geti leitt fyrirteki, sveitarfélög, bæi og borgir til sjálfbærrar þróunar.“

Það er ekki nóg að vera pínulítið sjálfbær, við verðum að fara alla leið.“

Kristín Vala byrjaði að kenna sjálfbærni við háskólann í Bristol í Englandi þar sem hún var starfandi prófessor áður en hún tók við sem forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í september 2008. „Í

fyrstu var jafnvel kvartað undan því að ég væri að kenna sjálfbærni en undanfarin tvö ár hefur orðið mikil breyting og nú finnst nemendum þeir hafa eitthvert hlutverk. Þeir skynja að þarna sé komið tækifæri fyrir þá til að breyta heiminum.“

„Ég var spurð að því hvort ég ætlaði virkilega heim til Íslands í bankahruninu en ég hef bent á að nú sé einmitt tækifærið því að fólk er opið fyrir nýjum hugmyndum. Fólk vinnur betur saman en áður og það koma góðir hlutir út úr því. Nú er meiri samkennd hjá fólki,“ segir Kristín Vala.

HVAÐ STENDUR UPP ÚR Í HÁSKÓLA ÍSLANDS?



María Hrönn Björgvinsdóttir,
BS-nemi í hjúkrunarfræði

Hjúkrunarfræðinámið er áhugavert og skemmtilegt í alla staði. Ennfremur er öflugt og skemmtilegt félagslíf sem skapar skemmtilegan anda í nemendahópnum og vináttu okkar á milli.



Karitas Ósk Ólafsdóttir,
B.Ed-nemi í grunnskólakennarafræði

Kennarnarnir tvímæla laust. Þeir þekkja okkur með nafni, sem er mjög námshvetjandi. Ennfremur eru þeir jákvæðir og hjálpsamir.

Stúdentaleikhúsið var á staðnum með alls kyns óvæntar upptökur.

Háskóli Íslands hefur árum saman tekið virkan þátt í menningarnótt. Síðastliðið sumar sameinuðust nemendur og kennarar um dagskrá á Háskólatorgi, blandaða vísindum, listum og skemmtun. Á sama tíma fór Latabæjarhlaupið fram við Aðalbygginguna með tilheyrandi gáska og gleði. Mikið fjölmenni var á Háskóla-svæðinu þennan dag og einstök stemmning.

MENNINGARNÓTT Í HÁSKÓLANUM



Skeifan framán við Aðalbygginguna var eins og ævintýraheimur.



Það er á öllu von í Háskólanum. Trúðar og magadansmejar buðu gesti velkomna.



Gestir voru á öllum aldri og börnin skemmtu sér við þrautir og leiki í boði Menntavísindasviðs.



Latabæjarhlaupið var mjög vel sótt og krakkarnir létu rínginguna ekkert á sig fá. Íþróttaálfurinn hvetur börnin áfram við rásmarkið.





Peter Holbrook prófessor og Inga B. Árnadóttir
dósent við Tannlæknadeild

GLERUNGSEYÐING

ER VAXANDI VANDAMÁL

Glerungseyðing er skilgreind sem óafturkræfur missir tannvefjar vegna efnafræðilegs ferlis þar sem bakteríur koma ekki við sögu. Á Íslandi greinast 37% 15 ára piltar með glerungseyðingu. Neysla súrra drykkja er talin vera einn stærsti orsakabáttur glerungseyðingar. Vel er þekkt að súrir gosdrykkir geta valdið glerungseyðingu en áhrif bragðbættra og óbragðbættra vatnsdrykkja á glerung eru hins vegar óskýr. Íþrótta- og orkudrykkir eru taldir vera glerungseyðandi en niðurstöður rannsókna eru umdeildar.

Markmið rannsóknar Tannlæknadeildar var að ákvarða hvort munur væri á „in vitro“ glerungseyðingaráhrifum valinna drykkja sem eru á markaði á Íslandi, flokkaðra eftir sýruinnihaldi, og að meta hvort þeir drykkir sem markaðssettir eru sem „heilsudrykkir“ og/eða „sykurlausir“ drykkir valdi glerungseyðingu, og ef svo er, að meta þá hlutfallsleg glerungseyðingaráhrif þeirra með tilliti til annarra gosdrykkja á markaði hérlendis.

Tuttugu mismunandi tegundir gosdrykkja, íþrótta- og orkudrykkja og bragðbættra og óbragðbættra vatnsdrykkja voru rannsakaðar. Innihald drykkjanna var skráð eftir miðanum á hverri flösku. Samanburðardrykkir voru vatn og mjólk.

Þegar á heildina er litið sýndu íþrótta- og orkudrykkir mestu glerungseyðandi áhrifin en sykraðir drykkir sem innihalda sítrónusýru fylgdu þeim fast á eftir. Vatnsdrykkir sem innihalda sítrónusýru sýndu svipaðar niðurstöður og kóladykkir.

Gosdrykkjaneysla á Íslandi hefur aukist stöðugt síðustu ár, auk þess sem neyslumynstrið hefur breyst í það að fólk er sí-súpanði allan daginn. Umbúðirnar ýta undir þetta með að vera með skrúfuðum tappa. Klínískar rannsóknir hafa sýnt fylgni á milli neyslu kóladykkja og aukinnar tíðni glerungseyðingar.

Í „in vitro“ rannsókn tannlæknanema sýndi sig hins vegar að kóladykkir, sem allir innihalda fosfórsýru, höfðu ekki eins mikinn sýrueyðingarmátt og drykkir sem innihalda sítrónusýru.

Drykkir sem innihalda sítrónusýru eyddu glerungnum mest og þeir sítrónusýrudrykkir sem innihalda einnig sykur allra mest.

Nýlega hefur fjöldinn allur af svokölluðum hollum og sykurlausum vatnsdrykkjum komið á markaðinn. Þar sem neyslumynstur á þessum bragðbættu vatnsdrykkjum er svipað og á kóladykkjum, þá er það áhyggjuefni hversu mikil glerungseyðandi áhrif þessir bragðbættu vatnsdrykkir og orkudrykkir hafa.

Sítrónusýra virðist vera það eina sem þessir drykkir eiga sameiginlegt þar sem bragðbættir vatnsdrykkir án sítrónusýru sýndu enga glerungseyðandi virkni.

Frjókorn hvannarinnar varðveitast í votlendisjarðvegi og með hjálp þeirra og annarra frjókorna er unnt að varpa ljósi á gróðurfar liðins tíma.



Guðrún Gísladóttir, prófessor í Líf- og umhverfsvísindadeild

LESIÐ Í MOLDINA

„Jarðvegur geymir ýmiskonar upplýsingar um umhverfi okkar og rannsóknir á honum tengjast mikilvægum spurningum um umhverfismál,“ segir Guðrún Gísladóttir, prófessor í landfræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Rannsóknir á bindingu kolefnis í jarðvegi eru mjög mikilvægar nú á tímum gróðurhúsaáhrifa því rétt eins og gróður dregur til sín koltvísýring gerir jarðvegurinn það líka. Jarðvegurinn bindur mikið magn kolefnis en ef hróflað er við honum losar hann kolefnið út aftur í umhverfið og því er mjög mikilvægt að ganga ekki of nærri gróðrinum og jarðveginum.“

Gróðurhúsaáhrif eru talin eitt af alvarlegustu umhverfisvandamálum nútímans og því er mikilvægt að sporna við þeim. „Kolefni sem binst í jarðvegi og gróðri vegur upp á móti útblæstri koltvísýrings af manna völdum. Gróður- og jarðvegseyðing er alvarlegt umhverfisvandamál sem tengist gjarnan landnýtingu sem ekki hefur verið í jafnvægi við það sem landið þolir,“ segir Guðrún.

„Frjókorn varðveitast í votlendisjarðvegi og við getum með þeirra hjálp varpað ljósi á gróðurfar liðins tíma og með því að mæla kolefni í jarðvegi

fáum við upplýsingar um það hversu mikið kolefni jarðvegurinn hefur bundið í tímans rás. Einnig notfærum við okkur gjóskulög með þekktan aldur sem eru varðveitt í jarðvegi til að tímasetja atburði eins og til dæmis upphaf búsetu í landinu og breytingar á loftslagi.“

Guðrún vinnur nú að rannsókn á umhverfisbreytingum í Borgarfirði síðastliðin 4000 ár ásamt Agli Erlendssyni, nýdoktor við Háskóla Íslands, og Rattan Lal, prófessor við Ohio State University í Bandaríkjunum. Að rannsóknunum koma einnig samstarfsmenn þeirra við Háskóla Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Snorrastofu, Háskólann í Sheffield, Stokkhólmsháskóla og Norwegian Crop Research Institute auk nemenda við Háskóla Íslands.

„Við skoðum ýmsa þætti, til dæmis hvort loftslag og/eða landnýting hafi áhrif á kolefnismyndun í jarðvegi, frjósemi hans og gróðurbreytingar. Með hjálp gjóskulaganna skoðum við til dæmis tímang



fyrir og eftir landnám og getum lesið í það ef snöggar breytingar koma fram í jarðvegi og gróðri og þá velt því upp hvort þær tengist breyttu veðurfari, eða séu af manna völdum. Rannsóknarumhverfi okkar er ansi fjölbreytt, allt frá því að vera úti í náttúrunni, ósjaldan í blautri mold, frekar drullug að taka jarðvegskjarnasýni, upp í háþróaðar rannsóknarstofur þar sem við svo greinum sýnin í hárfínum tækjum,“ segir Guðrún.



HAPPDRÆTTI HÁSKÓLANS REISIR STÚDENTUM ÞAK YFIR HÖFUÐ

Á þessu ári fagnar Hapdrætti Háskóla Íslands 75 ára afmæli sínu. Markmiðið með stofnun hapdrættisins var að fjármagna byggingar Háskóla Íslands. Alla tíð hafa 70% af tekjum runnið aftur til miðaeigenda í formi vinningsa, sem er með hæsta vinningslutfalli sem þekktist í heiminum.

„Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 og var lengi til húsa í Alþingishúsinu,“ segir Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri Hapdrættis Háskóla Íslands, og rekur sögu þessa merka fyrirtækis.

„Í upphafi voru nemendur Háskólans færri en 50 en fjölgaði á næstu tuttugu árum um tæplega hundrað. Þá var þannig orðið ástatt að þrengslin voru orðin mjög mikil,“ segir Brynjólfur, „og því ljóst að eitthvað varð að gera í húsnæðismálum Háskólans.“

Brynjólfur segir að Alþingi hafi samþykkt að byggja húsnæði fyrir Háskólann en reyndar með því skilyrði að fé yrði veitt til þess á fjárlögum. Hins vegar varð ekkert af því og því voru góð ráð dýr. Brynjólfur segir að eftir því sem hann viti best hafi það verið arkitekt Aðalbyggingar Háskólans, Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, sem færði það í tal við þáverandi rektor, Alexander Jóhannesson, hvort ekki væri lag að nýta lagaheimild frá árinu 1926 til að reka hapdrætti fyrir Háskóla Íslands. Hugmyndinni var ekki fagnað á þingi en þó fór svo að lög þess efnis voru samþykkt 1933 og hapdrættið tók til starfa þá um áramótin. Fyrsti útdrátturinn fór fram 10. mars 1934 en síðan hefur hapdrættið starfað stöðugt og stórbyggingarnar sem hapdrættið hefur komið að eru nú orðnar um 20 talsins og fé til tækjakaupa til rannsókna nemur hundruðum milljónum króna.

AÐALBYGGINGIN FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR

Aðalbygging Háskóla Íslands hefur þá sérstöðu að tákna framtíðina og þann fjársjóð sem fólgin er í vísindum, þekkingu, gagnrýnni hugsun, trausti og nýsköpun. Þess vegna kjósa ungir nýstúdentar að láta mynda sig í stórum fylkingum fyrir framan þessa merku byggingu. Húsið er teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Aðalbyggingin er reist fyrir fé sem kom að mestu frá Hapdrætti Háskóla Íslands en hún var vígð 17. júní 1940.

Háskólabyggingin er gulli slegin í orðsins fyllstu merkingu því að hún er klædd með kvassi sem í var blandað hreinu gulli. Mörgum kann að þykja mikið í lagt en ef öll klæðningin yrði skröpuð af kæmi í mesta falli á annað kíló upp úr krafsinu. Byggingarféni hússins eru að öðru leyti að mestu íslenskt, m.a. steinsteypa, líparít, baulusteinn, hrafntinna, silfurberg, grágrýti og hörpuskel.





Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í Viðskiptafræðideild

HVER ERU EINKENNI ÍSLENDINGA?

„Markmiðið með rannsókninni er að kortleggja þjóðmenningu og leita svara við spurningunni um hver séu megin Einkenni íslensku þjóðarinnar.“ Þetta segir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild. Um allstóra rannsókn er að ræða hjá Gylfa sem hann vinnur að ásamt hópi rannsóknarmanna í samvinnu við Viðskiptafræðistofnun.

Til að leggja mat á þjóðmenningu okkar verður notuð þekkt aðferðafræði sem er kennd við Hofstede en hún hefur verið notuð til að varpa ljósi á þjóðmenningu ríkja heims,“ segir Gylfi. Í gagnagrunni Hofstedes er að finna upplýsingar um þjóðmenningu yfir 70 landa en Ísland er ekki þar á meðal þar sem rannsókn á þessum nótum hefur ekki verið gerð hér áður. Svörum verður safnað með því

að nota spurningalista og gögnin verða í framhaldinu hluti af gagnagrunni Hofstedes.

Gylfi segir það áhugavert að sjá hvort Íslendingar séu líkir frændum sínum á Norðurlöndum eða hvort þeir séu undir amerískum áhrifum eins oft hefur verið fullyrt.

Eitt efni rannsóknarinnar er einstaklingshyggja andspænis heildarhyggju að sögn Gylfa. „Í sam-

félögum þar sem einstaklingshyggja er ríkjandi er mikil áhersla lögð á frelsi einstaklingsins til athafna. Í samfélögum þar sem heildarhyggja er ráðandi tengist fólk hins vegar sterkum böndum og styður vel hvert við annað. Hagsmunir samfélagsins eru settir ofar hagsmunum einstaklinga,“ segir Gylfi.

Gylfi hefur á síðustu árum rannsakað, í félagi við Þórhall Örn Guðlaugsson, fyrirtækjamenningu íslenskra fyrirtækja sem hafa leitað út fyrir landsteinana. Í þeirra hópi eru Marel, Össur og Actavis. Kannað var hvort séríslensk menning sé til og hvort hún sé flutt út. „Árangur íslenskra fyrirtækja samkvæmt fyrirtækjamenningu byggist á því að við erum fámenn þjóð með hátt menntunarsstig, mikið tengslanet, óformleg samskipti og stéttlaust starfsfólk,“ segir Gylfi.

HVAÐA MÁLI SKIPTIR HÁSKÓLI ÍSLANDS FYRIR ÍSLENSKT SAMFÉLAG?



Lárus Ingi Magnússon,
BS-nemi í viðskiptafræði

Háskólinn skiptir mjög miklu máli fyrir íslenskt samfélag en í því samhengi skiptir gríðarlega miklu máli að skólinn sé aðgengilegur öllum, óháð efnahag.



Linda Guðmundsdóttir,
MA-nemi í mannfræði

Háskóli Íslands stuðlar fyrst og fremst að fjölbreytileika í íslensku atvinnulífi og nýsköpun ásamt því að efla menntastigið í landinu.



Ólöf Lilja Magnúsdóttir,
BA-nemi í mannfræði

Íslenskt samfélag nýtur góðs af góðu og fjölbreyttu námi í Háskóla Íslands. Þar geta stúdentar stundað nám óháð efnahag og stöðu sem tryggir jöfnuð og réttlátara samfélag.

GAMAN AÐ LÆRA JAPÖNSKU

segir Kaoru Umezawa, lektor í japönsku

Það vakti mikla athygli í haust þegar Japaninn Toshizo Watanabe kom og færði Háskóla Íslands þrjár milljónir Bandaríkjadala að gjöf til að stuðla að auknum samskiptum milli Íslendinga og Japana.

Japanska hefur verið kennd við Háskóla Íslands um nokkurt skeið og því mun þessi gjöf Watanabe án efa nýtast býsna vel til að auka veg japönsku við Háskólann: „Íslendingar hafa gaman af því að læra japönsku og þeir ná framburðinum vel,“ segir Kaoru Umezawa, lektor í japönsku við Háskólann, og bætir því við að hún telji Íslendinga almennt duglega að læra ný tungumál.

„Námið snýst ekki bara um tungumálið því ég bæti líka inn í kennsluna þáttum sem snúa að menningu Japans. Sinn er síður í landi hverju og Japan og Ísland eru ólík að mörgu leyti. Til gamans höfum við haldið í suma japanska siði því það er góð leið til að læra þá. Þannig banka nemendur mínir til dæmis á hurðina hjá mér upp á japanskan máta ef þeir eiga erindi við mig og bíða eftir því að þeim sé boðið inn. Þegar inn er komið tekur við ákveðin japönsk hneiging og sérstök kveðja en nemendur hafa mjög gaman af þessu, og ég líka,“ segir Kaoru.

Kaoru kom til landsins árið 2003 og er mjög hrifin af starfi sínu og umhverfinu hér. „Hér fæ ég svo frjálshar hendur og það líkar mér vel. Þannig get ég þróað nýja og skapandi hluti í náminu. Mér finnst þetta mikla frelsi sem einkennir Íslendinga auka sköpunargáfu fólks.“



Japönsk hátíð í HÍ

Á hverju ári er staðið fyrir japanskri hátíð í Háskóla Íslands sem er gjarnan fjölsótt og fjörleg. „Íslendingar virðast vanir því að vinna sjálfstætt frekar en að vinna í hópi en í Japan er hópvinna hins vegar mikil. Til að auka samvinnu er partur af náminu í japönsku fólgin í því að undirbúa og halda þessa japönsku hátíð,“ segir Kaoru Umezawa, lektor í japönsku við Háskóla Íslands. „Nemendur læra mikið á þessu og þurfa að nýta þekkingu sína úr náminu. Þarna fá þeir tækifæri til að læra heilmikið því að mikil vinna og þekkingarleit um Japan er fólgin í öllu ferlinu og að mörgu þarf að huga. Hver bás er með japanskt þema og til dæmis er hægt að smakka japanskan mat, teikna japönsk tákn, læra tesíði, fara í japanskan spurningaleik, spreyta sig á japönsku tafla og margt fleira,“ segir Kaoru.

ERU ÞJÓÐVERJAR SIÐSAMARI EN ÍSLENDINGAR Í SUNDI?



Hvert er viðhorf Íslendinga til Þjóðverja, hvernig er sundmenning þessara þjóða og hvernig koma íslenskar bíómyndir Þjóðverjum fyrir sjónir?

Þessar spurningar og margvísleg önnur viðfangsefni hafa íslenskunemendur við Humboldt-Universität í Berlín og þýskunemendur við Háskóla Íslands fengist við í vetur. Efnið, sem er í formi stuttra samtala, hefur verið tekið upp og sett á Netið sem svokallaðar hlaðvarpskrár (e. podcast).

Í nóvember fóru íslenskir nemendur til Berlínar í fimm daga heimsókn og í janúar 2009 var sú heimsókn endurgöldin með komu nemenda frá Berlín til

Reykjavíkur. Í þessum heimsóknnum voru teknir upp þættir þar sem nemendur fjölluðu um upplifun sína af landi og þjóð, sem var í sumum tilvikum fyrstu kynni viðkomandi af þessum þáttum.

Nemendur settu upp vef þar sem þessum hlaðvarpskrám var komið fyrir og óhætt er að mæla með því að heimsækja vefinn en slóðin er isber.podspot.de.

Umsjón með verkefninu höfðu Annika Grosse, sendikennari í þýsku við HÍ, og Eiríkur Sturla Ólafsson, íslenskukennari við Humboldt-Universität í Berlín.



Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs

SKEMMTILEGUR OG ÖFLUGUR VINNUSTAÐUR

Með því að skipta Háskólanum upp í fimm fræðasvið síðastliðið haust sé ég fyrir mér mikil samlegðaráhrif og tækifæri til eflingar Háskólans. Nú er upplagt að lækka deildarmúrana og vinna að því sem sameinar deildirnar. Það er einnig takmark okkar að stytta boðleiðirnar og skýra verkferlana til þess að sviðin virki sem best. Mikilvægt er að við séum þjónustulund-uð og með opnar dyr. Svo á þetta auðvitað að vera skemmtilegur vinnustaður," segir Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

„Það er tiltölulega auðvelt að ná samlegð í kennslu þar sem mörg fög eru sameiginleg mörgum greinum, sérstaklega í grunngreinum. Við erum einnig að vinna með hugmyndir um hvernig deildir

geti orðið enn þverfaglegri þannig að Heilbrigðisvísindasvið geti orðið eitt andlit en samt þannig að hver deild haldi sínu faglega sjálfstæði því þar innandyrna eru þeir sem vita best hvernig á að þróa sitt svið áfram," segir hann.

Sigurður segir að númer eitt sé að mennta gott heilbrigðisstarfsfólk svo að það geti sinnt fjölbættu hlutverki sínu á sem bestan hátt. „Hlutverk heilbrigðisstarfsfólks er í raun fjölbætt, að sinna veiku fólki, að búa til nýja þekkingu með rannsóknum, að miðla þekkingunni áfram til nýrra kynslóða og að sinna sínu samfélagslega hlutverki. Háskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í miðlun upplýsinga til almennings svo að fólk geti sinnt heilsu sinni og farið eins vel með hana og kostur er hverju sinni. Þetta er auðvitað í samræmi við það sem Háskólinn hefur

gert markvisst undanfarin ár með tengslum sínum við atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.“

Einn af mikilvægustu þáttunum í starfi lifandi háskóla eru rannsóknir að mati Sigurðar. „Þar getum við aukið þjónustu sviðsins til muna og sett upp eins konar rannsóknþjónustustöð, fyrir kennara, doktorsnema og aðra nemendur sem vinna að rannsóknum á vegum deildanna. Þetta ráðgerum við í samvinnu við háskólasjúkrahús okkar, Landspítalann. Svo eru kostir samvinnu um rannsóknaverkefni milli deilda og sviða augljós og með því að leggja áherslu á að ná deildarmúrum niður og tengja stöður myndu þverfaglegar rannsóknir væntanlega aukast," segir hann.



Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands Efling siðferðisvitundar í viðskipta- og stjórnmálalífi

Salvör Nordal hefur verið valin í þriggja manna vinnuhóp sem ætlað er að leggja mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði. Vinnuhópurinn, sem í sitja auk Salvarar, Vilhjálmur Árnason prófessor og Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra, er skipaður af forsætisnefnd Alþingis.

Hópurinn á að skila skýrslu 1. nóvember næstkomandi og verður hún hluti af lokaskýrslu sérstakrar rannsóknarnefndar Alþingis um orsök á falli íslensku bankanna, enda styðst vinnuhópurinn við sömu lög og rannsóknarnefndin.

Í greinargerð með lögnum er m.a. sagt að hópurinn eigi að greina hvaða gildi eða siðferði hafi legið til grundvallar hjá þeim sem voru leiðandi í fjármála-starfseminni, hvort siðferðileg viðmið og siðareglur hér á landi hafi verið frábrugðnar þeim sem gildi í nágrannalöndunum og huga að menntun æðstu stjórnenda á þessu sviði.

Salvör segir verkefnið afar spennandi og fyrsta skrefið sé að afmarka umfang þess og rannsóknar-spurningar en hún segist vona að þessi vinna muni auka vitund um siðferði í viðskiptalífinu og mikilvægi siðfræði í viðskiptamenntun.



SONURINN MIÐLAR ÆVINTÝRUM

en faðirinn kennir hagnýta menningarmiðlun

Gunnar Theodór Eggertsson, doktorsnemi í almennri bókmenntafræði, hreppti Íslensku barnabókmenntaverðlaunin árið 2008 fyrir söguna sína um Steindýrin. Að mati dómnefndar er hér á ferðinni hörkuspennandi og frumleg ævintýrasaga sem sækir efnivið sinn í þjóðsögur og ævintýri en er þó engu lík. Verðlaunin voru afhent á frístundaheimilinu Hlíðaskjóli í Hlíðaskóla þar sem Gunnar hefur starfað meðfram námi undanfarin ár.

Steindýrin fæddust smám saman þegar Gunnar Theodór sagði börnunum í Hlíðaskjóli sögur og ævintýri og hann skrifaði kafla fyrir kafla og las fyrir þau. Þannig skapaðist hugmyndafrík frásagnarheimur sem leiddi aðalpersónurnar, og ímyndunaráfl barnanna um leið, á vit huldufólks og alls kyns vætta, ofan í jörðina og til fjöldamargra landa.

Gunnar Theodór er með BA-próf í almennri bókmenntafræði og listfræði frá HÍ og MA-próf í kvikmyndafræði frá Amsterdam-háskóla. Hann hóf doktorsnám í almennri bókmenntafræði í haust. Gunnar er þó ekki einn úr sinni fjölskyldu í HÍ því Eggert Þór Bernharðsson, dósent í hagnýtri menningarmiðlun, er faðir Gunnars. Það er nærtækt að spyrja hvort faðir hafi leiðbeint syni sínum við miðlunartæknina í nýju sögunni: „Hann var fullfær um að skrifa þetta einn en ég gengst við því sem kvikmyndafrík að hafa kannski glætt

í honum fantasíuna. Í augum Gunnars eru skriftir auk þess heimilisiðnaður því hann hefur horft á okkur foreldra sína unga út bókum,“ segir Eggert Þór brosandí en móðir Gunnars er Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir rithöfundur. „Það sem kannski vegur þyngst er miðlunartækni sem við notuðum á Gunnar lítinn,“ bætir Eggert Þór við. „Við vorum stundum löt að lesa fyrir hann á kvöldin svo við útveguðum rafræna staðgengla, svæfingar-róbóta eða með öðrum orðum segulband og gamaldags söguspólur. Spólurnar sem Þorsteinn Thorarensen las inn og endursagði voru vinsælastar en það voru klassísk evrópsk ævintýri og Alís í Undralandi. Til að bæta úrvæði lásu við eitthvað af sögum inn sjálf og Gunnar apaði fljótt eftir og las sér þjóðsögur og ævintýri á kassetur að sofna við. Hann hafði unun af að hlusta og slípaðist af þessum hálfgerða heilaþvætti í íslensku máli og leyndardómum sagnalistarinnar. Það er



Eggert Þór Bernharðsson.

því viss lógík í því að hann hafi skrifað sögu fyrir krakka.“

Nám í hagnýtri menningarmiðlun er til meistara-prófs en það byggist á þverfaglegu samstarfi þar sem markmiðið er að tengja saman íslenska sögu og menningu. Eggert Þór leggur mikið upp úr því að opna nemendum nýjar leiðir í miðlun rannsókna sinna og þekkingar. Áhersla er lögð á að nemendur ljúki miðlunarverkefnum, tileinki sér fjölbætta framsetningu efnis og öðlist reynslu sem geri þeim fært að vinna sjálfstætt á sviði miðlunar.



Sigurður Brynjólfsson, prófessor í vélaverkfræði

ÞRÆÐIR SAMAN FRÆÐI

„Kerfislíffræði, eða systems biology, er nýtt og hratt vaxandi fræðasvið sem felur í sér kerfisbundnar rannsóknir á flóknum líffræðilegum ferlum, oftast með því að tengja saman ólíkar upplýsingar með notkun stærðfræðilíkana,“ segir Sigurður Brynjólfsson, prófessor í verkfræði og einn af stofnendum rannsóknaseturs í kerfislíffræði við HÍ sem verið er að setja á fót.

Við erum svo lánsöm að hafa Bernhard Örn Pálsson, prófessor í lífverkfræði við UCSD, einn helsta frumkvöðul á sviði kerfislíffræði, sem gestaprófessor við Háskóla Íslands og leiðir hann uppbyggingu rannsóknarsetursins,“ segir Sigurður.

Setrið verður miðstöð rannsókna á sviði kerfislíffræði og tengir saman rannsóknir á sviði verkfræði, raunvísinda og læknisfræði. „Í framtíðinni munu nemendur í framhaldsnámi og rannsóknatengdu námi fá leiðsögn, aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa á þessu sviði,“ heldur Sigurður áfram.

„Kerfislíffræðin stefnir að kerfisbundinni lýsingu á starfsemi og þroskun fruma og lífvera og byggist að miklu leyti á notkun og tengingu lífupplýsinga, upplýsinga um erfðamengi, tjáningu gena, virkni og starfsemi ensíma og annarra próteina auk svipgerðar lífverunnar,“ segir Sigurður.

„Fram til þessa hefur mestur árangur náðst við kerfisbundna greiningu örvera. Erfðamengi margra örvera hefur verið raðgreint og þar sem þær hafa fremur fá gen, og starfsemi stórs hluta þeirra er þekktur, er unnt að útbúa stærðfræðilíkön yfir starfsemi þeirra. Auk þess er auðvelt að breyta tilteknum ferlum í örverum með því að breyta næringarskilyrðum, eða með stökkbreytingum og sannreyna þannig líkönin sem til verða með hjálp kerfislíffræðinnar,“ segir Sigurður.

Mikill áhugi er á að útbúa svipuð líkön fyrir manninn og eru fyrstu tilraunir til þess þegar hafnar. Líklegt er að slíkar rannsóknir muni hafa mikil áhrif á skilning okkar á sjúkdómsferlum mannsins. „Því er brýnt að við byggjum upp öflugt þverfræðilegt rannsóknasetur á þessu sviði hér við HÍ og tryggjum þannig að Ísland haldi forystu sinni á sviði heilbrigðisrannsókna,“ segir Sigurður.



Háhraðaleit að nýjum lyfjum

Dr. Bernhard Örn Pálsson, gestaprófessor við Háskóla Íslands og prófessor í lífverkfræði við University of California í San Diego, hlaut á síðasta ári 2,4 milljóna evra styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu til að byggja upp rannsóknasetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands. Styrkurinn er sá stærsti sem runnið hefur til Háskóla Íslands og er bæði mikil viðurkenning og hvatning til Bernhards sjálfs og Háskólans.

Bernhard, sem er einn helsti frumkvöðull á sviði lífverkfræði í heiminum, mun veita setrinu forstöðu. Hann hefur verið leiðandi í lífverkfræðinni í aldarfjórðung og marka rannsóknir hans á sviðinu upphaf nýrra tíma í lífvísindum.

Þegar styrkveitingin var kynnt við Háskólann lýsti Bernhard því yfir að markmiðið væri að hefja háhraðaleit að nýjum lyfjum.

Markmið Evrópska rannsóknarráðsins er að styðja við brautryðjandi rannsóknir færustu vísindamanna heims sem fara ótroðnar slóðir í rannsóknum sínum. Líklegt þykir að rannsóknir Bernhards og félaga muni hafa áhrif á skilning og þekkingu á sjúkdómsferlum í manningum.

Rannsóknarverkefni Bernhards og Háskóla Íslands mun þannig ryðja brautina með því að nota aðferðir kerfislíffræðinnar við að greina efnaskiptaferla mannsins.

Verkefnið er þrjúþætt, í fyrsta lagi að byggja efnaskiptanet, í öðru lagi að byggja reiknilíkön af efnaskiptaferlunum og í þriðja lagi að nýta líkönin og greiningu genamengja til að finna lyf til að stýra efnafærlum fruma úr mönnum.

Rannsóknarsetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands er samstarfsverkefni Heilbrigðisvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, en kerfislíffræði er þverfræðileg í eðli sínu.



Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor við Kennaradeild

TÓNLISTIN ÖRVAR TENGLAMYNDUN

„Tónlist verður snemma hluti af lífi okkar, því rannsóknir sýna að börn í móðurkviði byrja að heyra og nema tónlist á síðustu átta vikum meðgöngu. Þau geta munað ákveðin tónverk sem þau heyrðu á meðgöngu alveg upp í 6 mánuði eftir fæðingu,“ segir Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Helga Rut segir að þörf manneskjunnar fyrir tónlist sé óumdeild og auðvelt sé að benda á gildi tónlistariðkunar í daglegri umönnun barna strax frá fæðingu. „Tónlist örvar ekki aðeins skilningarvitin og almennan þroska, heldur einnig tengslamyndun milli foreldra og barna“.

Helga Rut hóf nýverið verkefni í samstarfi við Hitt húsið þar sem hún vinnur með notkun tónlistar í uppeldi ungra barna í hópi ungra mæðra og feðra. Börnin eru flest á bilinu mánaðar gömul til eins árs

og foreldrarnir yngri en 25 ára. Verkefnið er hluti af stóru alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem stýrt er frá Kanada. Helga Rut er eini fulltrúi Norðurlanda í samstarfinu. Rannsóknarverkefni innan netsins eru öll á sviði söngs í samfélögum, hvort sem er í skólum, meðal eldri borgara, með ungum börnum eða foreldrum. Meðal þátttökulanda utan Íslands og Kanada eru Bandaríkin, Bretland, Þýskaland, Ástralía og Brasilía.

Markmið verkefnisins er að kanna viðhorf ungu

foreldranna til söngs og tónlistar, að kanna hvort námskeiðið styrki þá í uppeldi barnanna og að meta þörfina fyrir slík námskeið. Sambærileg verkefni eru í gangi í hinum löndunum sem taka þátt í kanadíska samstarfsnetinu.

Helga Rut hefur haldið námskeiðið Tónlist með ungum börnum frá árinu 2003 þar sem foreldrar koma með börn sín í þeim tilgangi að læra aðferðir til að vinna með tónlistarþroska barnanna. „Á námskeiðinu er sungið, farið í hreyfileiki, dansað og leikið á hljóðfæri. Við vinnum alltaf með „lifandi“ tónlist og undirspil á gítar, píanó og önnur hljóðfæri. Hver einasta athöfn hefur markvissan tilgang og er foreldrum jafnóðum bent á þá þætti sem unnið er með en framsetningin er þannig að bæði foreldrar og börn upplifa einskæra gleði og ánægju saman,“ segir Helga Rut.

Markmiðið að þróa tæki sem hjálpar fjölfötluðum börnum



Gönguhermirinn þótti besta verkefnið í keppni hugmynda um svokölluð hagnýtingarverðlaun á síðasta ári. Verðlaununum er ætlað að hrinda í framkvæmd hugmyndum, sem dregnar eru upp úr skúffunum víða í Háskólasamfélaginu.

Gönguhermirinn er ekki eins manns verk heldur afsprengi samstarfs nemenda og kennara í véla-, og rafmagns- og tölvuverkfræði annars vegar og í sjúkraþjálfun hins vegar. Karl Sölvi Guðmundsson, dósent í rafmagns- og tölvuverkfræði, og Þjóðbjörg Guðjónsdóttir, lektor í sjúkraþjálfun, hrintu verkefniinu af stað síðastliðið sumar með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Karl Sölvi segir markmiðið hafa verið að þróa tæki sem myndi nýtast fjölfötluðum börnum.

„Meðal hefðbundinna lausna eru svokölluð standbretti, sem börnin eru látin standa í, til að skapa þunga á beinin. Gönguhermirinn hefur það fram yfir hefðbundin standbretti, að hann skapar breytilegt álag, sem örvar beinþéttina,“ segir Karl Sölvi.

„Markmiðið með þessu tæki,“ segir Þjóðbjörg, „er að þéttni í beinum í fötluðum börnum sem ekki geta staðið eða gengið sjálf aukist en þar sem álag vantar á beinin meðan á vexti stendur er hætt við að beinin nái ekki fullri þéttni og eru þau því viðkvæmari fyrir álagi en ella og börnunum er hættara við beinbrotum. Þetta vildum við leysa.“

Að sögn Karls Sölva er framundan smíði frumgerðar og prófanir en áætlað er að gönguhermirinn geti gagnast um 500 börnum hér á landi strax, til æfinga og styrkingar beina.

Þau Karl Sölvi og Þjóðbjörg segja verkefnið afar spennandi, ekki síst fyrir þá sem það á að hjálpa, auk þess sem það er áhugavert fyrir framhaldsnefna í sjúkraþjálfun og verkfræði.

Auk Þjóðbjargar og Karls Sölva unnu þau Andri Yngvason, Bjarki Már Elíasson, Fjóla Jónsdóttir og Jóna Guðný Arthúrsdóttir að verkinu.



Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands

FISKUR Í SJÓ

„Markmiðið með rannsókninni er að svara því hvort kvóti sé eign í skilningi íslensku stjórnarskrárinnar og hvort grundvöllur kvótakerfisins stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnræði og atvinnufrelsi.“ Þetta segir Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur í fiskveiðistjórnkerfum við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Það hafa vaknað spurningar um hvort íslensk fiskveiðistjórn sé réttlát og hver sé eignarréttarleg staða aflaheimilda eða kvóta. Þessum álitafnum verður að svara á grundvelli staðreynda og þekkingar en ekki ígrunda þau út frá fyrirfram ákveðnum hugmyndum eða forsendum. Mitt starf hefur hingað til falist í að afla staðreynda og upplýsinga um þróun íslenskrar fiskveiðistjórnar,“ segir Helgi.

„Fiskar í sjó eru óeignarhæf verðmæti en mynda sem heild auðlind sem er takmörkuð. Sú regla er forn og gamalgróin að allir megi stunda fiskveiðar í atvinnuskyni en í nútímanum gengur slík skipan vart upp vegna getu manna til að veiða mikið aflamagn. Það er því eðlilegt að ríkisvaldið grípi inn í og komi á fiskveiðistjórnkerfi sem auki

líkur á að auðlindin sé nýtt með skynsamlegum og sjálfbærum hætti.“

Upptaka slíks kerfis er að mati Helga bylting í lagalegum skilningi. „Þessi bylting hefur í för með sér margvíslegar samfélagslegar breytingar sem eðlilegt er að ágreiningur sé um í lýðræðissamfélagi. Lagaleg álitafni um eignarrétt, jafnræði og atvinnufrelsi verða því knýjandi. Mikilvægt er að þeim álitafnum sé svarað á traustum forsendum og grundvallist á öllum tiltækum og haldbærum gögnum.“

Í fræðilegri umræðu sem og hinni opinberu hefur að mati Helga verið misbrestur á að ályktanir manna byggist á traustum þekkingarlegum grundvelli. „Tilgangurinn með rannsókninni er að greina



hina lagalegu þróun íslensku fiskveiðistjórnkerfisins og varpa ljósi á stjórnskipuleg álitafni á grundvelli haldbærra forsendna um íslenska fiskveiðistjórnkerfið sem og fiskveiðistjórnkerfi annarra ríkja. Þegar öflun upplýsinga er traust aukast líkur á að lagalegar ályktanir um stöðu fiskveiðiréttinda og fiskveiðistjórnkerfa séu reistar á málefnalegum og rökrænum grundvelli.“



Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur við Hagfræðideild

Hver á að gæta barnanna?

Tilgangurinn með rannsókninni er að skoða hvernig hið opinbera getur ráðstafað fram- lögum til barnafjölskyldna á skilvirkari og áhrifaríkari hátt en nú er gert. Við fáum aðgang að gögnum um það hvernig fjölskyldur ráðstafa tekjum til ákveðinna neyslubátta. Við framkvæmum svo hagrannsóknir út frá þessum gögnum og drögum almennar ályktanir út frá niðurstöðunum,“ segir Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur í alþjóðahagfræði.

„Við þessa vinnu höfum við sambærilegar erlend- ar rannsóknir til hliðsjónar.“

Feðraorlofið gaf barnafólki hér tilefni til að breyta ráðstöfun tíma og tekna innan heimilisins og það gerir Helgu og rannsóknarteymi hennar kleift að skoða hvaða áhrif það hafði á barnafjölskyldur. „Þegar niðurstöður okkar eru ljósar gefa þær ef til vill vísbendingu um skilvirkni annarra framlaga hins opinbera til barnafjölskyldna, svo sem barnabóta,“ segir Helga. „Vonandi getur þetta nýst hinu opinbera við forgangsröðun framlaga eða tilfærslna á fé.“

Helga segir að kannað sé hvort upptaka feðraor- lofs á tímabilinu hafi leitt til breytinga á því hvernig fjölskyldur ráðstafa tekjum sínum til einstaklinga á heimilinu.

„Mér þætti áhugavert að athuga hvort upptaka fæðingarorlofs karla hér á landi hafi að einhverju leyti haft hliðstæð áhrif og tekjuhækkun kvenna gerði í öðrum löndum.“

Helga bendir á að það sé sífellt verið að kalla á hagræðingu hjá hinu opinbera og ekki síst við núver-



andi aðstæður. „Því er þessi rannsókn sérstaklega mikilvæg nú þegar stjórnvöld verða að huga að því hvernig best sé að haga fjárúthlutun til fjölskyldna. Það skiptir miklu máli hvernig þessum tilfærslum er úthlutað, því það getur haft áhrif á neyslutilhögun fjölskyldunnar.“

„Í dag er augljóst að skilvirkni tilfærslna hins opinbera, t.d. í formi barnabóta og fæðingarorlofs, er mjög mikilvæg. Í rannsókninni notum við hugtakið skilvirkni, sem gengur út á það hvort eitthvað sé til bóta fyrir samfélagið, í okkar tilviki hvort ríkið bæti hag fjölskyldna með breytingu á tilfærslum hins opinbera. Hið opinbera nær misvel til einstaklinga innan fjölskyldunnar með aðgerðum sínum og það erum við að leitast við að kortleggja,“ segir Helga.



Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki

Leggja þarf rækt við vitsmunalega og tilfinningalega ábyrgð

„Góð menntun á að hjálpa okkur að takast á við þau fjögur meginverkefni sem lífið leggur okkur á herðar: hafa í okkur og á, læra að rata um umhverfið, deila saman lífinu á sanngjarnan hátt og lifa við eigin takmarkanir og tilfinningar. Menntunin er þá miðuð við fleiri þætti en arðbærni í hagvaxtarsamfélaginu,“ segir Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar.

Vilhjálmur hefur sent frá sér bókina Farsælt líf, réttlátt samfélag en í bókinni ræðir hann helstu kenningar í vestrænni siðfræði en veltir líka fyrir sér spurningunni um hvaða erindi þær eigi við okkur, neytendur og borgara hagvaxtarsamfélagsins. Bókin vakti strax mikla athygli og var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Vilhjálmur hugleiðir í bókinni hvort við höfum vanrækt gildi sem eru forsenda góðs mannlífs. Hann veltir fyrir sér mikilvægi menntunarinnar og spyr sig hvers konar menn við leitumst við að móta með menntuninni. Hann segir að taka þurfi mið af því að börnin okkar verði borgarar í lýðræðissamfélagi sem geti hugsað um umhverfi sitt og verði fær um að rökræða sameiginleg mál.

Vilhjálmur færir rök fyrir því að leggja þurfi rækt við vitsmunalega og tilfinningalega ábyrgð einstaklinga sem og samábyrgð borgaranna þar sem sérstaklega beri að huga að kjörum hinna verst settu.



FLOTTIR KRAKKAR KYNNAST FRÁBÆRUM VÍSINDAMÖNNUM

Á hverju sumri breytist Háskóli Íslands í Háskóla unga fólksins og meðalaldur nemenda lækkar snarlega. Í Háskóla unga fólksins gefst vísindamönnum framtíðarinnar kostur á því að sækja fjölda stuttra námskeiða og kynnst undrum tilverunnar með vísindamönnum Háskóla Íslands.



Háskólatorgið tók á sig annan brag.



Skemmtilegar kennslustundir.



Tvöfaldur snúsnú í hádegishléinu.



Smásjárrannsókn á Bráðavaktinni.



Fjöltefli í sólskininu... stórmeistari í góðum gir.




Tónlist er líka vísindi. Taktur sleginn á tónlistarnámskeiði.



Glæsileg lokahátíð og brautskráning nemenda.





HVERNIG METUR ÞÚ GÆÐI NÁMSINS Í HÍ?



Martina Patone, BS-nemi í stærðfræði

Námið er skipulagðara í HÍ en ég hef áður kynnst á mínum námsferli. Á Ítalíu er lögð meiri áhersla á kenningar en minni á formúlur. Það er ljóst að ég þarf að læra vel til að ná prófi.

Friðbert Jónasson, prófessor í Læknadeild

BLANDAR ERFÐAFRÆÐI VIÐ AUGNLÆKNINGAR

Ég hef haft mikinn áhuga á að skýra tengsl umhverfis- og erfðabátta við augnsjúkdóma á Íslandi," segir Friðbert Jónasson, margverðlaunaður augnlæknir og prófessor í læknisfræði við Háskóla Íslands. Friðbert ferðaðist nýverið til Slóveníu til að taka við verðlaunum fyrir ævistarf sitt frá Evrópusamtökunum um sjón- og augnrannsóknir.

Friðbert hefur átt þátt í að finna genið sem orsakar fjóra augnsjúkdóma. „Ég hafði fundið að arfgeng blettótt hornhimnuveiklun er algengari á Íslandi en annars staðar í heiminum.“ Sjúkdómurinn erfirst ef báðir foreldrar ganga með erfðavísinn en sjúkdómurinn veldur skertri sjón milli tvítugs og þrítugs hjá flestum. Þá er ekki margt sem hægt er að gera annað en að græða nýja hornhimnu í sjúklinginn og við það hef ég unnið undanfarin 30 ár," segir Friðbert.

Í sumar hlutu Friðbert og Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, verðlaun World Glaucoma Association. Rannsókn þeirra og samstarfsaðila á flögnunargláku var talin merkasta glákurannsókn sem gerð var í heiminum árið 2007, en niðurstöður hennar birtust í tímaritinu Science.

„Þessi tegund gláku er sérstaklega algeng á Íslandi," segir Friðbert. „Um tveir þriðju blindu vegna gláku á landinu eru af völdum þessa sjúkdóms.“

Á síðustu árum hefur Friðbert einnig beint sjónum sínum að ellihrórnun í augnbotnum og fundið að

hér á landi er þurra lokastigsbreytingin algengari en annars staðar. Einnig hefur hann á undanförunum árum rannsakað ættgenga sjónhimnurýrnun sem leiðir stundum til blindu. Sjúkdómurinn finnst einkum á Íslandi og í afkomendum Íslendinga erlendis. Í samvinnu hans og Íslenskrar erfðagreiningar fannst svo genið bak við þennan sjúkdóm og skýring á breyttum efnaskiptum.

Friðbert hefur lagt stund á faraldsfræði síðustu þrjátíu ár og erfðafraeði í tuttugu ár. Hann hefur numið og kennt við Háskólann í Edinborg og verið ráðgjafi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Árið 1996 fékk hann fyrst styrki til að hleypa af stokkunum Augnrannsókn Reykjavíkur í samvinnu við japanska vísindamenn og standa þær rannsóknir ennþá yfir. Friðbert hefur fengið fjölda fræðigreina birtan í virtustu vísindatímaritum heims. Í Háskóla Íslands kennir Friðbert meðal annars nemendum sem stunda rannsóknatengt framhaldsnám í læknisfræði.

Samhliða kennslu heldur Friðbert rannsóknum sínum áfram, auk þess að sinna sjúklingum vegna augnsjúkdóma. „Sannleikurinn er að fjórutíu tíma vinnuvika er of stutt. Stundum eru 80–100 tímar á viku nauðsynlegir," segir Friðbert. „Ég hef haft tækifæri til að vera bara í rannsóknum og kennslu annars vegar eða eingöngu í læknisstörfum hins vegar. Mér finnst svo skemmtilegt að gera hvort tveggja að ég get hvorugu hætt.“



Aleksandra Maria Cieslinska, BA-nemi í íslensku fyrir erlenda stúdenta

Námið er mjög vel skipulagt og kennarar eru mjög góðir. Nóg er af tölum og prenturum sem ég nýti mér óspart. Íslenskunámið gengur vel þegar maður freistast ekki um of að tala pólsku og ensku.



Grétar Skúlason, BA-nemi í ensku

Ég er mjög ánægður með gæði námsins og aðstöðuna hér í skólanum. Námsfernið er hvort tveggja í senn skemmtilegt og krefjandi. Sjálfur er ég í fjarnámi sem býður upp á sveigjanleika sem gerir mér kleift að stunda nám meðfram vinnu.



Engilbert Sigurðsson, geðlæknir, faraldsfræðingur og klínískur dósent

ENGINN ER DÓMARI Í EIGIN SÖK

Í fyrstu fyrirlestraröðinni um mannlíf og kreppur hjá Háskóla Íslands í janúar 2009 var fjallað um stærsta mál samtímans hér á landi, fjármálakreppuna, og líkleg áhrif hennar á innviði íslensks samfélags á næstu árum. Engilbert Sigurðsson geðlæknir skipulagði verkefnið í samráði við Kristínu Ingólfssdóttur rektor og var hann einnig frummælandi.

Engilbert tók dæmi út frá atburði sem gerðist í lok ágúst 2006 þegar hann og félagi hans fóru saman í óbyggðaferð eins og þeir höfðu gert í mörg ár. Í þetta skiptið fóru þeir að skoða Vonarskarð sem er mjög fáfárin staður og þar er enginn nema fuglinn fljúgandi.

„Eitt kvöldið þegar við vorum búnir að tjalda fer vinur minn að finna fyrir miklum kvíðverkjum. Hann er mjög hæfur skurðlæknir og reyndi að átta sig á því hvað þetta gæti verið og fór að sjúkdómsgreina sjálfan sig. Honum fannst útlitið ekki gott og umræðan var komin á það stig hvort við þyrftum að kalla til þyrllu,“ segir Engilbert.

Sem betur fer dvínuðu verkirnir og í ljós kom að sjúkdómsgreiningin var ekki rétt. „Þetta atvik

minnti mig á þau fornu sannindi að enginn getur verið læknir eða dómari í sjálfs sín sök. Það er þannig með manninn að þegar kemur að tilfinningum eða hagsmunum okkar sjálfra þá bjagast jafnan dómgreind okkar og fagmennska. Það er ekki hægt að horfa fram hjá þessu og segja bara að einhver sé svo vel menntaður eða svo hæfur að honum skjáttlist ekki, því öll erum við mannleg. Þess vegna eigum við að reyna að tryggja að slíkar aðstæður komi ekki upp,“ segir hann.

Það þarf sterk bein til að þola góða daga

Engilbert fjallaði einnig um að reynt geti á fólk í góðæri. „Ég fékk eitt sinn málsháttinn „Það þarf sterk bein til að þola góða daga“ í páskaeggi og hann á svo vel við miðað við hvernig samfélagið

hefur verið að þróast. Það er ekki bara að það reyni á okkur í erfiðleikum, heldur líka í meðbyr. Í meðbyr fara sumir að halda að þeir séu merkilegri en aðrir, eru jafnvel með mikil völd og fá mikla athygli. Því tel ég að það þurfi sterk bein, góðan maka og vini sem ræða málin hreinskilnislega við mann til að takast á við meðbyr í lífinu.“

„Það sem gerist líka í langri uppsveiflu er að viðmið breytast, fólk fer smám saman að finnast hlutir í lagi sem því fannst alls ekki ásættanlegir áður. Þá er fólk talin trú um að það sé alveg eðlilegt að einhver fái margar milljónir eða tugir milljóna í laun á mánuði þótt aðrir fái vart nóg til að skrimta eða njóta lágmarksþjónustu. Einstaklingum er því hollt að vera sæmilega jarðtengdir og vita hvar þeir standa í raun. Það er engin spurning að við vorum að missa þessa tengingu og sýn, sem er ekki heppilegt. Of margir Íslendingar töldu þjóðina vera komna í einhvern sérflokk og þegar gagnrýnin kom þá var sagt að það væri afbrýðisemi og öfund. Svo reyndist þetta talsýn, innflæði á erlendu lánsfé sem notað var í skuldsettar áhættufjárfestingar,“ segir Engilbert.



Magnús Örn Úlfarsson, lektor í rafmagns- og tölvuverkfræði

MERKJAFRÆÐIN HJÁLPAR LÆKNUM

Magnús Örn Úlfarsson er sérfræðingur í merkjafræði, en hún fæst í stuttu máli við greiningu og meðhöndlun gagna á rafrænu formi frá myndum og hljóðum og öðrum rafmagnsmerkjum.

Ég hef mestan áhuga á hagnýtingu merkjafræði í læknisfræði," segir Magnús, en hann vinnur að þróun hugbúnaðar og merkjafræðiaðferða, sem hann hyggst beita á hjartalínurit frá sjúklingum með hjartsláttarflökt.

Rannsóknir Magnúsar Arnar í hjartalækningum snúast sem sagt um að búa til tæki og hugbúnað, sem greinir hjartalínurit frá sjúklingum. „Til dæmis getur tækið greint, á hvaða tíðnibandi hjartasláttarflöktið er staðsett og fylgst með því, hvort þessar tíðniupplýsingar eru stöðugar í tíma, og það hjálpar læknum að fylgjast með hvort meðferð er árangursrík," segir Magnús Örn. Tækið nýttist bæði

í eftirvinnslu gagna og í rauntíma, meðan á aðgerð stendur. „Og gaman er að segja frá því að tækið hefur þegar verið prófað í rauntíma og það sannreynt að það virkar vel," segir Magnús og brosir.

Magnús Örn hefur einnig notað svokallaða fMRI-tækni til þess að nema staðbundnar breytingar í heilablóðflæði, á meðan sjálfbóðaliði framkvæmir fyrirfram ákveðnar aðgerðir, t. d. einfaldan hugarreikning. „Ég nota þessi gögn til þess að búa til tölvumyndir, sem sýna sálfræðingum og taugasérfræðingum, hvar virkni er í heilanum, þegar þessi hugarstarfsemi er gerð (hugarreikningur). Mínar aðferðir miða að því að notfæra sér eiginleika og

uppbyggingu fMRI-gagnanna á hagkvæmari hátt en eldri aðferðir gerðu og þær hafa gefið nákvæmari niðurstöður."

Magnús Örn vinnur í alþjóðlegu teymi við rannsóknir sínar. „Ég er að vinna með mönnum í University of New South Wales í Ástralíu og University of Michigan í Bandaríkjunum við að þróa algríma fyrir kvika segulómsskoðun, og í tengslum við hjartarannsóknirnar hef ég unnið með teymi í háskólasjúkrahúsi University of Michigan." Það felst töluverð skrifinnaska í rannsóknarstarfinu, og nýlega fékk Magnús Örn ásamt samstarfsmönnum sínum birtar fjórar ritrýndar ISI-greinar í alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Þá má geta þess að rannsóknarteymið vinnur að umsókn um einkaleyfi á tæki og hugbúnaði fyrir hjartalækningar.

Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild

Nýtt reiknisetur við Raunvísindastofnun HÍ



Öndvegisstyrkur frá Rannsóknasjóði RANNÍS að upphæð 25 milljónir á ári í 3 ár mun verða kjölfestan við stofnun nýs reikniseturs við Raunvísindastofnun Háskólans. Setrið verður vettvangur rannsókna og kennslu framhaldsnema í reiknifræði (computational science) í raunvísindum og mun reka tölvuklasa með samtals 800 reiknieiningum. Til að byrja með verða 15 framhaldsnemar og nýdoktorar starfandi við setrið auk fjögurra verkefnisstjóra, að sögn Hannesar Jónssonar, prófessors við Raunvísindadeild.

Ýmis verkefni, sem eru ofarlega á baugi í efnafræði, þéttfeneðlisfræði og efnisfræði, verða unnin í reiknisetrinu. Um er að ræða þróun nýrra efna fyrir sjálfbæra orkunotkun, þar með eru taldir endurnýj-

anlegir orkuberar, efnahvatar fyrir eldsneytisframleiðslu og efni fyrir sólhlöður.

Einnig verða rannsókuð efni fyrir skammtafræðilega rafeindatækni, þar með talda leiðni í nanókerfum, segulmagn í nanókerfum og spunatækni.

Þessi verkefni eiga það sameiginlegt að sérstakir eiginleikar nanókerfa eru nýttir til að fá fram æskilega eiginleika efnanna. Tölvureikningarnir eru byggðir á grundvallarlíkningum eðlisfræðinnar til að lýsa hegðun atóma og rafeinda í efnunum. Vinnan felur í sér þróun reiknirita og hugbúnaðar sem nýtir nútímatölvuklasa, svo og þróun nálgana á líkingum sem eru of flóknar og reiknifrekar til að hægt sé að leysa þær nákvæmlega.



Ragnar Sigbjörnsson, prófessor í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

AÐ LIFA MEÐ HINNI ÓBLÍÐU NÁTTÚRU

„Við vorum heppin að það urðu engin alvarleg slys og enginn lést þegar jarðskjálftinn reið yfir í vor.“ Þetta segir Ragnar Sigbjörnsson, prófessor í jarðskjálftaverkfræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, en hann stendur nú fyrir rannsókn á jarðskjálftanum í Ölfusi þann 29. maí 2008.

Rannsóknin er víðtæk og byggist á þeim áhrifum sem jarðskjálftinn hafði annars vegar á mannvirki og tæknikerfi og hins vegar á mannfólkið og samfélagið og hvernig þetta tengist saman. „Það er áhugavert að skoða þau tengsl sem við fáum með gögnunum milli mældrar hreyfingar jarðskjálftans, áhrifanna og skemmdanna og síðan því hvernig fólkinu reiðir af.“

Ragnar vinnur rannsóknina ásamt fjölmennu rannsóknarteymi og hafa þau séð margt sem vekur þau til umhugsunar. Hann segir: „Í einu tilfelli datt hilla á rúm þar sem barn lá og tilviljun ein réð því að barnið lenti í holrúmi og slapp án líkamlegra meiðsla.“ Misjafnt er hvernig fólk upplifir

jarðskjálfta, segir Ragnar. Það er t.d. munur á því hvernig kynin upplifa jarðskjálfta og komið hefur í ljós með mælingum að það er tölfraðilega marktækur munur á kynjunum að þessu leyti. „Það virðist vera þannig að konur taki áfallið meira inn á sig en karlar en ég tel líklegra að konurnar meti áhrifin réttar en karlarnir. Konurnar tjá atburðina nákvæm- ar en karlarnir og þeir hafa frekar tilhneigingu til þess að draga úr,“ segir Ragnar.

Þýðingarmikill þáttur rannsóknarinnar beinist að tæknikerfum samfélagsins, svo sem veitum fyrir heitt og kalt vatn, rafmagnsveitum og samgöngu- og fjarskiptakerfum. Í nútímasamfélagi eru



þessi tæknikerfi orðin svo gróðarlega mikilvæg að segja má að samfélagið sé orðið auðsærnanlegra, viðkvæmara, en áður var. Þannig getur allt samfélagið lamast ef fólk hefur til dæmis ekki aðgang að neysluvatni eða ef það verður rafmagnslaust. Ragnar og rannsóknarteymi hans hafa líka skoðað hvað hefur farið vel og að hvaða leyti við vorum vel búin undir jarðskjálftanum.

Tilgangur rannsóknarinnar er að meta umfang og áhrif jarðskjálftans og setja fram stærðfræðileg líkön sem hægt er að nota til þess að segja fyrir um skemmdir og tjón á mannvirkjum og meta áhættu. Þessi líkön nýtast síðan við hönnun, skipulag og viðhald mannvirkja með það að markmiði að halda áhættu í lágmarki. Starf Ragnars, sem er verkfræðingur að mennt, snýst því um að móta hið manngerða umhverfi og reyna þannig að hjálpa okkur að lifa með hinni óblíðu náttúru. Þá reynir á að rýna í framtíðina og leitast við að sjá fyrir hvað er líklegt að gerist og taka mið af því. Til að geta gert slíkt þarf sem nákvæmastar mælingar á því sem gerst hefur í fortíðinni.





VÍSINDAVAKA

Eldrórið vekur alltaf athygli, en það er tengt við hljóðnema eða hátalara og loginn dansar í takt við tónlistina.

Vísindavakan árvissa var haldin í september 2008, á degi evrópska vísindamannsins, samtímis í helstu borgum Evrópu. Fjöldi vísindamanna frá Háskólanum var á staðnum og kynntu yfir 3000 gestum það áhugaverða og fjölbreytta vísindastarf sem fer fram á hverjum degi í HÍ.

Nemendur og kennarar í japönsk-
unni kynntu japanskt mál og menn-
ingu og vöktu mikla lukku.



Eðlisfræðingurinn Ari Ólafsson útskýrir fyrir ungum gestum hvernig pendúlar virka.



Marglyttur eru furðuleg dýr. Fræðasetur Háskólans á landsbyggðinni stunda miklar rannsóknir á sjávarlífverum.

Matvæla- og næringarfræðinemar fræddu fólk um næringu og heilbrigtt lífni og buðu upp á hollt snakk.





AÐ GERA ÚLFALDA ÚR MÝFLUGU EÐA FÍL

Auður Hauksdóttir er dósent í dönsku og hún fæst við rannsóknir á tengslum okkar við danskt mál og menningu. Hún hefur kannað hvernig íslenskum námsmönnum í Danmörku gengur að nota dönskukunnáttu sína og jafnframt hefur hún rannsakað sögu dönskunnar hér á landi, einkum í skólum. Um þessar mundir einbeitir hún sér ásamt samstarfskonu sinni, Guðrínu Haraldsdóttur, að samanburði á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku.

„Það eru einkum orðtök með yfirfærða merkingu, sem eru í brennidepli, en þau eru oft menningarbundin, ógagnsæ og ófyrirsegjanleg og geta því reynst erfíð í málanámi. T.d. segja Íslendingar „sautján hundruð og súrkál“ en Danir „attendhundrede og hvidkål“, við segjum „vera á næsta leiti“, en Danir „være på trapperne“, segir Auður.

„Annað dæmi er „gera úlfalda úr mýflugu“, sem á sér hliðstæðuna „gøre myg til en elefant“ í dönsku, þ.e. í stað úlfalda tala Danir um fíl. Sum orðtök í

dönsku tengjast aðstæðum þar, t.d. lestum, sbr. „trække i nødbremsen“ og „køre på skinner“ og eiga sér ekki hliðstæðu í íslensku og öfugt, sbr. „teygja lopann“ og „fara út um þúfur“, segir hún. „Þá tala Danir um að „være/gå (ude) på vulkaner“ í merkingunni að flippa út eða drekka og skemmta sér óhóflega, en þegar við förum á eldfjöll, t.d. Heklu, þá gerum við það í bókstaflegri merkingu.“

Auður er forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sem er rannsóknastofnun í erlendum tungumálum og tengdum fræðasviðum svo sem málvísindum, bókmenntum, menningarlæsi, tungumálakennslu og notkun tungumála í atvinnulífi m.a. í ferðaþjónustu og viðskiptum. Stofnunin var sett á laggirnar árið 2001 í tengslum við 90 ára afmæli Háskóla Íslands og hefur vaxið ört. Auður segir að starfsmönnum stofnunarinnar sé mikið í mun að efla hana enn frekar og nú sé unnið markvisst að því að setja á laggirnar alþjóðlega tungumálamiðstöð innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

HVAÐ STENDUR UPP ÚR Í HÁSKÓLA ÍSLANDS?



Dórothea Hæg Sigurðardóttir,
BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði

Kennararnir eru frábærir og alltaf tilbúnir að aðstoða. Félagsskapurinn er framúrskarandi og andinn í VRII er frábær.



Inga María Backman,
BS-nemi í iðnaðarverkfræði

Námið sjálft vegna þess að það er þverfaglegt, skemmtilegt og fjölbreytt. Hér er skemmtilegt fólk og æðislegt félagslíf sem auðveldar fólk að kynnast.



Birna Arnbjörnsdóttir,
prófessor í ensku

Endurskoða þarf skipulag enskukennslu

„Það hefur orðið grundvallarbreyting á stöðu enskunnar í íslensku samfélagi á síðastliðnum árum, sem kallar á endurskoðun á uppbyggingu kennslu og kennaranáms í greininni. Mörg íslensk fyrirtæki nota ensku sem samskiptamál og aukinn þrýstingur er á að taka upp kennslu í háskólum á ensku. Þetta er hins vegar aðeins almenn tilfinning okkar, studd með nokkrum könnunum, en engar rannsóknir hafa verið gerðar á þessari þróun og úr því þarf að bæta,“ segir Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í ensku við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði. Hún vinnur að rannsókn sem ber heitið Enska sem „lingua franca“ á Íslandi.

„Ástandið á Íslandi er mjög gott dæmi um samfélag þar sem hin opinbera skilgreining á stöðu enskunnar virðist ganga í berhöggi við raunverulega stöðu tungumálsins. Enska hefur hingað til verið skilgreind sem erlent tungumál á Íslandi og kennsla í grunnskólum tekur mið af því. Gert er ráð fyrir að allir komi með sama grunn í námið. Veruleikinn er hins vegar allt annar,“ segir Birna.

Að sögn Birnu er meginmarkmið þessa rannsóknarverkefnis að fá fram heildarmynd af stöðu enskunnar í íslensku málsamfélagi. „Markmiðið er að kortleggja enskufærni og enskuþörf Íslendinga og stöðu ensku sem samskiptamáls á Íslandi. Rannsókninni er jafnframt ætlað að vera mikilvægt framlag til umræðu hérlendis sem erlendis um ensku sem „lingua franca“ eða það tungumál sem fólk með mismunandi móðurmál notar í samskiptum sín á milli.“

Birna hefur um árabíl rannsakað tvítyngi á Íslandi og stöðu enskunnar á hér á landi, ekki síst meðal barna. Fyrir nokkrum árum stýrði Birna verkefni til að auðvelda börnum að læra ensku. Afraksturinn varð áhugaverður og vinsæll vefur á slóðinni englishgame.hi.is.

Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki

FEMÍNÍSK HEIMSPEKI

„Stór hluti rannsókna minna í heimspeki hverfist með einum eða öðrum hætti um femíníska nálgun, hvort sem í hlut á greining á einstökum viðfangsefnum eða söguleg túlkun,“ segir Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki sem er fræðigrein í stöðugri samræðu við eigin hefð segir hún.

Heimspekiiðkun felst að drjúgum hluta í greiningu hugtaka sem eiga sér langa forsögu og djúpar rætur í fyrri kenningum,“ bætur hún við. „Saga vestrænnar heimspeki hefur lengst af verið saga „evrópskra, hvíttra karla.“ Það er því ekki nema von að spurt sé hvað megi sækja í hefð sem gefur sér iðulega ákveðnar hugmyndir um karla, leggur þær til grundvallar alhæfingum um „manninn“ og talar út frá því niður til kvenna. Sömuleiðis hafa „ó-hvítir“ heimspekingar bent á hversu „hvít“ hin vestræna heimspekihefð er og oft gegnsýrð fordómum um „ó-hvíta.“ Algeng varnarviðbrögð við svona gagnrýni eru að ekki megi gagnrýna spekinga hefðarinnar of hart. Þeir voru börn síns tíma. Það má til sanns vegar færa upp að vissu marki. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir þessum sögulegu og menningarlegu fordómum og leitast við að uppræta þá að því leyti sem þeir lita hugmyndir okkar enn þann dag í dag. Fyrstu kynslóðir femínískra heimspekinga gerðu upp við þessa hefð með því að afhjúpa karlrembuna í henni. Því fer þó fjarri að segja þurfi skilið við heimspekihefðina þrátt fyrir kynjaslagsíðu víða innan hennar. Femínísk heimspeki hefur hefur því jafnframt lagt sig fram um að leita að fjölbreytilegri mannskilningi í hefðinni sjálfri. Þetta endurmat hefur m.a. grafið upp kvenheimspekinga sem höfðu „gleymsk.“ Gagnrýni á sögu hugmynda hefur einnig sýnt að einnar

SIGRÍÐUR ER MEÐAL HÖFUNDA VERKEFNIS SEM HLAUT NÚ Í FEBRÚAR EINN AF ÞREMUR STÆRSTU RANNSÓKNARSTYRKJUM SEM VEITTIR HAFU VERIÐ HÉR Á LANDI.

víddar sýn hefur iðulega einkennt túlkanir á mikilvægum hliðum kenninga. Í framhaldinu hafa verið dregnir fram þættir í kenningum heimspekinga sem geta reynst frjór jarðvegur til að hugsa viðfangsefni þeirra áfram á skapandi hátt.“

„Rannsóknir mínar að undanförunu hafa einkennt af svona sambandi við þá hefð heimspekinna sem ég hef einkum sérhæft mig í, en það er þýsk heimspeki, einkum heimspeki Nietzsches. Um þessar mundir er ég að rannsaka hvernig mikilvirkir kvenheimspekingar 20. aldar hafa túlkað heimspeki hans og nýtt hana sem uppsprettu fyrir fjölbreytilegar hugmyndir um manninn og samfélagið. Ég hef nýlokið við ritun greina um hvernig stjórnspekingurinn Hannah Arendt nýtir sér hugtök í heimspeki Nietzsches til að setja fram hugmyndir um manninn sem pólitíska veru og samfélagsveru. Staðreyndin er nefnilega

sú að Nietzsche, sem er frægur fyrir kvenfyrirlitningu, lagði jafnframt línur fyrir breyttan skilning á manningum sem líkamlegri veru og tengslaveru. Femínískir heimspekingar hafa haldið mjög á lofti slíkum myndum af manningum til þess að andmæla einstaklingsbundnum mannskilningi hefðarinnar. Þegar öllu er á botninn hvolft snýst málið ekki einungis um femínískan mannskilning heldur um sammanlega, auðugri sýn á alla menn, samfélag og stað okkar í náttúrunni,“ segir Sigríður.

„Ég fæst ekki einungis við þessar hugmyndir fræðilega, heldur legg mig einnig fram um að hagnýta þær. Síðastliðið ár hef ég, í samstarfi við Irmu Erlingsdóttur og Sjöfn Vilhelmsdóttur á Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, unnið að stofnun jafnréttisskóla og rannsóknaseturs í jafnrétti og margbreytileika við Háskóla Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur styrkt jafnréttisskólaverkefnið sem er liður í þróunarsamvinnu, en stefnt er að því að upp af því spretti jafnréttisskóli á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna, líkt og Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli SP, sem eru starfræktir hér á landi. Fyrstu nemendur jafnréttisskólans koma til Íslands næsta haust og dvelja hér í nokkra mánuði. Markhópur skólans eru nemendur frá þróunarlöndum sem fá þjálfun í uppbyggingu jafnréttisstarfs í eigin löndum. Þeir munu öðlast fræðilega þekkingu á jafnrétti og kynnast jafnréttisstarfi hér á landi,“ segir Sigríður sem er aðili að rannsókn sem hlaut nú í febrúar einn af þremur stærstu rannsóknarstyrkjum sem veittir hafa verið hér á landi.



Community
Liberty
Public sphere
Aggregation

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í Stjórnmálafræðideild

HVER ER RÉTTUR ÍBÚANNA Í LÝÐRÆÐISÞJÓÐFÉLAGI?

„Í dag er mikið rætt um pólitíska ábyrgð og því er mikilvægt að vita hvað felst í henni. Með rannsókninni er ég að reyna að átta mig á því hvernig lýðræði virkar í raunveruleikanum.“ Þetta segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, en hann stendur um þessar mundir fyrir rannsókn á lýðræðiskerfi sveitarfélaga.

Fræðilega skýringin á lýðræði er sú að stjórnarfyrikomulag þar sem lýðræði ríkir sé þannig uppbyggt að opinbert vald eigi rætur sínar hjá fólkinu. „Ég skoða þær leiðir sem fólk fer til að útfæra þetta lýðræði. Það hefur mikið verið fjallað um fræðilega þáttinn en það vantar að skoða lýðræði sem reynslu. Við ræðum mikið um lýðræði en sú umræða er oft ruglingsleg því okkur vantar „kortíð“ og mín rannsókn er tilraun til að búa til þetta kort,“ segir Gunnar Helgi.

Áhugi Gunnars Helga á málefnum kviknaði á ákveðnum tímamarki þegar hann hélt erindi á bæjarstjórnarfundum fyrir nokkrum misserum. „Það sló mig að það var ekkert einfalt að svara spurningum íbúanna. Þeir vildu til dæmis vita hver réttur þeirra væri til að hafa áhrif í sveitarfélaginu, hversu

langt réttur þeirra næði og með hvaða hætti,“ segir hann. Sveitarfélög eru í mjög flókinni aðstöðu því þar liggja ólíkir hagsmunir. „Hagsmunir íbúa geta til dæmis verið lágreist byggð til að halda útsýni en hagsmunir fyrirtækjanna aftur á móti hátt nýtingarhlutfall lóða. Sveitarfélögin þurfa því að taka tillit til ólíkra sjónarmiða.“

Fólk vill greinilega að gott samkomulag sé um ákvarðanir og niðurstöður. „Það er svo merkilegt að í þeim viðtölum sem ég er búinn að taka hefur komið fram að mæliskvarðinn á því hvort vel hafi gengið eða ekki byggist á því hvort sátt sé um niðurstöðuna. Ég hef beðið fólk að taka dæmi um atriði sem hafi tekist vel og þá eru það mál þar sem sátt hefur náðst milli aðila,“ segir Gunnar Helgi.

„Ég er spenntur að sjá með hvaða hætti lýðræði skiptir máli upp á lífsgæði fólks og árangur sveitarfélaganna. Ég vonast með sjálfum mér til að niðurstöðurnar sýni fram á kosti lýðræðiskerfisins en auðvitað eru það alltaf gögnin sem ráða niðurstöðunum. Þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir geta sveitarfélög nýtt sér þær varðandi það með hvaða hætti þau hafa samráð við íbúana og hversu langt eigi að ganga í því. Eiga þau til dæmis að vera með íbúakosningar, og ef svo er hvernig á að framkvæma þær?“

Mikil umræða hefur verið um lýðræði í kjölfar bankahrunsins og sumir hafa talað um að Ísland sé bananalýðveldi. „Það full ástæða til að vera gagnrýnn á ástandið hér en ég held að þeir sem tala um bananalýðveldi geri sér ekki grein fyrir því hvernig það er að búa í þjóðfélagi þar sem raunveruleg ógn stafar af stjórnvöldum, jafnvel lífshættuleg,“ segir Gunnar Helgi. Hann kemur sjálfur frá heimili þar sem mikill áhugi var á pólitík og ólst upp með áhugann í blóðinu. „Fyrst varð ég pólitískur en svo breyttist áhuginn og færðist yfir í fræðin.“

Daníel Þór Ólason, lektor við Sálfræðideild

SPIILAFÍKN Á ÍSLANDI

Daníel Þór Ólason, lektor við Sálfræðideild HÍ, hefur ásamt samstarfsfólki sínu gert nokkrar rannsóknir á spilafíkn á Íslandi, bæði meðal fullorðinna og unglunga. Í ljós hefur komið að á bilinu 0,3-0,5% fullorðinna glímur líklega við spilafíkn og 2 til 3% unglunga. Niðurstöður rannsókna hópsins benda til að það séu fyrst og fremst drengir eða ungir karlmenn sem eru í mestri hættu á að lenda í klóm spilafíknar. Þetta eru áþekkar tölur og fengist hafa annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu.

Á sókn unglunga í að spila peningaspil á Netinu hefur aukist mjög mikið. Árin 2003 og 2004 spiluðu um 2% unglunga á Netinu en á árunum 2006 og 2007 sögðust rúmlega 20% unglunga hafa spilað peningaspil á Netinu. Hugsanlega er hægt að skýra þennan aukna fjölda með betra aðgengi að háhraðatengingum (ADSL) á heimilum,“ segir Daníel Þór.

„Einnig má sjá aukningu hjá fullorðnum sem spila við tölvuna sína heima eftir að heimatengingar urðu svona góðar. Það sem felst í peningaspili á Netinu getur verið allt frá því að kaupa sér lottómiða og yfir í það að spila póker, rúllettu eða á spilakassa.“

Töluvert framboð er á peningaspilum hér á landi og í sjálfu sér er allt í boði nema hefðbundin fjárhættuspil sem spiluð eru í spilavítum. „Spilakassar eru ein af vinsælli tegundum peningaspila, sérstaklega hjá unglungum. Í megindrættum eru til tvær gerðir spilakassa, annars vegar spilakassar sem hafa tiltölulega lágar vinningsupphæðir og ganga gjarnan undir nafninu „skemmtilegir leikir“.

Þá er að finna á ýmsum stöðum, t.d. í sjoppum, á myndbandaleigum og bensínstöðvum. Hins vegar er einnig að finna spilakassa sem eru á sérstökum spilastöðum (t.d. Háspennustaðir) eða á veitingahúsum þar sem vinningsupphæðir eru mun hærrí. Athyglisvert er, þegar tengsl spilafíknar og tíðni spilunar í mismunandi tegundum peningaspila eru skoðuð, þá kemur í ljós að þau eru sterkust við spilakassa, peningaspil á Netinu og póker,“ segir Daníel Þór.

Spilafíklar eru hópur sem ekki er nægilega sinnt hér á landi að mati Daníels en hann hefur lagt fram hugmyndir um stofnun rannsóknar- og meðferðarstofu í spilafíkn. „Hlutverk hennar yrði að sinna rannsóknum, meðferð og forvörnum á sviði spilafíknar. Lögð væri áhersla á að efla rannsóknir á meðferðar- og forvarnarstarfi og að niðurstöður rannsókna yrðu hagnýttar til eflingar á slíku starfi hér á landi. Gert er ráð fyrir nánu samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn og að nemendum í meistara- og doktorsnámi við Sálfræðideild HÍ væri gert kleift að vinna að rannsóknum á þessu sviði.



Þessi hugmynd hefur fengið jákvæðar undirtektir en eins og gengur hefur reynst erfitt fá fé til slíkrar starfsemi.“

„Það er hins vegar nauðsynlegt að stjórnvöld taki meiri ábyrgð á starfsemi peningaspila hérlendis og marki sér stefnu um meðferð og forvarnarstarf og komi þannig betur til móts við þann hóp sem lendir í vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum hér á landi,“ segir Daníel Þór að lokum.



Inga Þórsdóttir, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild

FÆRÐI ÍSLENSKUM UNGBÖRNUM JÁRN Í VÖGGUGJÖF

„Ég hef mjög breiðan áhuga á manneli og heilsu. Þegar ég kom til Íslands eftir doktorsnám í Svíþjóð sá ég að það þurfti að gera rannsóknir hér heima, bæði á mismunandi aldurshópum og á ýmsum sérhópum,“ segir Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði.

Á rannsóknarstofu í næringarfræði er unnið að rannsóknum sem varða mataræði og heilsufar fólks. Inga er forstöðumaður rannsóknarstofunnar og hefur stýrt fjölmörgum rannsóknarverkefnum hérlendis og erlendis. Hún var til að mynda verkefnastjóri í viðamikilli evrópski rannsókn sem gerð var á of þungu fólki á aldrinum 20–40 ára á tímabilinu 2006 til 2008.

„Fjögur lönd tóku þátt í rannsókninni sem byggðist á mjög stýrðri íhlutun í mataræði. Þátttakendur í rannsókninni skiptust í þrjá hópa sem fengu fisk eða lýsi og einn samanburðarhóp sem fékk ekkert sjávarfang. Hóparnir sem borðuðu sjávarfang misstu að meðaltali einu kíló meira á átta vikna tímabili en samanburðarhópurinn, en allir hóparnir fengu hóflega orkuskerfæði. Einnig kom í ljós að neysla á fiskafurðum ásamt megrunaræði minnkar blóðfitu,“ segir Inga.

Í annari rannsókn sem Inga stýrði árin 1995 til 1997 kom í ljós að járnþúskaþurungbarna var of lélegur. Rannsóknin byggðist á landsúrtaki ungbarna. „Í kjölfar þessara niðurstaðna voru gefnar út breyttar ráðleggingar um næringu ungbarna. Ungbörn voru svo mæld aftur árin 2005 til 2007 og þá var járnþúskaþurungurinn mun betri en áður og má ætla að ráðleggingar okkar hafi skilað sér.“

Ráðleggingarnar sem Inga og rannsóknarteymi hennar stuðluðu að, og gefnar voru út af Miðstöð heilsuverndar barna og Manneldisráði, sneru að nokkrum þáttum. „Áður tók kúamjólk við af brjósta- mjólk en núna er mælt með stoðmjólk, en hún er örflítið járnþúskaþur og hefur minna magn próteina en venjuleg kúamjólk. Stoðmjólk er íslensk mjólkur- afurð sem var þróuð af Mjólkursamsöluinni með okkar aðstoð og hana er nú hægt að kaupa úti í búð,“ segir Inga. Neysla C-vítamína hefur einnig aukist með aukinni ávaxta- og grænmetisneyslu ungbarna. „Járnþúskaþur skiptir miklu máli fyrir vöxt og þroska barna, meðal annars vitsmun- þroska. Hann þarf að vera þokkalega góður til að börn vaxi og dafni eðlilega.“

Inga er með sex doktorsnema á sínum snærum hérlendis og tvo erlendis. Hún er einnig formaður Manneldisráðs og leiddi rannsóknarhóp sem setti fram samnorrænar ráðleggingar um dagskammta. Má því segja að Inga sé önnur kafin, en borðar hún sjálf alltaf hollan mat? „Já, en hollt mataræði er ekki öll smáatriðin heldur heildarmyndin. Þetta voðalega stranga er ekki endilega best. Stöku „óhollusta“ er ekki svo óholl.“





GRUNNNÁM 2009–2010 HELSTU NÁMSLEIÐIR


Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Almenn trúarbragðafræði
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði
Atvinnulífsfræði
Austur-Asíufræði
Bókasafns- og upplýsingafræði
Danska
Eðlisfræði
Efnafræði
Efnaverkfræði
Enska
Félagsfræði
Félagsráðgjöf
Ferðamálafræði
Finnska
Fjármál
Fjölmíðlafræði
Fornleifafræði
Franska
Geislafræði
Gríska
Grunnskólakennarafræði
Guðfræði
Guðfræði – Djáknánám
Hagfræði
Hagnýt danska fyrir atvinnulífið
Hagnýt franska fyrir atvinnulífið
Hagnýt íslenska
Hagnýt ítalska fyrir atvinnulífið
Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið
Hagnýt þýska fyrir atvinnulífið
Heimspæki
Hjúkrunarfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Íslenska
Íslenska fyrir erlenda stúdenta
Ítalska
Íþrótt- og heilsufræði
Japanskt mál og menning
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Kennsluréttindánám
Kínverskt mál og menning
Klassísk fræði
Kvikmyndafræði
Kynjafræði
Landfræði
Latína


Leikskólakennarafræði
Listfræði
Lyfjafræði
Lífefnafræði
Lífeindafræði
Lífeindafræði
Líffræði
Líffræðileg mannfræði
Læknisfræði
Lögfræði
Mannfræði
Markaðsfræði
Matvælafræði
Menningarfræði
Miðaldafræði
Norska
Næringarfræði
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Reikningshald
Ritlist
Rómönsk mál
Rússneska
Safnafræði
Sagnfræði
Sálfræði
Sjúkraþjálfun
Skólasafnafræði
Spænska
Starfstengt nám fyrir fólk með þroskahömlun
Stjórn málafræði
Stjórnun og forysta
Stærðfræði
Sænska
Tannlæknisfræði
Tákn málsfræði
Tákn málsfræði og tákn málstúlkun
Tómstunda- og félagsmálafræði
Tölvunarfræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði
Uppeldis- og menntunarfræði
Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum
Upplýsingamiðlun
Vefstjórn
Vélaverkfræði
Viðskiptafræði
Þjóðfræði
Þroskaþjálfarafræði
Þýðingfræði
Þýska

 Félagsvísindasvið

 Menntavísindasvið

 Verkfræði- og náttúruvísindasvið

 Heilbrigðisvísindasvið

 Hugvísindasvið

MEISTARANÁM – DOKTORSNÁM – VIÐBÓTARNÁM

Almenn bókmenntafræði
Almenn málvísindi
Alþjóðasamskipti
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði
Blaða- og fréttamennska
Byggingarverkfræði
Bókasafns- og upplýsingafræði MLIS
Bókasafns- og upplýsingafræði
Danska
Djáknanám
Eðlisfræði
Eðlisverkfræði
Efnafræði
Enska
Ferðamálafræði
Félagsfræði
Félagsráðgjöf
Fjármál fyrirtækja
Fjármálhagfræði
Fjármálaverkfræði
Fornleifafræði
Franska
Fötlunarfræði
Geislafræði
Guðfræði
Hagfræði
Hagnýt jafnréttisfræði
Hagnýt menningarmiðlun
Hagnýt ritstjórn og útgáfa
Hagnýt þjóðfræði
Hagnýtt nám í þýðingum
Heilbrigðis- og lífsiðfræði
Heilbrigðisvísindi
Heilsuhagfræði
Heimspeki
Hjúkrunarfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Íslensk fræði
Íslensk málfræði
Íslenska
Íslenskar bókmenntir
Íþróttá- og heilsufræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Kennslufræði
Kennslufræði til kennsluréttinda
Kennsluréttindanáms
Kynjafræði
LL.M. Auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur
Landfræði
Líf- og læknávisindi
Lífefnafræði
Líffræði
Lífverkfræði
Ljósómöðurfraði
Lyfjafræði

Lyfjávísindi
Lýðheilsuvísindi
Læknisfræði
Lögfræði
Mannauðsstjórnun
Mannfræði
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
Matvælafræði
Matvælaverkfræði
MBA í viðskiptafræði
MPM í verkefnastjórnun
Menntastjórnun og matsfræði
Menntunarfræði
Miðaldafræði
Náms- og kennslufræði
Náms- og starfsráðgjöf
Norræn trú
Næringarfræði
Opinber stjórnáslá MPA
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Rafmagnsverkfræði
Reikningsskil og endurskoðun
Reikniverkfræði
Sagnfræði
Sálfræði
Sálfræði, Cand. psych.
Sérkennslufræði
Sérsvið hjúkrunar
Skattaréttur og reikningsskil
Spænska
Starfstengd siðfræði
Stjórn málafræði
Stjórnun og stefnumótun
Stærðfræði
Tannlæknisfræði
Tómstunda- og félagsmálafræði
Tungutækni
Tölvunarfræði
Tölvuverkfræði
Umhverfis- og auðlindafræði
Umhverfis- og náttúrusiðfræði
Umhverfisverkfræði
Uppeldis- og menntasálfræði
Upplýsingatækni á heilbrigðissviði MHI
Verkefnisstjórnun MPM
Vélaverkfræði
Viðskiptafræði
Viðskiptasiðfræði
Öldrunarfræði
Öldrunarfræði NordMaG, samnorrænt meistaranám
Öldrunarþjónusta
Þjóðfræði
Proskapjálfafræði
Þróunarfræði
Þýðingfræði
Þýska

Þetta eru helstu námsleiðir í boði. Innan þeirra geta verið margskonar kjörsvið. Allar nánari upplýsingar í Kennsluskrá á hi.is



SÓTT UM Í HÍ

Hvar?

Sótt er um nám á vefsetri Háskóla Íslands, hi.is. Þar eru rafræn umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir tilvonandi nemendur. Einnig má sækja um hjá Nemendaskrá á Háskólatorgi.

Hvenær?

Umsóknarfrestur í grunnám er 5. júní og verður auglýstur sérstaklega en í framhaldsnám er umsóknarfrestur breytilegur milli deilda. Oftast er fresturinn fram í miðjan apríl. Nánari upplýsingar fást hjá Nemendaskrá og deildum.

Hvaða skilyrði?

Almennt inntökuskilyrði er að nemendur hafi stúdentspróf af bóknaðsbraut eða annað sambærilegt próf frá erlendum skólum. Einstaka deildir gera þó aðrar kröfur og umsækjendur eru hvattir til að kynna sér inntökuskilyrði í einstakar námsleiðir. Allar nánari upplýsingar um inntökuskilyrði er að finna á heimasíðum deilda og hjá Námsráðgjöf.

SAMSTARF VIÐ KÍNA

Mikil gróska er í samstarfi Háskóla Íslands og kínverskra háskóla. Nýlega var hafin kennsla í kínversku og kínverskum fræðum við Háskóla Íslands og í fyrra var Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stofnuð við Háskólann en hún er styrkt af kínverskum stjórnvöldum. Þá er rannsóknasetur í Asíufræðum rekið við Háskólann í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Kínverjar sitja ekki auðum höndum þegar kemur að íslenskunni því þeir hafa nú hafið kennslu í henni. Beijing Foreign Studies University reið á vaðið með fjögurra ára námi í íslensku og hófu 16 nemendur nám nú í haust. Þegar Kristín Ingólfssdóttir rektor var á ferð í Kína í desember fékk hún að hlýða á söng kínversku íslenskumanna þar sem þeir fluttu jólalag. Lagið hljómaði einkar kunnuglega í eyrum Kristínar því nemendurnir kínversku sungu íslenska textann hátt og skýrt: „Ég sá mömmu kyssa jólasvein“ við mikinn fögnuð íslensku gestanna.

Í ferð sinni til Kína skrifaði Kristín undir samning við Peking-háskóla um gagnkvæmt samstarf háskólaanna um rannsóknir og kennara- og nemendaskipti. Peking-háskóli er flaggskip kínverskra háskóla og kröfuharðastur hvað varðar inntöku stúdenta. Eingöngu afburðanemendur eru teknir inn í skólann. Við útfærslu samstarfssamningsins er því tryggt að við stúdentskipti koma eingöngu afburðanemendur til Háskóla Íslands og jafnframt er nemendum sem fara frá HÍ til Kína tryggð afburðakennsla og aðbúnaður.

Íslenskir nemendur í Kína verðlaunaðir

Nærrí 10 íslenskir skiptinemar eru nú við nám í Kína en þeir hafa stundað kínverskunám við Ningbo-háskólann í Suður-Kína, sem er samstarfsháskóli Háskóla Íslands. Þessir nemendur



sýndu hvers þeir eru megnugir og tóku nýlega þátt í kínverskri hæfileikakeppni. Nemendurnir sungu kínverska ólympíulagið og hrepptu annað sætið í keppinni.

Háskólafréttir

1. tölublað: 31. árgangur, febrúar 2009.

Útgefandi:

Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands.

Ritstjóri:

Jón Örn Guðbjartsson.

Höfundar efnis:

Kristín Ása Einarsdóttir, Steindór Grétar Jónsson, Jón Örn Guðbjartsson, Sigurður Anton Ólafsson, Ása Kolka, Lovísa Árnadóttir, Ólafur Halldór Ólafsson, Sigurjón Ólafsson, Dagný Ósk Aradóttir, Guðrún Bachmann, Inga Einarsdóttir, Björg Sæmundsdóttir, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir, Stefán Helgi Valsson og Ása Baldursdóttir.

Lestur prófarka:

Áslaug J. Marinósdóttir, Jón Örn Guðbjartsson, Rut Gunnarsdóttir, Magnús Döðrik Baldursson og Sæunn Stefánsdóttir.

Ljósmyndir:

Kristinn Ingvarsson, Gunnar Sverrisson, Stefán Helgi Valsson, Jón Örn Guðbjartsson, Bjarni Grímsson, Gunnar Andrésón, Ragnar Axelsson, Jóra Jóhannsdóttir o.fl.

Birgir Ísleifur Gunnarsson, ljósmynd af rektor HÍ.

Hönnun og umbrot:

Tryggvi Ólafsson, tryggvio@gmail.com.

Mynd á forsíðu:

Bjarni Grímsson, umbrot: TBWA.

Upplag:

6.000 eintök.

Prentun:

Oddi ehf.

Prentað á vistvænan pappír.

Ef ritið er ekki varðveitt vinsamlegast skilið því til endurvinnslu að loknum lestri.

ISSN: 1670-2778

www.hi.is



Félagsstofnun stúdentanna

Félagsstofnun stúdentanna er þjónustufyrirtæki í eigu stúdentanna við Háskóla Íslands og er hlutverk FS fyrst og fremst að þjónusta háskólastúdentanna meðan á námi stendur. FS styrkir einnig starfsemi Stúdentaráðs og deildarfélög stúdentanna.

STARFSEMI FS:

BÓKSALA STÚDENTA - Hlutverk Bóksölu stúdentanna er að útvega stúdentum kennslubækur og önnur námsgögn á sanngjörnu verði.

KAFFISTOFUR STÚDENTA - Hlutverk Kaffistofa stúdentanna er að stuðla að heilbrigðu mataræði háskólastúdentanna með því að bjóða fjölbreytt og gott vöruúrval á lágmarksverði.

LEIKSKÓLAR STÚDENTA - Hlutverk Leikskóla stúdentanna er að stuðla að tryggja framboði leikskólarýma, öruggri vistun og framsækinni fræðslu fyrir börn háskólastúdentanna.

STÚDENTAGARÐAR - Hlutverk Stúdentagarða er að bjóða stúdentum við HÍ til leigu hentugt og vel staðsett húsnæði á sanngjörnu verði.

STÚDENTAMIÐLUN - Hlutverk Stúdentamiðlunar er að aðstoða stúdentanna við leit að störfum og verkefnum, við að útvega sér leigu-húsnæði á frjálsum markaði og að miðla og koma verkefnum, rannsóknnum og þekkingu á framfæri.

HÁMA - Háma er veitingastaður, kaffihús og bar og er staðsett í Háskólatorgi. Háma býður upp á hollan og góðan háskólamat en nafnið Háma er stytting á háskólamatur.

TÐWAÐREYKJAVÍK | SÍA | 094112



Þú þarft ekki heppni til að vinna!

Háskóli Íslands hefur um árabil sinnt því ábyrgðarhlutverki að hjálpa efnilegu fólki að leggja grunn að framtíðinni. Með þátttöku í Happraetti Háskólans leggja stúdentar ekki bara sitt af mörkum til uppbyggingar skólans heldur eiga um leið möguleika á vinningum sem geta létt verulega undir með þeim. Það skaðar heldur ekki að vinningslíkurnar eru hvergi meiri – það þarf ekki einu sinni heppni til að vinna.

Fáðu þér miða á hhi.is, hjá næsta umboðsmanni eða í síma 800 6611.



HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

